

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 26. janúar 2013 | 22. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

3 SÉRBLÖÐ

Atvinna | Ferðir | Fólk




HOLLT OG SÆTT 60



SÆTARI OG SKEMMTILEGRI 50



HERRATÍSKA HAUSTSINS 34



NIGEL QUASHIE

Ólst upp við nóturlegar aðstæður í Suður-London en notaði færni sína í fótbolta til að losna þaðan og lék með mörgum liðum í ensku úrvalsdeildinni. Í fyrra kom hann til Íslands, varð ástfanginn af landinu og er nú á leið til Bolungarvíkur. ► 24



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Netmarkaður
Forlagsins



www.forlagid.is
– alvöru bókabúð
á netinu

allt að
65%
afsláttur!



ÚTSÖLULOK
allt að 80% afsláttur
stóruísölu
Nýjar vörur • Rýmingarsala
byggð og búið | Kringlunni

Fjörug
og flott útsala

Opið til
18
í dag



Smáralind

SÍÐUSTU DAGAR

TILBOÐIN GILDA 26.01 - 31.01

ÚTSÖLUNNAR

**SPARIÐ
40.000**

FULLT VERÐ: 189.950

149.950

LUXURY TUNGUSÓFI

Fallegur, grár tungusófi með tauáklæði og krömfótum. Stærð: B291 x H 86 x D93 sm. Tungu: 154 sm. Hægt er að velja um tungu hægra eða vinstra megin. Stillanlegt bak við tungu.

VALTOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**100
KRÓNUR**



8 STK.



3 PÖR



**300
KRÓNUR**



GARÐINUSTÖNG



8 PÖR



3 STK.



5 PÖR



3 PÖR

NESTISFLASKA



**500
KRÓNUR**



FLÍSPONCHO



3JA HLUTA VEGGKLUKKA



2 STK.



FATAEFNI VERÐ FRÁ
500 KR. PR. MTR.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ VÖRUFRAMBOÐ GETUR VERIÐ MISMUNANDI Á MILLI VERSLANA

19.01.2013 → 25.01.2013

600 KRÓNUR

fundust í protabúi Sunds upp í 500 milljóna skuldir.



31%
Framsóknarmanna á skotvopn. Stuðningsmenn annarra flokka eiga minna.

ÍSLENDINGAR
ENDUÐU Í
12. SÆTI
Á HM Í HANDBOLTA
Á SPÁNI

HANDBALL
2013

28 MILLJARÐA KAUP íslenskra fjárfesta á meirihluta í Alterra Power, áður Magma Energy, eru runnin út í sandinn.

UM 50 MANN eru á lista yfir vitni í Al Thani-máli sérstaks saksóknara.

4 SITJANDI PINGMENN hafa yfirgefið Vinstri græna á kjörtímabilinu. Einn hefur bæst við á móti.

Áætlað er að íslenskur tónlistariðnaður tapi 300 milljónum á ári vegna ólöglegs niðurbætur.



MIKIÐ HÚS Húsið var tekið í gagnið árið 2003 og þótti heldur íburðarmikið.

Óstofnað félag á vegum Straums gerir kauptilboð:
Orkuveituhúsið selt á 5,1 milljarð

VIÐSKIPTI Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í gær 5,1 milljarðs króna kauptilboð í höfuðstöðvar fyrirtækisins að Bæjarhálsi. Það er 600 milljónum króna yfir bókfærðu virði hússins. Tilboðið var samþykkt með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitunnar.

Tilboðið kom frá Straumi fjárfestingabanka fyrir hönd óstofnaðs fasteignafélags. Í samþykkt stjórn Orkuveitunnar felst að Orkuveitan muni leigja húsið til tuttugu ára og fá forkaupsrétt að því eftir tíu ár og aftur við lok leigutímans.

Eurojackpot á Íslandi:
15 milljarðar í lottóvinning

HAPPDRÆTTI Íslendingar geta nú tekið þátt í lottóleiknum Euro-Jackpot þar sem lágmarksupphæð fyrsta vinnings er 10 milljónir evra eða 1,7 milljarðar króna.

„Fyrsti vinningur getur mest orðið 90 milljón evrur eða um 15 milljarðar króna,“ segir í tilkynningu frá Íslenskrari getspá. Röðin kostar 320 krónur og dregið er á föstudögum. EuroJackpot hófst í mars 2012 og er spilaður í þrettán öðrum Evrópulöndum.

LEIÐRÉTT

Í frétt á menningarsíðu í blaðinu í gær sagði að tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar væri hafin. Hið rétta er að hátíðin hefist í næstu viku.

VG fundar á Grand hóteli:
Hjörleifur yfirgefur flokkinn

STJÓRNMÁL Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður og iðnaðarráðgjafi, lýsti yfir úrsögn úr Vinstrihreyfingunni – grænu framboði á flokksráðsfundi á Grand hóteli í gær. Hann hefur verið í flokknum frá stofnun hans árið 1999.

Þegar Hjörleifur tilkynnti um úrsögn sína úr flokknum fór klíður um salinn og virtust margir gáttaðir á þessari ákvörðun hans.

Formaðurinn Steingrímur J. Sigfússon hafði fyrr um kvöldið gagnrýnt þá þingmenn sem hafa yfirgefið flokkinn á kjörtímabilinu.

Hann sagði að hefði þeim tekist að sprengja ríkisstjórnina hefðu mikilvæg mál á borð við rammaáætlun aldrei náð fram að ganga.

Rússar hreinsa til í Norður-Íshafinu

Nokkrir rússneskir kjarnorkukafbátar og verulegt magn af rússneskum kjarnorkuúrgangi er enn á hafsbótnei í Norður-Íshafinu. Rússar eru farnir að taka þennan vanda alvarlega og hyggjast hreinsa þetta hafsvæði eftir því sem unnt reynist.

RÚSSLAND Rússar ætla á þessu ári að kanna hvort hægt sé að lyfta kjarnorkukafbátinum K-27 upp af hafsbótnei þar sem hann hefur legið síðan 1982. Takist það verður reynt að fjarlægja úr honum geislavirkt úran sem er í kjarnaofni bátsins.

Frá þessu er skýrt á fréttasíðu breska útvarpsins BBC.

Meira en þrjú áratugir eru síðan K-27 sókk austan við eyjuna Novaya Zemlya í Norður-Íshafinu, en þar í hafinu í grennd eru einnig nokkrir staðir sem Rússar notuðu á tímabili til þess að henda kjarnorkuúrgangi.

Nokkur vestræn ríki hafa undanfarnin áratug aðstoðað Rússa við að fjarlægja kjarnorkueldsneyti úr kafbátum, sem sókk hafði verið í Norður-Íshafið við Kólaskaga, sem er nær Skandinavíu. Til þessa hefur hins vegar ekkert verið hreyft við kjarnorkuúrgangi austan við Novaya Zemlya, stórrí eyju sem Rússar notuðu auk þess á sínum tíma til að gera tilraunir með kjarnorkusprengingar ofan jarðar.

Rússneska orkufyrirtækið Rosneft og bandaríska orkufyrirtækið Exxon Mobil eru að kanna möguleikana á vinnslu olíu og gass úr hafsbótneinum í Kara-hafi, austur af Novaya Zemlya. Búast má við því að á næstu árum og áratugum aukist umsvif á þessum slóðum, ekki síst þegar greiðari umferð verður um Norður-Íshafið vegna hlýnunar jarðar og bráðunar hafis.

BBC hefur eftir Ingar Amundsen, sérfræðingi við norsku geislavarnarstofnunina, að Rússar séu nú loksins farnir að taka alvarlega þann vanda sem kjarnorkuúrgangur í hafinu skapar.

Kjarnorkukafbáturinn K-27 var tekinn í notkun árið 1962 en sex árum síðar



RÚSSNESKUR KJARNORKUKAFBÁTUR Kafbáturinn Kursk við höfn í Berentshafi, þar sem höfuðstöðvar norðurflota rússneska hersins eru. Þessi kafbátur fórst árið 2000 með 118 manna áhöfn.

varð bilun í honum með þeim afleiðingum að geislavirk efni láku úr öðrum kjarnaofni hans. Níu úr áhöfn hans létu lífið.

Báturinn var síðan formlega tekinn úr notkun árið 1979 og árið 1982 var honum sókk niður á 33 metra dýpi skammt út af austurströnd Novaya Zemlya.


Fleiri rússneskir kjarnorkukafbátar liggja enn á hafsbótnei í Barentshafi og Norður-Atlantshafi. Árið 2001 tókst þó að lyfta rússneska kjarnorkukafbátinum Kursk, sem fórst árið áður í Barentshafi með 118 manna áhöfn.

gudsteinn@frettabladid.is

4 rússneskir og sovéskir kjarnorkukafbátar hafa sokkið í Norður-Íshafinu. Einn hefur þegar verið dreginn á land. Það var K-141 Kúrsk en flak hans var sótt árið 2001 vegna hættu á kjarnorkuslysi.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



STORMUR Vaxandi vindur á landinu í dag og búist er við stormi um landið sunnan og vestanvert og í kvöld. Áfram hvöss norðaustan- og austan átt næstu daga með snjókomu eða slyddu víða um land en síst suðvestantil.

Alicante 20°	Billund -2°	Gautaborg -2°	London 5°	Orlando 24°	San Francisco 13°
Basel 2°	Frankfurt -1°	Kaupmannahöfn -2°	Mallorca 19°	Ósló -2°	Stokkhólmur -2°
Berlín -5°	Friedrichshafen 1°	Las Palmas 20°	New York -3°	París 4°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

Umsagnir
„Það opnast manni nýr heimur!“
„Frábært námskeið!“

VELLÍÐAN ÁN LYFJA
með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og þepurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluáðferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýttist vel samhliða annarri meðferð.

Kennarar:
Sigurbjörg J. Ludvígsdóttir og **Oddi Erlingsson**, sálfræðingar

Verð kr. 54.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga

Næsta námskeið hefst
mánudaginn 4. febrúar 2013

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar
frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

Skráning og fyrirspurnir í sínum 534 0110, 822 0043 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Sportlegur að framan
með 100 hjóðlát hestöfl
undir húddinu.

Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.



Mig langar í
svona.

ahh ... útblásturinn
aðeins 79g/km

Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósin stoppa og stara á hann renna hjóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðdáun meðan bensíndælnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hjóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútbæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.480.000 kr.

3,5l
/100km
SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

MINNA ELDSNEYTI

NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



**FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI**
M.v. blandaðan akstur

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla:

4,2 l/100 km*

**VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN**
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla:

4,6 l/100 km*

**SPARNEYTINN
SUBARU**
Ný vek, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensín, sjálfskíptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla:

6,6 l/100 km*

Velkomin í laugardagskaffi! Reynsluakstur í dag frá kl. 12–16.

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu úr salnum. **Allt að 80% fjármögnun til 84 mánaða frá Ergo.**

Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.



Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000

B|L



ICESAVE Íslendingar hafa komið þeim vilja skýrt á framfæri, í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum, að þeir telji sig ekki eiga að þurfa að greiða fyrir Icesave-málið. Á mánudag kemur í ljós hvort EFTA-dómstóllinn sé sammála þjóðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icesave-niðurstaða ekki meitluð í stein

Þótt Ísland tapi Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum á mánudag er alls óljóst hvaða áhrif það muni hafa. Óþekkt að ríki fari í skaðabótamál við önnur ríki. Vaxtakostnaður áætlaður 35 til 100 milljarðar króna. Sækja þyrfti bætur á Íslandi.

Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



EFTA-dómstóllinn mun kveða upp dóm í Icesave-málinu á mánudag, þann 28. janúar, klukkan 10.30 að íslenskum tíma. Niðurstaðan gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenska ríkið fari allt á versta veg.

Um hvað snýst málið?

Í raun mun EFTA-dómstóllinn kveða upp dóm um tvennt: annars vegar hvort að hinn íslenski Tryggingasjóður innstæðueigenda (TIF) hafi brotið gegn ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með því að greiða ekki út lágmarkstryggingu upp á 20.887 evrur til allra þeirra sem áttu innstæður hjá dótturfélögum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Samkvæmt EES hafa innstæðutryggingasjóðir eitt ár frá því að tryggingin á að taka gildi til að greiða hana út. Því hefur ætlað brot TIF staðið yfir frá því í október 2009.

Í öðru lagi snýst málalítilbúnaðurinn um hvort íslensk stjórnvöld hafi mismunað innstæðueigendum á grundvelli þjóðernis. Með setningu neyðarlaganna, og þeim aðgerðum sem ráðist var í á grundvelli þeirra, voru allar innlendar innstæður færðar til nýju bankanna. Þannig voru þær allar tryggðar upp í topp og íslenskir innstæðueigendur í Landsbankanum höfðu aðgang að sparifé sínu í nýja Landsbankanum, sem var reistur á rústum þess gamla.

Hollendingar og Bretar sem geymdu peninga sína inni á Icesave-reikningum fengu ekki nema hluta af innstæðum sínum greiddar í kjölfar hrunsins, og enginn hluti þeirrar greiðslu kom frá TIF. Hollensk og bresk stjórnvöld ákváðu að nota innstæðutryggingakerfi sín til að greiða út tæplega 1.100 milljarða króna til þeirra, sem var lágmarkstryggingin auk svokallaðar viðbótartryggingar (e. top-up) sem ákveðið var einhliða að greiða eftir hrúnið. Þetta dugði ekki til að gera upp við alla sem geymdu fé á slíkum reikningum, en þó að mestu.

Með því að íslensk stjórnvöld hafi tryggt allar innlendar inn-

Landsbankinn getur greitt Icesave

Nú liggur nokkuð ljóst fyrir að þrotabú gamla Landsbankans mun geta greitt öllum forgangskröfuhöfum sínum og gott betur. Alls var virði eigna búsin metið á 1.517 milljarða króna í nóvember 2012. Forgangskröfur í búið eru samtals 1.323 milljarðar króna. Því er til fyrir vel rúmlega þeirri skuld. Landsbankinn hefur þegar greitt út 677 milljarða króna til forgangskröfuhafa, eða rúmlega helming krafna þeirra. Af forgangskröfum eru kröfur tryggingasjóða innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi um 86 prósent. TIF er síðan í ábyrgð fyrir 647 milljörðum króna vegna lágmarkstryggingarinnar, eða um helmingi allra samþykkrta forgangskrafna.

stæður, en ekki þær sem voru í erlendum dótturfélögum, þá telja Hollendingar og Bretar að þau hafi brotið gegn ákvæðum sem heimila ekki mismunum á grundvelli þjóðernis. Fyrir þetta vilja ríkin að Ísland verði dæmt.

Hver er möguleg niðurstaða?

Til einföldunar þá er sú niðurstaða sem íslensk stjórnvöld geta átt von á tvíþætt: annaðhvort vinna þau málið eða tapa því. Ef málið vinnst þá mun þrotabú Landsbankans einfaldlega halda áfram að greiða út til kröfuhafa.

Tapist málið getur það þó gerst með ýmsum hætti. Á hádegisverðarfundum sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) stóðu fyrir á fimmtudag fóru Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður og aðstoðarmálflytjandi íslenska ríkisins í málinu, og Guðmundur Árnason, ráðuneyttisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, yfir málafelrin og möguleg áhrif af niðurstöðu dómsins. Í samantekt af fundinum sem Arion banki tók saman, og Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að þeir líti svo á að eðli tapsniðurstöðu skipti miklu máli. Það er hvort lítið verði á brotið sem alvarlegt eða veikt.

Ef málið tapast þá ber íslenskum stjórnvöldum í fyrsta lagið skylda til að lagfæra brotið, það er þann innri strúktúr sem brást. Í öðru lagi þurfa Bretar, Hollendingar og Íslendingar þá að leita sáttu um hvernig Íslendingar geri málið upp.

Gangi það ekki geta Bretar og Hollendingar höfðað mál á hendur íslenska ríkinu fyrir íslenskum dómstólum. Jóhannes tiltók þó á fundinum að það sé með öllu óþekkt að ríki fari gegn öðru ríki í skaðabótamáli.

1.323 milljarðar króna eru forgangskröfur í bú Landsbankans.

86 prósent er það hlutfall af forgangskröfum sem tryggingasjóðir Breta og Hollendinga eiga.

1.517 milljarðar króna er virði eigna Landsbankans.

677 milljarðar króna er sú upphæð sem þrotabúið hefur þegar greitt út til kröfuhafa.

35-100 milljarðar króna er sú upphæð sem Ísland þarf mögulega að greiða í vexti.

Hvað gæti þetta kostað?

Ef málið vinnst þá kostar það Ísland eðlilega ekkert. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur síðan sett fram nokkrar sviðsmyndir um áætlaðan kostnað sem gæti hugsanlega fallið á íslenska ríkið ef málið tapast. Í fyrsta lagi þyrfti ríkið þá mögulega að borga 647 milljarða króna auk samningsvaxtanna sem settir voru fram í síðasta Icesave-samningi sem var hafnað. Höfuðstóllinn myndi ríkið fá endurgreiddan úr þrotabúi Landsbankans en vextirnir yrðu á bilinu 35 til 100 milljarðar króna. Munurinn felst í mismunandi forsendum sem settar eru fram um gengi krónunnar. Þar er þó ekki gert ráð fyrir neinum skaðabótum. Miðað við skuldastöðu ríkissjóðs í dag myndi skuldastaða hans fara úr 81 prósent af landsframleiðslu í 83 til 87 prósent.


SJÖ LEIÐIR TIL ÁVÖXTUNAR

Lífeyrisauki

Lífeyrisauki er stærsti sjóður landsins sem býður eingöngu viðbótarlífeyrissparnað. Í Lífeyrisauka eru sjö ávöxtunarleiðir í boði.

Sjö fjárfestingarstefnur sem henta ólíkum þörfum.

Skoðaðu hvaða leið hentar þér á www.arionbanki.is/lifeyrisauki eða sendu okkur póst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is og fáðu að vita hvað Lífeyrisauki getur gert fyrir þína framtíð.



ÁVÖXTUN LÍFEYRISAUKA

■ Nafnávöxtun 2012

■ 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 31.12.2007 - 31.12.2012

Tekjur Man. Utd og Haga svipaðar

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte birti á fimmtudag árlega skýrslu sína um tekjur stærstu knattspyrnuliða heims. Spænsku risarnir Real Madrid og Barcelona tróna á toppi tekjulistans fjórða árið í röð en tekjur knattspyrnurisanna eru svipaðar tekjum íslenskra stórfyrirtækja.

VIÐSKIPTI Tekjur stærstu knattspyrnuliða heims eru svipaðar tekjum stærstu skráðu fyrirtækja Íslands. Árlegar rekstrartekjur Marel og Icelandair Group eru öllu meiri en rekstrartekjur Real Madrid og Barcelona og þá eru tekjur Haga svipaðar og tekjur Manchester United.

Þetta leiða lauslegir útreikningar blaðamanns í ljós sem byggja á ársreikningum íslensku fyrirtækjanna og nýjustu útgáfu knattspyrnskýrslu endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte.

Deloitte gefur á ári hverju út skýrslu þar sem fyrirtækið reynir að varpa ljósi á getu stærstu knattspyrnuliða heims til þess að skapa tekjur. Nýjasta útgáfa skýrslunnar kom út á fimmtudag og tróna spænsku risarnir Real Madrid og Barcelona á toppi tekjulistans fjórða árið í röð. Í hópi tuttugu tekjuhæstu liða heims eiga Englendingar þó flesta fulltrúa, eða sjö lið.

Tekjur toppliðsins Real Madrid, sem var á toppi tekjulistans áttunda árið í röð, námu 512 milljónum evra, jafngildi tæplega 90 milljarða íslenskra króna, á síðasta tímabili.

Tekjur erkióvina þeirra í Barcelona voru aftur á móti 483 milljónir evra en þessi tvö lið hafa verið í sérflokk á tekjulistanum síðustu ár.

Í þriðja sæti var enska stórlíðið Manchester United með 396 milljónum evra tekjur og í því fjórða þýska stórveldið Bayern Mün-

Meiri tekjur hjá Marel og Icelandair

Til að fá tilfinningu fyrir umfangi rekstrar stærstu knattspyrnuliða heims má bera þau saman við stærstu skráðu fyrirtæki Íslands. Hlutabréfavisitalan OMXI6 er samsett úr sex stærstu fyrirtækjunum í Kauphöll Íslands en þau eru Marel, Icelandair Group, Hagar, Össur, Eimskip og Reginn sé þeim raðað eftir rekstrartekjum á síðasta rekstrarári. Séu tekjur þessara sex fyrirtækja bornar saman við tekjur sex ríkustu knattspyrnuliða heims kemur eftirfarandi mynd í ljós:



Knattspyrnulið og íslensk fyrirtæki

Lið/fyrirtæki	Tekjur í milljónum króna
Marel	115.913 (2011)
Icelandair Group	96.900 (2011)
Real Madrid	88.796 (2011/12)
Barcelona	83.559 (2011/12)
Manchester United	68.660 (2011/12)
Hagar	68.500 (2011/12)
Bayern München	63.892 (2011/12)
Chelsea	55.949 (2011/12)
Össur	51.706 (2011)
Arsenal	50.347 (2011/12)
Eimskip	33.577 (2011)
Reginn	4.945 (2011)

chen með tekjur upp á 369 milljónir evra. Önnur félög á listanum voru með tekjur á bilinu 115 til 323 milljónir evra en næst á eftir Bayern koma ensku liðin Chelsea, Arsenal og Manchester City og ítalska liðið AC Milan.

Tekjur þessara stærstu knattspyrnuliða heims hafa vaxið hratt

á síðustu árum þrátt fyrir veikleika í helstu hagkerfum Evrópu og nam tekjuvöxturinn 10% á síðasta tímabili. Öll tuttugu ríkustu félög heims eru frá fimm ríkjum í álfunni; sjö eru frá Englandi, fimm frá Ítalíu, fjögur frá Þýskalandi, og tvö hvort frá Spáni og Frakklandi.

Stærstu knattspyrnuliðin utan Evrópu hafa hins vegar færst nær tekjulistanum á síðustu árum og er brasilíska liðið Corinthians næst því að komast á listann með 94 milljónum evra tekjur.

Sérfræðingar Deloitte telja þó líklegt að það verði frekar ensk lið sem komist ný inn á listann á

næstu árum og skiptir þar mestu nýr sjónvarpssamningur um útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni sem er sá stærsti sinnar tegundar frá upphafi. Er því ekki talið ósennilegt að ensk lið skipi helming sæta á listanum á næstu árum.

magnus@frettabladid.is



REAL MADRID Spænsku meistarnir hafa verið tekjuhæsta knattspyrnulið heims síðustu átta ár. Ensk lið eru þó fjölmennust í hópi tuttugu ríkustu liða heims. MYNDI/GETTY



HYUNDAI
NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

GERÐU GÓÐ KAUP!

ÞÆSTU DAGA SELJUM VIÐ ÞOKKRA SÝNINGAR-
OG REYNSLUAKSTURSBÍLA MEÐ **VERULEGUM AFSLÆTTI!**



UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Verið velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kaupþúni 1 er opið frá 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.



HYUNDAI

Kaupþúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.



4,4 g sykur í 100 g

Trefjaríkt

Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.



10 g trefjar í 100 g

Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.



68,6 g kolvetni í 100 g

Hvað er Weetabix?

Heilkorna

Allir kostir kornsins nýttir. Hvert lag kornsins inniheldur næringarefni sem eru líkamanum nauðsynleg.



95% heilkorna



Vítamín og steinefni

Inniheldur mikilvæg vítamín, steinefni og járn sem eru nauðsynleg fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs líkama.



Próteinríkt

Prótein byggja m.a. upp og endurnýja vöðvavefinn, styrkja ónæmiskerfi líkamans og flytja næringarefni inn og út úr frumum.



11,5 g prótein í 100 g

ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringarríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.



Nöfn nýfæddra Norðmanna: Nora og Lucas vinsæl í Noregi

NOREGUR Vinsælasta stúlkunafnið í Noregi í fyrra var Nora og vinsælasta drengjanafnið var Lucas.

Nora skákaði þarna Emmu úr toppsætinu að því er segir í frétt Dagbladet. Nora hefur klifið listann síðustu ár, en Emma er vinsælasta nafnið frá aldamótum.

Lucas hefur hins vegar haft mikla yfirburði hjá drengjum síðustu ár og gerir enn. Spútniknafnið er þó Matheo sem er orðið eitt hið vinsælasta, einungis áratug eftir að það kom fyrst fram.

Andreas Georgiou sætir ákæru fyrir að falska kolsvartar krepputölur Grikkja árið 2009:

Ákærður hagstofustjóri neitar að víkja

GRIKKLAND Gríska hagstofustjórinn, Andreas Georgiou, sætir nú miklum þrýstingi frá undirmönnum sínum um að segja af sér. Hann verður ákæru fyrir að falska tölfræðiupplýsingar um efnahag landsins og það þykir rýra traust stofnunarinnar. Hann neitar hins vegar að víkja.

Ákæran er á hendur honum og tveimur öðrum starfsmönnum ELSTAT, hagstofu Grikklands. Hún snýr að því að þeir hafi vísitandi falsað gögn fyrir árið 2009 í því skyni að láta kreppuna þar í landi virðast mun dýpri en hún í raun var og reka Grikki með því í fangið á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Að baki

þyr sú kenning að allt hafi þetta verið sam-særi Þjóðverja til að réttlæta þau ströngu efnahagslegu skilyrði sem fylgdu björgunarpakkanum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Bæði gríska ríkið og Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins, hafa verið Georgiou og sagt að útreikningar ELSTAT hafi verið í samræmi við þeirra staðla, þótt það sé víðurkennt að í þeim hafi verið skekkjur.

Verði Georgiou fundinn sekur á hann yfir höfði sér minnst fimm ára fangelsi.

MIKIL ÓLGA Grikkir fóru mjög illa út úr heimskreppunni og ástandið þar var eldfimt um langa hríð.

NORDICPHOTOS/AFP



UMHVERFISSTOFNUN

Landvarðanámsskeið

Skemmtileg störf í náttúru Íslands

14. febrúar til 10. mars

Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá nánar á umhverfisstofnun.is

Umsóknum skal skilað bréflaga til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða í tölvupósti á netfangið ust@ust.is fyrir 8. febrúar 2013. Í umsókn komi fram nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1993 eða fyrr.

Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi.

Egyptar minnst þess að tvö ár eru frá því uppreisnin gegn Mubarak hófst:

Fjöldi manns mótmælir í Kaíró

EGYPTALAND, AP Á annað hundrað manns særðust í átökum í Kaíró í gær. Átökin tengdust mótmælum sem stjórnarandstæðingar efndu til í tilefni þess að tvö ár voru liðin frá því uppreisnin gegn Hosni Mubarak hófst.

Tugir þúsunda tóku þátt í mótmælunum og sýndu óánægju sína með þá stjórn sem nú er við völd og tengist Bræðralagi múslíma nánnum böndum.

„Í dag heldur egypska þjóðin áfram byltingu sinni,“ sagði Hamdeen Sabahi, sem varð þriðji í forsetakosningunum síðastliðið sumar.

Annar af helstu leiðtogum stjórnarandstöðunnar, Mohammed El Baradei, tók einnig þátt í mótmælunum og hvatti Egypta til að halda áfram þeirri byltingu sem hófst fyrir tveimur árum.



ÁTÖK Í KAÍRÓ Að nokkru snerist mótmælafundurinn upp í átök við lögreglu.

NORDICPHOTOS/AFP

Óánægjan beinist ekki síst að stjórnarskránni, sem Mohammed Morsi forseti og íslamistaflokkur hans hröðuðu í gegnum þingið í desember.

Morsi er gagnrýndur fyrir að haga sér eins og Mubarak gerði, en sjálfur segist Morsi vera að tryggja að markmið byltingarinnar náist.

-gb

www.volkswagen.is



Volkswagen Caddy

Mest seldi atvinnubíll ársins 2012

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseginnleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvéllum frá framleiðanda.

Staðalbúnaður í Caddy er: Hliðardyr báðum megin, tvískipt afturhurð, rúðuþurrkur á afturrúðum, hiti í afturrúðu, lokað skilrúm milli farþega- og flutningsrýmis, ABS-bremsuvörn, ESP-stöðugleikastýring og spólvörn, hæðarstillanlegt öikumannssæti, rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar, hæðarstillanlegt öryggisbelti, velti- og aðdráttarstýri, gúmmídukur í farþegarými, loftpúði, útlarp með geislaspilara, útihitamælir, klukka, glasahaldari, fjarstýrðar samlæsingar og stórt geymslurými fyrir ofan bílstjóra.

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
(2.462.151 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Söluáðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

TIL HAMINGJU VILBORG!

Jákvæðni, áráðni og hugrekki þitt skilaði þér á Suðurláttinn.
Michelsen úrsmiðir þakka þér frábært samstarf.



„Úrið reyndist mjög vel. Ég hengdi það jafnan
framan á mig á morgnana með áttavitanum svo
það var berskjaldað í öllum veðrum og vindum“.

- Vilborg Arna Gissurardóttir.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Uppbygging atvinnulífsins

Þegar ríkisstjórn Samfylkingar og VG tók við stjórn landsins fyrir hartnær fjórum árum voru atvinnumálin þegar sett í forgang. Þörfin var enda brýn, eftir fordæmalaust hrun í íslensku hagkerfi þar sem 15-20 þúsund störf töpuðust. Síðan þá hefur atvinnuleysi minnkad um helming og hefur atvinnulausum fækkað um meira en 10.000. Nú eru fleiri starfandi konur en voru fyrir hrun og er atvinnuþáttaka á Íslandi ein sú mesta í heimi.

ATVINNA



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra Önnur grein

græna hagkerfið. Grænn fjárfestingarsjóður verður settur á fót með hálfum milljarði úr að spila á þessu ári og 1,3 milljarðar króna fara í stærstu opinberu rannsóknasjóðina, sem er um tvöföldun á fyrri framlögum.

500 milljónir í uppbyggingu

Ferðabjónustan hefur vaxið hratt á kjörtímabilinu en hún aflar mikilvægs gjaldeyris og skapar fjölda starfa.

Um fimmtungi fleiri ferðamenn komu til landsins í fyrra en árið áður, ekki síst vegna árangursríks markaðsstarfs ferðabjónustunnar og stjórnvalda undir yfirskriftinni „Inspired by Iceland“. Samkvæmt fjárfestingaráætluninni mun hálfur milljarður renna í uppbyggingu ferðamannastaða á þessu ári og á grundvelli hennar verður einnig unnt að hefja framkvæmdir við Norðfjarðargöng á árinu. Þá hefur verið undirritaður 8,7 milljarða króna lánasamningur vegna framkvæmdar við jarðgöng undir Vaðlaheiði. Nýver-

ið var enn fremur samþykkt að verja 400 milljónum króna í sóknaráætlanir sem skiptast milli átta landshluta.

Fleiri flytja til landsins

Atvinnumálin eru og hafa verið forgangsmál þessarar ríkisstjórnar. Árangurinn sjáum við í viðvarandi hagvexti, fjölgun starfa, lækkun atvinnuleysis og bættum hag launafólks. Í síðustu viku birtist enn einn ánægjulegur vitnisburður þess að við séum farin að sjá til lands. Í fyrsta sinn frá hruni er fjöldi þeirra sem flytjast

→ Árangurinn sjáum við í viðvarandi hagvexti, fjölgun starfa, lækkun atvinnuleysis og bættum hag launafólks.

til landsins mun meiri en þeirra sem flytja frá landinu og í fyrsta sinn frá hruni fluttu fleiri íslenskir ríkisborgarar til landsins en frá því. Má telja það meðal ánægjulegustu merkja um bata íslenska hagkerfisins og aukna bjartstýni enda eru hagvaxtarhorfur betri hér á landi en víðast hvar í hinum vestræna heimi.

Atvinnuvegafjárfesting á uppleið

Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand um allan heim hefur hagvöxtur verið viðvarandi á Íslandi undanfarin rúm tvö ár og það umtalsvert hærrí en í flestum okkar helstu samanburðarlöndum.

Fjárfesting í hagkerfinu er nú um 15% af landsframleiðslu en sameiginlegt markmið aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda hefur verið um 20% og þangað eigum við að sjálfsgöðu að stefna. Það er ánægjulegt að atvinnuvegafjárfestingin er á uppleið og nálgast nú 30 ára meðaltal. Þetta hefur ekki gerst af sjálfu sér.

Fjárfest fyrir um 200 milljarða

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir margvíslegum atvinnuskapandi verkefnum á kjörtímabilinu, bæði almennum og sértækum. Þúsundir starfa hafa þannig skapast hjá iðnaðarmönnum á grundvelli átaksins „Allir vinna“ og á grundvelli laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga hafa þegar verið undirritaðir stórir fjárfestingarsamningar. Samtals er þar um 1.300 ársverk að tefla og samanlagt nema fjárfestingarnar í öllum verkefnum 180 til 200 milljörðum króna.

Orkuöflun og skapandi greinar

Stækkun álversins í Straumsvík skiptir einnig miklu máli en nú er auk þess unnið að framkvæmdum við Búðarhálsvirkjun og stækkun Kárahnjúkavirkjunar með framkvæmdum við Sauðárveitu. Landsvirkjun hefur einnig unnið að ýmsum undirbúningsverkefnum vegna fyrirhugaðra virkjana í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum en í kjölfar alþjóðlegs útboðs var gerður 2,9 milljarða kr. samningur um ráðgjöf við hönnun og gerð útboðsgagna. Þá eru fjölmörg önnur fjárfestingarverkefni í vinnslu eða þegar hafin, s.s. við gagnaver, fiskeldi, kísilver og önnur mannfrek verkefni. Lög um endurgreiðslu skatta vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar hafa einnig reynst okkur vel og stuðlað að vexti fjölmargra fyrirtækja, ekki síst sprotafyrirtækja í hugbúnaðargeiranum.

Þúsundir nýrra starfa

Á þessu ári verður yfir 10 milljörðum varið til sérstakra fjárfestingarverkefna samkvæmt fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Áætlunin á að örva hagvöxt og fjölbreytni í atvinnulífi sem styðst við hugvit og nýsköpun, en á þremur árum má reikna með að hún skapi allt að 4.000 bein störf og enn fleiri óbein. Fjárfestingaráætlunin er liður í nýrri sókn eftir efnahagshrunið og er ætlað að treysta innviði og vöxt samfélagsins, ekki síst skapandi greinar í gegnum Kvikmyndasjóð og Verkefnasjóð skapandi greina og

Drífandi vinnufélagi

Við frumsýnum nýjan Mercedes-Benz Citan í dag kl. 12-16

Nýr Mercedes-Benz Citan er kröftugur liðsaki í vinnubílaflotann og svarar eftirspurn eftir hágæðabil á samkeppnishæfu verði í sínum stærðarflokki. Allt að 800 kg burðargeta. Eyðir frá 4,6 l/100 km í blönduðum akstri. Verð frá 2.780.876 kr. án vsk.

Komdu í Öskju og reynsluaktu nýjum Mercedes-Benz Citan milli kl. 12 og 16.



Mercedes-Benz
Vans. Born to run.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
heilbrigðum lífinum

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

GERÐU
FRÁBÆR
KAUP

LOKAHE ÚTSÖLULO

KAFFIKANNA 8 bolla **KR. 10.392**
Fullt verð 12.990



EILEEN
kaffikönnur og tekanna.

KAFFIKANNA 4 bolla **KR. 7.192**
Fullt verð 8.990



TEKANNA **KR. 8.792**
Fullt verð 10.990

PAVINA kaffiglös með
tvöföldu gleri, haldla heitu
og köldu, 2 stærðir



RÚMFÖT **KR. 12.792**
Fullt verð 15.990



2.792 KR. minna
Fullt verð 3.490
3.592 KR. stærra
Fullt verð 4.490

PÚÐAR **KR. 6.392**
Fullt verð 7.990



**20-70%
AFSLÁTTUR**

**ÖLL
SMÁVARA**



3 SÆTA
159.990
VERÐ: 229.990

2 SÆTA
139.990
VERÐ: 199.990

STÓLL
118.980
VERÐ: 169.990

Broyhill
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERIKU



3 SÆTA
114.995
VERÐ: 229.990

2 SÆTA
104.995
VERÐ: 209.990

**30%
AFSLÁTTUR**

**50%
AFSLÁTTUR**

TRAVIS Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 225 D: 95 H: 80 cm.
2ja sæta B: 170 D: 95 H: 80
Stóll B: 112 D: 95 H: 80

MODENA Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 220 D: 90 H: 80 cm.
2ja sæta B: 160 D: 90 H: 98



139.990
VERÐ: 199.990



TANA
hægindastóll. Fáanlegur rauður, hvítur og svartur



**30%
AFSLÁTTUR**

Slinky er einnig
fáanlegur hvítur.



55.992
VERÐ: 69.990

**20%
AFSLÁTTUR**

SLINKY
legubekkur
krómlappir,
litur svartur,
hvítur og grár.



**20%
AFSLÁTTUR**

LA-Z-BOY
ASPEN La-z-boy stóll.
Svart leður á
slitflötum.

**HM
LA-Z-BOY**
Tilboð á La-z-boy
í tilefni HM í
handbolta



ARINN ELISE
Mahogany og antik hvítur
B:93 D:28 H:78 cm

69.990
FULLT VERÐ 99.990

realflame



**40%
AFSLÁTTUR**

13.990
VERÐ: 23.990

ANNABELLA
borðstofustóll.
Svart, leður.

ALLT AÐ OK 70% AFSLÁTTUR

IDdesign

LA Z BOY

Broyhill

LAUREN
RALPH LAUREN

bodum

rödahl

%
UR



30%
AFSLÁTTUR

CELICO tungusófar (hægri og vinstri). Stærð: 245 x 90 x 160 (tungu) H 85 cm. Svart eða ljóst slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd CELICO hnakkapúði. Fullt verð 19.900. TILBOÐSVERÐ 13.990

159.990

FULLT VERÐ 229.990

36%
AFSLÁTTUR



UMBRIA tungusófi XL. B: 305 D: 90/160 H: 85 cm. Leður allan hringinn

299.990

VERÐ: 469.990

IBIZA borðstofuskápur. B: 110 D: 45 H: 190 cm. Hvít eða grá oliuborin eik

149.990

VERÐ: 229.990

19.790

VERÐ: 65.990

LINEA borðstofuborð. B: 90 L: 180 H: 75 cm. Hvítlakkaður viður.

34%
AFSLÁTTUR



20%
AFSLÁTTUR

15.992

VERÐ: 19.990

HOT barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.



25%
AFSLÁTTUR

ANDREW borðstóll. Svart, brún og hvítt leður.

14.990

VERÐ: 19.990

70%
AFSLÁTTUR

AF LINEA BORDI



OPNUNARTÍMI
UM HELGINA
LAU. 10-18
SUN. 13-18
VERTU VELKOMIN/N

HÚSGAGNAHÖLLIN

0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða



HONDA
The Power of Dreams

SÍÐUSTU EINTÖKIN

CR-V LIFESTYLE

2012 ÚTLIT

2.0i bensínvél	Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- einnig fáanlegur með 2.2i dísilvél	Hljómflutningstæki með geislaspilara og
Sjálfskiptur	RDS útvarpi ásamt 6 hátölurum
Fjór hjóladrifinn	Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
18" álfelgur	AUX, USB og iPod tengi
Alcantara leðurinnrétting	Hiti í sætum
Leðurklætt stýri	Hemlalæsisvörn (ABS)
Rafstýrðir, upphitaðir og	Stöðugleikabúnaður (VSA)
aðdraganlegir hliðarspeglar	Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Rúðupurrkur að framan með regnskynjara	Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Þokuljós að framan	Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu	Tvöfaldir SRS loftpúðagardínur
Skriðstillir (Cruise Control)	og margt fleira.
Tvöföld tölvustýrð loftkæling	



listaverð kr. 6.390.000


tilboðsverð kr. 5.690.000

afsláttur kr. 700.000

Einungis örfáir bílar í boði

Skráðir 2013, ókeyrðir og næsta skoðun 2017

Tökum notaða bíla upp í og allt að 75% fjármögnun í boði



Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhófa 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

ORÐ VIKUNNAR

19.01.2013 → 25.01.2013

fátækt einstaklingar
Útlendingastofnun
þjónusta saga vinna Seralini EFSA
þjóðin lög ábyrgð börn
Eyjarnir störf öryggi kyn ár
Ísland
verkefni Evrópu leita Píratar
forstjóri upplýsingar
áfram konur
Pýskaland Frakkland

UMMÆLI VIKUNNAR

„Seinna heyrðum við að það hefðu margir vitað af þessu og ég velti því fyrir mér af hverju enginn sagði neitt.“

Stefán Torfi Sigurðsson, stjúpaðir manns sem kveðst hafa verið misnotaður á unglingsárum af Gísla Hjartarsyni á Ísafirði - DV.



„Það hefur aldrei komið svona áður, þetta er með ólíkindum.“

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, um holskeflu barnaníðingsmála - Fréttablaðinu.

„Staðan er mjög erfið vegna þess að málin eru að safnast upp og við höfum ekki undan að afgreiða þau.“

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari er í miklum önnum þessa dagana vegna kynferðisbrota gegn börnum - Fréttablaðinu.

Endurreisn á forsendum jöfnuðar

Síðustu fjögur ár hafa verið ár endurreisnar, ár varnarbaráttu í íslensku samfélagi. Fram undan er uppbygging og það er okkar að tryggja að hún verði á öðrum og breyttum forsendum en fyrir hrun. Það er okkar að tryggja að hún verði á grundvelli hagsmuna fólksins í landinu. Þjóðin þarf að vera viss um að við stjórn landsins séu almannahagsmunir ávallt teknir fram yfir sérhagsmuni, lýðræðið eflt og áhrif fólks á eigið líf aukin.

STJÓRN MÁL



Guðbjartur Hannesson
Velferðarráðgjafi og formannsframþjóðandi í Samfylkingunni

→ Við eigum að horfa til þeirra samfélaga sem næst okkur standa ...

markaðurinn er þjónn ekki húsbóndi og bundinn skýrum leikreglum. Ísland á að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og aðili að samstarfi Norðurlandabjórða og Evrópuþjóða.

Við eigum að vera óhrædd við að horfa til nágrannaþjóða okkar eftir hugmyndum og lausnum og nýta okkur reynslu þeirra til að byggja hér upp öflugt og réttlátt samfélag til framtíðar.

Við eigum að horfa til þeirra samfélaga sem næst okkur standa og hafa ekki aðeins reynst sterkustu velferðarsamfélög heimsins heldur jafnframt þau samkeppnishæfustu. Þar eru þær fyrirmyndir sem við eigum að sækja, samfélög sem byggja sterka stöðu sína á trausti, jöfnuði og jafnrétti.

Aukin fjárfesting í íslensku atvinnulífi og bætt samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs eru brýnustu verkefni næstu ára. Stjórnvöld þurfa að búa fyrir tækjum stöðugt starfsmhverfi, styðja við nýsköpun í öllum greinum og vinna að því að menntakerfið og atvinnulífið styðji hvort við annað. Góð almenn menntun, hugvit og sérþekking á sem flestum sviðum er ein af lykilforsendum þess að atvinnulífið blómstri en síðast ekki síst þarf að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og örugga hagstjórn.

Við í Samfylkingunni getum stolt farið í kosningabaráttu með okkar stefnu, árangurinn sem þegar hefur náðst og þann einbeitta vilja okkar að halda áfram að berjast fyrir því að íslenskt samfélag verði sniðið að þörfum fjölskyldna í landinu með jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi.

Fækkum ekki valkostum

Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkur landsins sem hefur skýra sýn á það hvornig haga skuli sambandi Íslands við umheiminn og afnámi gjaldeyrishaftanna. Með því að taka upp evru og uppfylla þær kröfur um stjórn ríkisfjármála og fjármálamarkaða sem Evrópusambandið vinnur að, er þjóðinni tryggður traustur gjaldmiðill til frambúðar. Með því lækka vextir, hagur neytenda vænkast og samkeppnishæfni atvinnulífs batnar. Aðeins með nýjum gjaldmiðli skapast tækifæri til að koma lánamálum heimila og fyrirtækja í eðlilegt og varanlegt horf, með skilmálum og vaxtakjörum sem standast samanburð við það sem í boði er í nágrannaríkjum okkar, meðal annars með endanlegu afnámi verðtryggingar.

Hér er um mikilvægt hagsmunamál íslensku þjóðarinnar að ræða. Alþingi ákvað að hefja aðildarviðræður, þeirri samþykkt ber að fylgja eftir til enda og að þeim loknum er íslenska þjóðin ein til þess bær að taka ákvörðun. Það er mín skoðun að við stjórnarmyndunarviðræður þá eigi Samfylkingin að tryggja að þessi lýðræðisréttur þjóðarinnar verði ekki af henni tekinn.

Í hópi norræna velferðarríkja Ísland á að vera opið samfélag, með frjálsu hagkerfi, þar sem

ÚTSALA!

25 - 50% AFSLÁTTUR



Bókahillur og húsgögn frá Boknäs - endalausir möguleikar!



HEIMA HÚSIÐ

ATH. 10% afsl. af kertum og hreinsivörum.
25 - 50% afsl. af öðrum vörum.

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

Skodun visir.is

4.698 👍

LAUGARDAGUR 20. JANÚAR

Til þeirrar sem sagði að ég þyrfti „að passa fituprósentuna“
Tara Margrét Vilhjálmsdóttir meistaranemi

947 👍

MÁNUDAGUR 21. JANÚAR

Krónublinda

Pórður Snær Júlíusson leiðarahöfundur

800 👍

FIMMUDAGUR 24. JANÚAR

Pema: Bull

Pórður Snær Júlíusson leiðarahöfundur

761 👍

MÁNUDAGUR 21. JANÚAR

Meiri sykur

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra

487 👍

MIÐVIKUDAGUR 23. JANÚAR

Ferðaglaðir hælisleitendur og aðrar útlenskar afætur

Tatjana Latinovic, í samtökum kvenna af erlendum uppruna

429 👍

MIÐVIKUDAGUR 23. JANÚAR

Kort af Íslandi fyrir alla

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra

Rótarmeinið mikla

Ísland hefur náð miklum árangri undanfarin ár en við vitum líka að enn er margt óunnið. Horfum til þess vanda sem bíður: Kaupmáttar, skuldastöðu, stöðu lífeyrisþega sem geta ekki aukið tekjur sínar með því að bæta við sig vinnu, húsnæðislausna ungs fólks og þeirrar lykilsþurningar af hverju sjálfbær hagvöxtur og fjárfesting lætur á sér standa.

Það merkilega er að ein og sama orsökina bakar allan þennan vanda og kemur í veg fyrir úrlausn hans. Það er eitt og sama rótarmeinið: Hið úrsérgengna hagkerfi krónunnar.

Gengisfelling er arðrán

Gengisfallið árið 2008 rýrði kjör okkar og færði skuldastöðuna í hæðir sem við höfðum aldrei gert ráð fyrir. Gengisfallið var vissulega á sinn hátt aðferð til að ná fram efnahagslegum viðsnúningi sem við höfum síðan notið en það gerði bara eitt: Það lækkaði í einni svipan laun landsmanna. Það er þessi aðferð við efnahagslegan viðsnúning sem forystumenn gömlu kerfisflokkanna – Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og VG – mæra við hvert tækifæri og forsetinn lofsungur í Davos.

Þessi íslenska aðferð byggir ekki á neinni efnahagssnilli. Hún skapar engin verðmæti. Hún felur bara í sér einfalt gamaldags arðrán. Krónan gerir ráðandi óflum kleift að lækka launin okkar án þess að við fáum rönd við reist. Það er nú öll snilldin.

Áskrift að skuldavanda

Með sama hætti hækkar krónan skuldir okkar. Skuldavandinn er bein og óhjákvæmileg afleiðing krónunnar. Þeir sem ekki vilja skipta um gjaldmiðil eru að biðja um að vera áskrifendur að skuldavanda með reglulegu millibili.

Gengisfallið rýrði kjör lífeyrisþega. Þótt núverandi ríkisstjórn hafi staðið vörð um kaupmátt lífeyrisþega og sett hækkun lægstu bóta í forgang hefur hann samt rýrnað. Það er gömul saga og ný að engir tapa meira á verðbólgu og gengissveiflum en lágtækjufólk og lífeyrisþegar. Það virðist torlærð lexía á Íslandi og í öllu falli virð-

STJÓRN MÁL



Árni Páll Arnason
þingmaður og formannsframbjóðandi í Samfylkingunni

ist forysta kerfisflokkanna ónæm fyrir þeim sannindum.

Landsbyggðin tapar

Með sama hætti valda gengissveiflur og verðbóluskot miklum vanda fyrir atvinnulíf í hinum dreifðu byggðum. Samkeppnisstaða landsbyggðanna er veikari en höfuðborgarsvæðisins og því eiga þær meira undir stöðugu gengi og lágu vöxtum en höfuðborgarsvæðið. Í veltiarum flytjast störf til höfuðborgarinnar. Spurningin er bara hvort þau stoppi þar eða flytjast alfarið úr landi.

Sveiflur kasta fyrirtækjum burt

Þekkingarháð atvinnulíf þolir nefnilega ekki heldur umhverfi krónunnar. Hvert er höfuðstarfsemi Össurar og Marels farin nú? Hvar fer vöxtur CCP fram? Hvað tekst okkur lengi að halda í önnur vaxandi þekkingarfyrirtæki eins og Marorku og CreditInfo?

Gengissveiflur og hávaxtaumhverfi ryður þessum verðmætu störfum úr landi. Fyrir vikið þvingumst við til að leita sífellt stórkaralegra skammtímalausna og treysta á einstakar verklegar stórframkvæmdir.

Húsnæðismál í ógöngum

Við viljum fjölbreyttar húsnæðislausnir. En ungs fólks á Íslandi bíður nú að borga íbúðina sína fjórum sinnum í samanburði það sem bíður ungs fólks í nágrennalöndunum. Og við getum illa útfært rekstrarforsendur fyrir leiguhúsnæði til langs tíma því það er illmögulegt að búa því farveg í umgjörð verðtrygðrar krónu. Þessar ofurklyfjar kjósum við að setja á herðar þess fólks sem getur ráðið búsetu sinni og kosið sér framtíð annars staðar.

Hvað er að tala niður krónu?

Eftir sitjum við í landi hafta og komumst hægt áfram. Erlend fjárfesting knýr sjálfbærna vöxt á Írlandi, þótt þar sé skuldabyrðin meiri en hér. Ástæðan: Erlendir fjárfestar njóta aðgangs að stóru og stöðugu mynsvæði. Enginn vill fjárfesta í eignum í Íslenskum krónum og eiga arðsemi fjárfest-

→ Gengisfallið rýrði kjör lífeyrisþega. Þótt núverandi ríkisstjórn hafi staðið vörð um kaupmátt lífeyrisþega og sett hækkun lægstu bóta í forgang hefur hann samt rýrnað. Það er gömul saga og ný að engir tapa meira á verðbólgu og gengissveiflum en lágtækjufólk og lífeyrisþegar.

ingarinnar undir dyntum stjórnvalda, þegar forystumenn gömlu kerfisflokkanna keppast um að mæra möguleikann á að fella gengi krónunnar. Slíkar yfirlýsingar eru loforð um ásetning um upptöku eigna erlendra fjárfesta. Þannig tala þeir stöðugt niður þá krónu sem þeir keppast við að mæra.

Ekki val tveggja kostna

Í engu öðru þróðu ríki býr launaþólk og verðmætastakpandi fyrirtæki við jafn fullkomna óvissu um verðmæti þess gjaldmiðils sem við fáum greitt í fyrir vinnu okkar og vöru. Þess vegna snýst spurningin um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru um svo allt annað og meira hér á landi en í nokkru nágrannalandanna. Þau búa við gjaldgengan gjaldmiðil en við ekki. Þar er valið milli tveggja kostna sem báðir hafa kost og löst. Hér er valið um gjaldgengan gjaldmiðil – eða ekki.

Rótarmeinið mikla er augljóst. Það mengar og skemmir allt athafnalíf og þjóðlíf, elur á skammtímahugsun og gróðabráll og refsar fólk fyrir sjálfsaga, forsjalni og vinnusemi. Það er þjóðar nauðsyn að uppræta það.

Alþjóðleg samkeppni með krónu er eins og að hlaupa 100 metra hlaup á Olym্পíuleikum á vaðstígvélum með 20 kílóa lóð á bakinu. Þess vegna flýja fyrirtækin þetta góða land og fólk ferðbýr sig. Það er sannkallað kraftaverk hverju íslensk þjóð og samkeppnishæf fyrirtæki hafa áorðað með þessar drápsklyfjar. Hugsio ykkur hvað við gætum ef þessari byrði væri létt af okkur og við nytum sama afkomuöryggis og frjálsbórið fólk í öðrum Evrópulöndum.

Þess vegna verðum við að halda áfram opnum þeim leiðum sem vísað geta út.



Verkalýðsfélagið Hlíf

Allsherjaratkvæðagreiðsla

Tillögur uppstillingarnefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn sjúkrasjóðs og stjórn orlofsheimilásjóða félagsins fyrir árið 2013, liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með 25 janúar 2013.

Kosið er samkvæmt B-lið 22. gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. Varaformann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára
2. Þrjú varamenn í stjórn til tveggja ára
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.
5. Stjórn orlofsheimilásjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 4. febrúar 2013 og er þá framboðsfrestur útrunninn.

Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

Kjörstjórn Vlf. Hlífar.

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnpláss. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is, fyrir 15. febrúar nk.

Hlutskipti ömmunnar

Nú er það komið þannig í okkar samfélagi að illmögulegt er fyrir konur yfir fimmtugu að fá vinnu hérlandis. Konur á þessum aldri eru farnar að hugsa sér til hreyfings og eru jafnvel fluttar erlendis til að komast í vinnu.

Börn sem eru afkomendur þeirra þekkja ekki brottfluttar ömmur sínar nema að litlu leyti í samskiptum í gegnum Skype eða Facebook. Er það þannig sem samfélagið okkar vill hafa hlutina, klippa á tengsl kynslóðanna? Eitt hvað virðist vera auðveldara fyrir konur yfir fimmtugu að fá vinnu í Noregi en hér og það er fljótt að vinna sig upp eftir 10-15 ár þar í starfi og öðlast lífeyrisréttindin. Þó svo að maður heyri að hugur miðaldra kvenna sem ég veit um liggja alltaf heim til Íslands aftur í ellina. Með betri eftirlaun í sterkum gjaldmiðli.

Af hverju eru konur á Íslandi ekki álitnar góður kostur til vinnu eftir fimmtugt? Eru einhverjir fordómar sem valda því? Telja atvinnurekendur að þessi aldursþópur sé staðnaður og sé með minni kunnáttu en yngra fólk? Er talið að þessi aldursþópur sé ábyrgðarminni í sínum störfum?

Er Kvenréttindasamband Íslands hætt að berjast fyrir jafnrétti og hag íslenskra kvenna? Ég las reyndar ágætis grein frá þeim nýverið um hag kvenna í Malaví, en eitthvað fer lítið fyrir áhuga

ATVINNUMÁL

→ Af hverju eru konur á Íslandi ekki álitnar góður kostur til vinnu eftir fimmtugt? Eru einhverjir fordómar sem valda því?



Þórey A. Matthíasdóttir
viðburðastjórnandi

þeirra á hag íslenskra kvenna. Því það er deginum ljósara að þær konur sem hafa ekki vinnu og er farið að síga á síðari hluta starfsævinnar eru margar dæmdar til að búa í fátæktargildru í ellinni. Því konur sem eiga ekki maka og lífeyrisréttindi eftir þá eru verr settar.

Einnig er spurning sem við 50 plús þurfum að spyrja okkur. Eignum við ekki að setja á þrýsting og eiga ekki viðskipti við fyrirtæki sem eru ekki með fólk á okkar aldri í vinnu? Þegar ég keypti mér nýjan bíl fyrir ári þá keypti ég ekki Mözdu 3 sem ég var að skoða því ég mundi eftir atvinnuauklýsingu frá því fyrirtæki þar sem umsækjendur þurftu að vera undir 45 ára. Mitt mat er að eiga ekki viðskipti við fyrirtæki sem er með þannig starfsmannastefnu.

Það er sama hvert lítið er í samfélaginu, við blasa skekktar myndir og svo margt sem þarf að laga og sem verðum að laga. En hvort prinsipp um ömmulausa þjóð sé gott eða vont verða atvinnurekendur og stjórnmálamenn að gera upp við sig.



2013 Frábær árgangur

Ferskur, sparneytinn og umhverfisvænn



Frítt í stæði

Chevrolet Cruze - 2013


Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá ferskasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar.



Frítt í stæði

Chevrolet Aveo - 2013

Chevrolet Aveo Eco er með hreint ótrúlega sparneytinni díselvél. Eyðslan er með því allra lágsta sem þekkt á markaðnum. Magnaður bíll í sínum flokki.



Frítt í stæði

Chevrolet Spark LTZ - 5 dyra

Spark 2013 - ennþá betra sparnaðarráð fyrir heimilið

Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfisvænn og er á afar hagstæðu verði.

Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Spark:

- Hiti í sætum
- Hiti í speglum
- Glasa- og flöskuhaldari milli framsæta
- Flöskuhaldari í framhurð
- Samlitir stuðarar
- Útvarp, CD, Ipod og USB tengi
- Margspeglar póluð aðalljós
- Aftursæti fellanleg 60/40
- Samlæsing
- ABS hemlar
- Diskabremsur að framan
- 6 loftpúðar (gardínur)
- Hæðastilling á öryggisbeltum
- Hiti í afturrúðu
- Barnalæsing í afturhurðum
- ISOFIX öryggisfestingar
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Hæðastilling á framljósum

Verð:

Chevrolet Spark LS 1.0 • bensín • bsk • 5 dyra
Chevrolet Spark LT 1.2 • bensín • bsk • 5 dyra

Verð: 1.890 þús. kr.
Verð: 2.090 þús. kr.

Langdrægur rafmagnsbíll



Chevrolet Volt er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Heildarökudrægi Volt er um 500 km. Á hleðslunni einni saman kemst Volt um 60 km, en það dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur. Komdu í heimsókn og skoðuðu framtíðina.



Velkomin í Chevrolet salinn - Opíð í dag frá kl. 12:00-16:00

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330
Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636
www.benni.is

SUMARIÐ

Sumarsól 2013

1, 2, 3...
og svo allir
af stað!



SÓLARHRINGS-
TILBOÐ Í VALDAR
BROTTFARIR Í SUMAR!

Í 24 TÍMA!

SÓLARHRINGSTILBOÐ Á VALDAR BROTTFARIR Í SUMAR!

Tenerife

Frá: **89.900 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Parque Santiago í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 105.800 kr. Brottför: 26. júní - Vika.

Costa Brava

NÝTT!

Frá: **93.900 KR.***
Hálft fæði innifalið

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hótel Guiart (4stj) í herbergi með hálfu fæði. Verð m.v. 2 fullorðna 112.640 kr. Brottför: 7. júní - Vika.

Albír

Frá: **74.900 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Albir Garden í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 86.900 kr. Brottför: 1. júní - Vika.

Almería

Frá: **77.500 KR.***

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn á Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnh. Verð m.v. 2 fullorðna 103.753 kr. Brottför: 25. júní - Vika.

Alicante borg

Frá: **82.500 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hótel Albahia í herbergi með morgunverði. Verð m.v. 2 fullorðna 92.456 kr. Brottför: 1. júní - Vika.

Athugið!
Tilboðið gildir
aðeins í sólarhring og
hefst stundvíslega
mánudag
28. janúar
kl. 12:00!



SUMARÁFANGSTAÐIR ÚRVALS ÚTSÝNAR ERU KOMNIR Í SÖLU OG AF ÞVÍ TILFNI BJÓÐUM VIÐ SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ Í SÓLARHRING Á VÖLDUM BROTTFÖRUM Í SUMAR! VERTU Í VIÐBRAGDSTÖÐU OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á ÞESSU FRÁBÆRA VERÐI ÞVÍ **SALAN HEFST Á HÁDEGI Á MÁNUDAG!**

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

ÚRVAL-ÚTSÝN



LÁGMÚLA 4 108 RVK | S. 585-4000 | INFO@UU.IS

HELGINN



Daníel Geir Moritz grínisti

Vinnur að lagi

„Ég hittí félagi minn sem er að vinna lag með mér sem kemur út í febrúar. Í kvöld fer ég á Ellefuna þar sem Matti þeytir skífum og á sunnudaginn er stefnan sett á bíó til að sjá XL.“



Gunnleifur Gunnleifsson markvörður Breiðabliks

Hlustar á nýja plötu

„Vera með fjölskyldunni og sinna fótbolnanum. Svo ætla ég að hlusta á nýjstu plötu Helloween. Þar er eðal þýskt bárujárn á ferðinni.“



Edda Sif Pálsdóttir íþróttafréttamaður

Hlær á uppistandi

„Í kvöld ætla ég að hlæja með tengdafjölskyldunni á uppistandi hjá Mið-Íslandi. Svo ætla ég að ditta að heimilinu og læra eitthvað.“



Védís Hervör söngkona

Hoppar á milli

„Ég ætla að hoppa á milli litlu guttanna minna tveggja og sæta eiginmannsins míns og þess að undirbúa aðalfund Íslenskra kvenna í tónlist.“

Eurovision-þátttaka þarfnast kjarks

Klara Ósk er líklegast best þekkt fyrir að vera ein af þríeykinu í stelpuhljómsveitinni Charlies en hún tekur þátt í Söngvakeppninni í kvöld með lagið Skuggamynd.

Tinna Rós Steinsdóttir
tinnaros@frettabladid.is

Pað þarf mikinn kjark til að taka þátt í Söngvakeppninni, bæði fyrir flytjendur og höfundu. Mér hefur staðið það til boða nokkrum sinnum áður en hef alltaf verið hrædd við það. Í þetta skiptið gat ég ekki sagt nei því í fúlustu alvöru og heildarleika sagt lagið mig strax,“ segir söngkonan Klara Ósk Elíasdóttir.

Klara keppir í undankeppni Söngvakeppninnar í kvöld með lagið Skuggamynd eftir Hallgrím Óskarsson, Ashley Hicklin og Braga Valdimar Skúlason. „Það eru ýmis verkefni sem bíða mín úti í L.A. en stelpurnar voru svo æðislegar að hjálpa mér og endurskipuleggja okkur svo ég gæti tekið þátt í keppninni,“ segir Klara og á þá við þær Steinunni og Ölmunni sem ásamt henni skipa þríeykið Charlies. Stelpurnar hafa þurft að sæta mikilli gagnrýni og dómhörku hér heima fyrir á undanförunum árum en Klara segir þær reyna að sía út það góða og uppbyggilega. „Við erum auðvitað að miða tónlistina og bandið að öðrum markaði og erum að fá mikinn meðbyr úti. Það er samt alltaf sárt að heyra þessi neikvæðu komment, sérstaklega frá landinu sínu sem manni finnst að eigi að standa við bakið á sér. Það er samt mikilvægast að við stöndum með sjálfum okkur og því sem við erum að gera,“ segir hún.

Þykki skrápurinn reynist henni vel í Söngvakeppninni því Íslendingar eiga það til að vera vægðarlausir í ummælum um keppnina og þátttakendur hennar, sérstaklega þá sem svo sigra. „Eurovision er auðvitað keppni á milli landa og sá sem fer til Svíþjóðar þarf að standa sig og fyrst og fremst vera landinu til sóma. Það á ekki aðeins við í flutningnum á atriðinu heldur líka í

öllum aðdraganda keppninnar, í öllum viðtölum og kynningarvinnu. Ætli það geri sigurvegarann ekki að hálfgerðri þjóðareign?“ segir hún.

Undirbúninginn fyrir Söngvakeppnina segir Klara vera svipaðan og fyrir tónleika og mikið sem þurfi að huga að. Fagmennskan innan veggja Ríkisútvarpsins hjálpi þó mikið til. „Þetta er gríðarleg vinna en samt svo ótrúlega skemmtilegt. Ég er að vinna með ofboðslega skemmtilegu fólki og er þrjáæðislega stolt af atriðinu okkar,“ segir hún en reynir þó að gera sér ekki of miklar vonir. „Þetta er svo óútreiknanleg keppni að ég reyni að hugsa sem minnst um hvernig þetta fer. Þá verð ég bara stressuð. Ég ætla frekar að njóta þess að vera með.“

Klara er mikill Eurovision-aðdáandi og heldur að sjálfsgöðu alltaf með Íslandi. Hún hefur þó yfirleitt gaman af sænsku lögunum líka, en hún fæddist í Svíþjóð. „Þeir bregðast sjaldan heldur senda yfirleitt æðisleg lög til leiks. Ég er með Euphoria með Loreen á iPodinum mínum og það er líklega mitt uppáhaldslag úr Eurovision fyrr og síðar,“ segir hún og bætir við að lagið All Out of Luck með Selmu Björnsdóttur sé hennar uppáhaldslag frá Íslandi.

Þær Steinunn og Alma eru farnar aftur til englaborgarinnar en ætla að horfa á keppnina í kvöld á netinu. Það er nóg fram undan hjá þeim á næstunni því þær stefna á smáskífu í mars og EP-plötu í kjölfarið af því. Áframhaldandi samstarf við strákana í StopWaitGo er einnig á döf-inni, en þeir fluttu út fyrir áramót og eru að vinna að alls kyns verkefnum þar ytra. „Við höfum unnið með þeim síðan við hétum enn þá Nylon og áður en þeir voru komnir með nafn. Þeir hafa alltaf verið okkar aðalupp-tökuteymi, svo það er gaman að vera búnar að fá þá út,“ segir Klara en það er greinilegt að Charlies eru hvergi nærri hættar.



SKUGGAMYND

Steinunn og Alma, stóllur Klöru í Charlies, ætla að horfa á Söngvakeppnina í kvöld á netinu og hvetja sína stelpu til dáða.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir háskólar brautskráðu flesta íslenska doktora

Aldrei hafa fleiri íslenskir doktorar útskrifast en árið 2011. Aðstoðarrektor segir þetta afrakstur metnaðarfullrar stefnu HÍ.

Rúmur helmingur allra Íslendinga sem útskrifuðust með doktorsgráðu árið 2011 útskrifuðust frá íslenskum háskóla. Áður höfðu flestir íslenskir doktorar hlotið gráðuna sína frá erlendum háskólum. Þá hafa aldrei jafn margir Íslendingar útskrifast með doktorsgráðu en árið 2011 en árið áður útskrifuðust 79 íslenskir nemendur með doktorsgráðu. Sú aukning milli ára nemur 26,6%.


„Háskóli Íslands setti sér mjög metnaðarfulla stefnu árið 2006, þar sem átti að margfalda brautskráningar doktorsnema. Á því ári voru brautskráningar um 15,“ segir Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor Háskóla Íslands, þegar hann er spurður um ástæður þessarar fjölgunar. Fimm árum seinna brautskráði Háskóli Íslands 50

doktorsnema. Jón Atli segir þetta vera afrakstur markmiðasetninganna árið 2006. „Stefnan var að efla rannsóknarstarf og fjölga brautskráðum doktorum,“ segir hann.

„Það er meiri fjölgun hér en erlendis. Það er einnig mjög jákvætt að bæði hérlandis og erlendis fjölga útskrifuðum doktorsnemunum.“

Hlutur kynjanna meðal brautskráðra doktorsnema hefur alltaf verið svipaður í gegnum tíðina. Árið 2009 voru konur þó nær 60% af útskrifuðum doktorum. „Það eru mun fleiri konur en karlar í grunnnámi og meistaranámi, en það jafnast svoltið í doktorsnámi. Það er hins vegar líka að breytast því konur eru nú einnig í meirihluta þar.“

FJÖLDI ÍSLENSKRA BRAUTSKRÁÐRA DOKTORA frá íslenskum og erlendum háskólum



- bph

KRÓNAN



- fyrst og fremst
Ódýr!

Ódýrt og gott í helgarmatinn!

Ungnauta
RIB EYE
á frábæru verði

50%
afsláttur

2135 kr. kg

Verð áður ~~4270~~ kr. kg
Ungnauta Rib Eye, erlent

1358 kr. kg

New York marinerað lambalæri

1358 kr. kg

Hvítlauks og rósmarín marinerað lambalæri

ÞORRAMATUR Í MIKLU ÚRVALI



GJAFAKORT
KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is

Fótboltinn bjargaði mér frá glæpum

Nigel Quashie byrjaði að spila fótbolta í Suður-London 12 ára gamall. 17 ára var hann farinn að spila með liði í úrvalsdeildinni og hélt því áfram fram yfir þrítugt. Þegar honum bauðst að koma til Íslands og spila með ÍR sló hann til, ekki síst til að tryggja þá ófæddum syni sínum öruggt umhverfi. Nú hefur hann ákveðið að setjast hér að og fjölskyldan flytur til Bolungarvíkur í byrjun febrúar.

Fríðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Ég ólst upp í Suður-London í frekar skuggalegu hverfi þar sem er mikil fátækt. Mamma var einstæð og það var oft erfitt hjá okkur. Fótboltinn er önnur af tveimur leiðum til þess að losna úr þessu umhverfi, enda hafa margir leikmenn frá Suður-London náð langt, þeir leggja harðar að sér. Hin leiðin er að fara út í glæpi og það hefði maður sjálfsagt gert ef fótboltinn hefði ekki komið til. Hann bjargaði mér og ég álit mig hafa verið mjög heppinn.

Hvenær byrjaðirðu að æfa fótbolta? „Ég byrjaði hjá Queens Park Rangers þegar ég var tólf ára og gekk vel þannig að ég var mjög duglegur að mæta á æfingar og vildi virkilega ná langt. Árin frá 14 til 16 eru tíminn sem maður gerir það upp við sig hvort maður vill gera fótboltann að atvinnu sinni og ég var aldrei í neinum vafa um það. Á þessum tíma vorum við látnir þrifa klósett, burstu skó og allt þar á milli, það var hluti af þjálfuninni. Ég held að það sé mjög hollt að hljóta þessa þjálfun, það gerir mann auðmjúkari gagnvart því sem fótboltinn snýst um. Núna þurfa krakkarnir ekki að gera neitt af þessu og ég held að það sé þróun til hins verra.“

Eftir að hafa leikið með unglingsflokkum QPR fékk Nigel eldskírni sína í úrvalsdeildinni aðeins 17 ára gamall. „Ég vissi ekki einu sinni að ég hefði verið valinn í liðið. Það var leikur hjá unglingsliðinu þennan dag og ég varð bálreiður þegar ég fékk boð um að mæta hjá aðalliðinu. Hélt að þeir vildu bara að ég hitaði vatn í te og snerist í kringum þá. Þegar ég kom á völlinn var verið að lesa upp leikmenn dagsins og mér brá ekkert smá við að heyra nafnið mitt lesið upp. Það voru tæpir tveir tímar þangað til leikurinn átti að byrja og ég fékk ekki einu sinni tíma til að verða stressaður. En á þessum tæpu tveimur tímum tók líf mitt gagnarum breytingum, allt sem ég hafði unnið svo ótullega að varð að veruleika og ég mun aldrei gleyma þessum degi. Ray Wilkins, stjóri liðsins, gaf mér þetta tækifæri og það er eiginlega honum að þakka að ég

hef verið að spila fótbolta allar götur síðan.“

Sonarmissir og ný stefna

Nigel hélt áfram að spila með QPR í tvö og hálf ár en félagið átti í fjárhagslegum erfiðleikum á þessum tíma og að því kom að hann var seldur til Nottingham Forest. „Stjórnendur QPR komu til mín og sögðu mér að vegna fjárhagsstöðunnar væru þeir að hugsa um að selja mig þar sem ég væri verðmætasti leikmaðurinn þeirra og þeir þyrftu á peningunum að halda. Ég sagði þeim að gera það, ég væri bara glaður að geta hjálpað félaginu. Margir héldu að ég hefði viljað skipta um lið til að fá hærri laun en það er alls ekki satt. Ég hefði viljað vera áfram hjá uppeldisfélaginu mínu sem hafði gert mig að því sem ég var, þar átti ég heima. Hins vegar sætti ég mig við að fórna mér til hagsbóta fyrir klúbbinn og mér sárnaði dálítið að fólk skyldi ásaka mig fyrir að svíkja liðið á erfiðum tímum.“

Tíminn hjá Nottingham Forest varð þó styttri en til stóð vegna persónulegs harmleiks. „Ég missti son minn nýfæddan og vildi bara fara aftur heim, taka mér fri frá boltanum og hlúa að sjálfum mér og þáverandi kærustunni minni. Af því varð þó ekki þar sem Tony Pulis hringdi í mig og bauð mér að koma til Portsmouth. Hann hafði áhyggjur af mér því ég var mjög langt niðri á þessum tíma og benti mér á að þetta snerist ekki bara um fótbolta heldur um það hvað ég ætlaði að gera við líf mitt. Ég yrði að halda áfram þrátt fyrir þetta áfall. Hann útvegaði mér skólavist í háskóla og fann íbúð handa mér og kærustunni. Ég veit ekki hvar ég væri í dag án þessarar hjálpar hans. Mér finnst hann hafa bjargað lífi mínu. Ég var hjá Portsmouth í fimm ár og náði aftur tókum á lífi mínu. Við unnum deildina og ég var mjög ánægður með að vera aftur farinn að spila í úrvalsdeildinni. Það var stórkostlegur baráttuandi í liði Portsmouth á þessum tíma og mér leið mjög vel þar.“

Kunni vel við íslensku eigendurna

Frá Portsmouth fór Nigel til Southampton þar sem hann varð fyrirliði liðsins. Þaðan lá leiðin til West Bromwich Albion og síðan var komið að West Ham sem þá var í eigu íslenskra auðmanna. Hvernig líkaði honum við þá? „Ég kunni mjög vel við þá. Þeir voru

Spilaði með Skotlandi fyrir afa

Eftir að hafa leikið með U21- og B-landsliði Englands söðlaði Nigel um árið 2004 og var tekinn inn í landslið Skotlands, en með því lék hann 14 leiki á árunum 2004 til 2007. Hann hafði alla ævi búið í London og aldrei komið til Skotlands. Hvernig kom það til að hann fór að spila með skoska landsliðinu?

„FIFA breytti reglunum 2004 þannig að það opnuðust fleiri möguleikar fyrir leikmenn að spila með landsliðum þótt þeir byggju ekki í viðkomandi landi. Ég hafði aldrei komið til Skotlands en afi minn var fæddur í Glasgow og eftir breytinguna á reglunum hafði þjálfari Skota, Berti Vogts, samband við mig og spurði hvort ég væri ekki til í að spila með þeim. Ég talaði við afa og mómmu og þau voru yfir sig hamingjusöm með það að ég berðist fyrir Skotland. Þannig vildi það nú til og ég naut þess í botn að spila með skoska landsliðinu í þessi þrjú ár.“





Vilt þú hafa frelsi til að ferðast um landið og njóta útivistar í íslenskri náttúru?

VIÐ LÍKA!

Vissir þú að ef nýju náttúruverndarlögin fara í gegn óbreytt ...

- getur þú verið dæmd(ur) fyrir utanvegaakstur ef þú ekur sama vegslóða og þú hefur ekið árum saman, t.d. að tjaldstæðinu þínu, því hann hefur ekki ratað í kortagrunn ríkisins? Stangveiðimaður sem ekur upp með á að veiðistað er þá einnig að brjóta lög.
- dregur verulega úr ferðamöguleikum þeirra sem ekki geta gengið um landið með allan sinn farangur á bakinu? Getur þú gengið með þungar byrðar langar leiðir?

Kynntu þér málið og skrifaðu undir mótmæli á www.ferdafrelsi.is

Áhugafólk um ferðafrelsi

FERILL NIGELS QUASHIE



| 1995-1998 | 1998-2000 | 2000-2005 | 2005-2006 | 2006-2007 | 2007-2010 | 2008-2009 | 2009 | 2009-2010 | 2010 | 2012 | 2013 |

Queens Park Rangers

Nottingham Forest

Portsmouth

Southampton

West Bromwich Albion

West Ham United

→ Birmingham City (lán)

→ Wolverhampton Wanderers (lán)

→ Milton Keynes Dons (lán)

Queens Park Rangers

Bí/Bolungarvík

metnaðarfullir og duglegir, keyptu fullt af góðum leikmönnum og vildu virkilega að liðið næði langt. Það er til þess sem þú kaupir fót-boltaði, ekki satt. Markmiðið er að ná árangri. Það er ekki bara stoltið því þegar lið er komið í úrvaldsdeildina fær það greiðslur frá Sky-sjón-varpsstöðinni og reksturinn verður auðveldari. Öll samskipti mín við íslensku eigendurna voru til fyrirmyndar og þegar þeir komu á leiki voru þeir alltaf kurteisir og sýndu okkur mikla virðingu. Því miður meiddist ég snemma á leiktímabilinu og gat lítið spilað.“

Nigel var töluverðan tíma að ná sér af meiðslum í hné og lék í láni hjá ýmsum félögum til að ná sér á strik. Þegar hann varð betri fór hann aftur „heim“ til QPR. „Þeir vildu allt fyrir mig gera, spurðu hvort ég vildi þjálfra eða spila, ég gat bara valið. Ég spilaði með þeim um tíma en svo langaði mig að breyta til og fór að skoða ýmsa möguleika. Mér bauðst að fara til Bandaríkjanna, Mið-Austurlanda eða Evrópu en eftir að við kærastan mín höfðum skoðað kosti og galla allra tilboða ákváðum við að fara til Íslands.“

Lét rigninguna ekki stoppa sig

Hvernig kom það til? „Ég fékk upphringingu frá forsvarsmönnum ÍR sem spurðu hvort ég hefði áhuga á að spila fyrir þá. Ég ákvað að skoða málið, kom hingað í apríl í fyrra og leist strax vel á mig. Veðrið var ekkert sérstakt þegar ég steig út úr vélinni á Keflavíkurflugvelli í apríl, rigning og rok, en ég hef alltaf kunn- að betur við það að það sé vetur á veturna og sumar á sumrin þannig að ég setti það ekkert fyrir mig. Ég ræddi við þá hjá ÍR og leist vel á það sem þeir voru að bjóða, ákvað að slá til og byrjaði að spila með þeim í maí.“

Nigel kom ekki einn til Íslands, með honum kom kærastan hans sem var komin nokkra mánuði á leið. „Það skipti okkur miklu máli hvar sonur okkar ælist upp og Ísland skoraði hátt á listanum yfir lönd sem eru barn- væn þannig að það hafði líka áhrif á þá ákvörðun að koma hingað. Hann fæddist hér fyrir sléttum sex mánuðum og við verðum stöðugt vissari um að það var rétt ákvörðun að koma hingað hans vegna. Það hefur auðvitað verið erfitt. Við vorum bara búin að búa hér í nokkra mánuði þegar hann fæddist þannig að við urðum að borga allan sjúkrakostnað sjálf og það er fáránlega dýrt, en það hefur samt verið þess virði.“

Öruggt umhverfi fyrir soninn

Og nú er öll fjölskyldan á leið til Bolungarvíkur, hvernig leggst það í þig? „Bara mjög vel. Mér buðust ýmsir aðrir kostir, bæði hér og erlendis, en þeir hjá Bí/Bolungarvík hafa metnað til að byggja upp starfið í yngri flokkunum og vildu mína hjálp við það sem er nokkuð sem heillar mig mjög mikið. Ég veit hvað fótboltinn gerði fyrir mig þegar ég var strákur og það skiptir mig miklu að fá að þjálfra yngri flokkana. Miklu meira máli en að spila í Pepsi-deildinni, ég spilaði það lengi í ensku úrvaldsdeildinni að þeim metnaði er fullnægt. Ég er hins vegar í fínu formi, hugsa vel um mig og hef aldrei reykt eða drukkið þannig að ég hef enn þá margt fram að færa sem leikmaður, sem þeir eru auðvitað að sækjast eftir líka, en ég lagði mikla áherslu á að fá að starfa með yngri flokkunum og þessi sam- setning hentaði bæði mér og þeim mjög vel. Bí/Bolungarvík hefur alveg réttu hugsunina, finnst mér, að hugsa til lengri tíma og byggja starfið upp smátt og smátt frekar en að kaupa dýra leikmenn til að reyna að vinna deildina strax og vanrækja um leið yngri flokkana.“

Hefurðu einhvern tíma búið í litlu þorpi? „Nei, reyndar ekki, en við hlökkum öll mjög til þess. Þetta er nýr kaflí í lífinu. Ég hef alltaf búið í stórborg, á íbúð á Canary Wharf í London og þar sér maður kannski hálfu til eina milljón manns út um gluggann á hverjum degi. Það er ekki það umhverfi sem ég vil að sonur minn alist upp í. Fjölskyldan er í fyrsta sæti hjá mér og ég set þeirra þarfir ofar mínum eigin. Þau eru allt sem ég á. Ég á tvö börn úr fyrri samböndum sem búa á Englandi, en engin systkini og mamma dó fyrir fjórum og hálfu ári. Það angrar mig enn að ég var ekki í nógu góðu sambandi við hana fyrr en hún var orðin veik, ég hefði getað gert svo miklu meira fyrir hana. Svo það skiptir mig bókstaf- lega öllu máli að skapa gott og öruggt líf fyrir kærustu mína og son.“

Þekktirðu aldrei þabba þinn? „Ég þekkti hann þegar ég var litill en var aldrei í reglulegum samskiptum við hann. Það er margt sem ég er ósáttur við í sambandi við hann og þegar ég hafði kynnst annars konar lífi en í æsku og áttað mig á því hvað það er sem skiptir máli ákvað ég að slíta öll tengsl við hann. Hef ekki talað við hann í fleiri ár en ég get rifjað upp. Ég sé ekkert eftir því. Það sem ég þing á er litla fjölskyldan mín og við erum öll heilbrigð og hamingjusöm á leið á nýjan stað í lífinu. Það er það eina sem skiptir raunverulegu máli.“

„Ég hef alltaf búið í stórborg. Það er ekki það umhverfi sem ég vil að sonur minn alist upp í.“



WEST HAM Nigel segir gríðarlegan metnað og góðan anda hafa ríkt í herbúðum West Ham á meðan það var í eigu Íslendinga.

→ Fall er fararheill

Hermann Hreiðarsson er kóngurinn þegar kemur að því að spila með liðum sem falla úr ensku úrvaldsdeildinni, hefur fallið fimm sinnum, en Nigel fylgir fast á hæla hans þar sem hann var í liðum QPR, Nottingham Forest, Southampton og West Bromwich Albion þegar þau féllu úr deildinni. Hann átti möguleika á að verða jafn Hermanni á leiktíðinni 2006-7, þegar West Ham var í fallbaráttunni, en liðið hélt sér í deildinni og því er staða Hermanns á toppnum enn trygg.



FIJÓRDUNGS SKOTI Afí Nigels var fæddur í Glasgow og það gerði Nigel gjaldgengan í koska landsliðið sem hann lék 14 leiki fyrir.

Eigum til afgreiðslu strax margverðlaunaða lúxus jeppa



Nýr Jeep Grand Cherokee Dísel, Bensín eða Bensín/Metan 4x4 Laredo X útfærslan

Nýr sparneytinn og aflmikil V6, 290 hö mótör með eyðslu í blönduðum akstri aðeins 11 L/100km
Fjarstart, lykllaus aðgengi og ræsing.
Premium leðuráklæði. Panorama glerpak með lúgu.
Digital miðstöð með loftkælingu.
Alpine hljómkkerfi, 506w, 9 hátalarar + bassabox. Útvarp með DVD, CD og hörðum diskum til að vista tónlistina á beint af CD disk eða USB minnislykli, bluetooth fyrir símann en einnig hægt að spila tónlist þráðlaust beint úr símanum, einnig er leðurklætt aðgerðastýri, Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar að aftan.
Quadra Trac II, mjög fullkomið fjórhjóladrif með lágt drif.
Hleðslujafnari, Dráttarbeisli

Verð aðeins 9.990 þús.kr

Limited Dísel 241hö útfærslan. Búnaður umfram Laredo X:

Xenon framljós, 20" álfelgur
Fjarlægðaskynjarar að framan
Rafmagns afturhleri Ofi.

Verð aðeins 11.390 þús.kr

Nýr Dodge Durango Crew og Citadale V6 og V8 Bensín eða Bensín/Metan, 7 manna, 4x4 Dodge Durango Crew V6

Nýr sparneytinn og aflmikil V6, 290 hö mótör með eyðslu í blönduðum akstri aðeins 11 L/100km og
Fjarstart, lykllaus aðgengi og ræsing.
Fjór hjóladrif með millikassa.
Glersóllúga, Rafdrifinn afturhleri.
Digital miðstöð með loftkælingu og auka miðstöð afturi.
Alpine hljómkkerfi, 506w, 9 hátalarar. Útvarp með DVD, CD og hörðum diskum til að vista tónlistina á beint af CD disk eða USB minnislykli, bluetooth fyrir símann en einnig hægt að spila tónlist þráðlaust beint úr símanum, einnig er leðurklætt aðgerðastýri Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar að aftan.

Verð aðeins 7.900 þús.kr

Dodge Durango Citadel V6 og V8. Búnaður umfram Crew:

Leðursæti með hita og kælingu
DVD skjár fyrir aftursæti, Xenon ljós
Hraðastillir sem skynjar og fylgir bilnum fyrir framan
Árekstrarvari sem skynjar bíl í blinda punktinum
20" krómfelgur Ofi.
Citadale er til með 3,6 V6, 290 hö mótör og 5,7 V8 Hemi, 360hö

Verð frá aðeins 10.490 þús.kr



Eigum einnig nýja
Ford F350 og
GMC Sierra 3500
HD á lager.

Útvegum allar
gerðir bíla.



Nýr Ford F350

Nýr GMC Sierra 3500HD

Viðmiðun tegund / Stærðir	Lengd	Breidd	Hæð	Hjólhaf	Hæð frá jörðu
Dodge Durango	5.075	1.925	1.801	3.043	2.184
Jeep Grand Cherokee	4.820	1.943	1.730	2.916	2.184
Toyota Landcruiser 150	4.760	1.885	1.845	2.790	2.050
Toyota Landcruiser 200	4.950	1.970	1.865	2.850	2.260

ÍS BAND.IS
ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. **BÍLAINNFLUTNINGUR**

Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu

pverholti 6 • 270 Mosfellsbæ • Sími 534 4433 • isband@isband.is

NÝIR OG SPENNANDI FERÐA MÖGULEIKAR

Nú er um að gera að tryggja sér sæti því margar ferðir eru þegar uppseldar! *Góða ferð!*



Verð frá
kr. 119.100
– innifalið í 10 nætur



Costa del Sol

Frábært verð
Griego Mar
Frá kr. 119.100
– allt innifalið
í 10 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 142.500 á mann. 10. júní í 10 nætur.



Verð frá
kr. 136.900
í 14 nætur



Krít

Frábært verð
Omega
Frá kr. 136.700
í 14 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio kr. 159.100 á mann. 30. maí í 14 nætur.



Verð frá
kr. 89.600
í 7 nætur



Almeria

Frábært verð
Bahia Serena
Frá kr. 89.600
í 7 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 109.400 á mann. 11. júní í 7 nætur.



Glæsilegt úrval borgarferða



Barcelona

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 109.900 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel Atlantis *** í tvíbýli með morgunverði.

Sevilla

25. apríl – 4 nætur
Frá aðeins 104.200 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Catalonia Giralda

Budapest

25. apríl – 4 nætur - uppselt

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 89.700 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu á Star INN í tvíbýli 1. maí.

Prag

25. apríl – 4 nætur

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 84.700 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Ilf, 25. apríl.

Ljubljana

1. maí – 4 nætur – Uppselt
3. júlí – 6 nætur

Frá aðeins 79.000 kr.
Netverð á mann, flugsæti 3.-9. júlí



Róm

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 124.900 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Galles.

Bratislava

8. maí – 4 nætur, uppselt

Vínarborg

8. maí – 4 nætur, uppselt

Stökktu til Tenerife

6. febrúar

Frá aðeins

kr. 109.900

– allt innifalið í 7 nætur

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 6. febrúar til Tenerife. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 109.900 – allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann í tvíbýli, allt innifalið kr. 139.900.



Stökktu til Kanarí

19. febrúar í viku

Frá aðeins

kr. 86.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 19. febrúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 86.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn í búð í 7 nætur. Netverð á mann í tvíbýli kr. 99.900

Billund

frá 19.900 kr.*
í allt sumar



Alicante

Frá kr. 25.900*

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á heimsferdir.is

*Flugsæti aðra leið með sköttum.
Netverð á mann. Innifalið 20 kg á mann.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

PRÓUN ÁFALLASTREITURÖSKUNAR OG BATA

Alvarlegt áfall → Eitthvað vekur upp á sér stað **minninguna**

→ **Endurupplifun** áfalls

→ **Sterkar tilfinningar** fylgja (ótti, skömm, viðbjóður, depurð)

→ Reynt er að **forðast minningar** um atburðinn og deyfa sársaukann, m.a. með áfengi og vímuefnum

→ Nauðsynlegt er að **rjúfa víta-hringinn**

→ Aldrei er of seint að **leita sér aðstoðar**

→ Áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð gefur **bata í 90% tilvika**

Missa trúna á tilveruna

Talið er að fimm til fjórtán prósent einstaklinga eigi við áfallastreituröskun að stríða einhvern tíma á æviskeiðinu. Þar eru þolendur nauðgana í mestri áhættu, samkvæmt rannsóknum. En hvað er áfallastreituröskun? Því svarar dr. **Berglind Guðmundsdóttir**, sérfræðingur í klínískri sálfræði og verkefnisstjóri áfallateymis á bráðamóttöku og geðsviði Landspítalans.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Áfallastreituröskun er ástand sem hlotist hefur af alvarlegu áfalli sem einstaklingur hefur orðið fyrir á lífsleiðinni,“ byrjar Berglind Guðmundsdóttir, yfirsálfræðingur geðsviðs Landspítalans, útskýringar sínar á fyrirbæri sem svo oft heyrast nefnt, ekki síst þegar fjallað er um afleiðingar kynferðisofbeldis af öllu tagi. Hún byrjar á að skilgreina orðið áfall, samkvæmt fræðunum.

„Þegar ég tala um alvarlegt áfall á ég við atvik sem hefur ógnað lífi og líkama einstaklingsins eða annarra í kringum hann, jafnvel valdið dauðsfalli eða að einstaklingurinn upplifir að líkami hans sé vanvirtur eða honum misboðið. Þetta geta verið alvarleg umferðar- eða vinnuslys, hvers konar ofbeldi, skyndilegur ástvinamissir, náttúruhamfarir og að greinast með alvarleg veikindi. Sum áföll eru bundin einum tilteknum atburði, önnur eru langvarandi og endurtekin, svo sem ef fólk býr við heimilisofbeldi eða á hamfarasvæðum.“

Sálræn viðbrögð við áföllum eru margvísleg og flókin, að sögn Berglindar. „Yfirleitt eru þau ótti, hjálparleysi, hryllingur, reiði eða örvænting,“ telur hún upp. „Þegar áfallið á sér stað bregðast sumir við með því að berjast eða flýja, en margir frjóska og upplifa jafnvel algeran tilfinningadoða, sérstaklega ef um kynferðisofbeldi er að ræða. Hjá börnum geta viðbrögðin birst sem óskipulögð eða óróleg hegðun.“

Konum hættara en körlum

„Til að greinast mögulega með áfallastreituröskun þarf fólk að hafa upplifað áfall,“ segir Berglind. „Ef við skoðum heildartíðnina þá eru að meðaltali 5-14% einstaklinga sem þróa röskunina með sér en áhættan fer mjög eftir tegund áfallanna sem þeir hafa lent í. Til dæmis sýna rannsóknir að um 9% þeirra sem lenda í bílslysum þróa hana með sér. Sé um nauðgun að ræða er tíðnin mun hærrí, eða um 50% þolenda. Svo eru stríð, heimilisofbeldi og misnotkun á þessum lista. En nauðgun hefur mestu áhættuna í öllum rannsóknum.“

Berglind segir konur almennt tvisvar sinnum líklegri en karlar til að þróa með sér áfallastreituröskun, óháð áfalli, nema þegar kemur að nauðgun. Þar segir hún tíðnina mjög svipaða hjá kynjunum. „Nauðgun er það áfall sem virðist hafa alvarlegastar afleiðingar,“ ítrekar hún. „Það er kynjmunur þegar kemur að áföllum. Konur eru t.d. líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en karlar eru líklegri til að verða fyrir slysum.“

Einstaklingur á góða möguleika á að ná bata, án meðferðar, fyrstu mánuðina eftir áfall, að sögn Berglindar. „Það á við um öll áföll,“ segir hún. „Fyrst eftir atburðinn eru ákveðin einkenni sem eðlilegt er að upplifa og eru bara vísbendingar um að viðkomandi sé að vinna úr erfiðum atburði. Endurupplifanir atburðarins, sterkar tilfinningar og að þurfa að hugsa um og melta það sem gerðist eru eðlileg viðbrögð ef menn festast ekki í því. Flestir ná að vinna úr tilfinningunum og svara þeim spurningum með sjálfum sér sem upp koma. Ef það tekst þá vinnur við úr því sem gerðist og náum að finna því merkingu og farveg.“

Nokkurs konar stíflur

Hvað er það þá sem gerist þegar áfallastreituröskun á sér stað og hve löngum tíma eftir áfallið verður hennar vart? Því svarar Berglind svo: „Þegar áfallastreituröskun þróast þá myndast nokkurs konar stíflur í bataferlinu. Það er eitthvað sem hindrar náttúrulegan bata. Minningarnar geta verið svo erfiðar að einstaklingurinn ræður ekki við þær, tilfinningarnar svo sterkar að hann hræðist þær og hrindir þeim frá sér. Hann hefur



SÁLFRÆÐINGURINN
„Erlendar rannsóknir sýna að rúmlega 90% þeirra sem ljúka áfallamiðuðri, hugrænni atferlismeðferð við áfallastreituröskun ná bata,“ segir dr. Berglind.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ Í kennslubókum fyrir geðlækna á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var því enn haldið fram að aðeins eitt barn af milljón yrði fyrir kynferðismisnotkun og hún hefði ekki alvarlegar afleiðingar. Nú vita menn betur.

→ Einkenni áfallastreituröskunar

Endurupplifun Ágengar minningar um það sem gerðist, martraðir eða endurlit (e. flashback).

Útilokun Að forðast að hugsa um, tala um, upplifa tilfinningar og aðstæður sem minna á atburðinn.

Tilfinningadoði Áhugaleysi á því sem áður þótti skemmtilegt. Að upplifa annað fólk fjarlæg.

Ofurárvekni Þirringur, þreyta, svefntruflanir, einbeitingarörðugleikar, óöryggi, að vera stöðugt á varðbergi gagnvart utanaðkomandi hættu.

→ Mögulegir fylgifiskar

Einstaklingar með áfallastreituröskun eiga á hættu að fá ýmsa líkamlega kvilla. Hún eykur meðal annars líkur á:

Hjarta- og æðasjúkdómum

Meðgöngu- og fæðingarerfiðleikum

Meltingarfærarsjúkdómum

Vandamálum tengdum stoðkerfinu

Vandamálum tengdum kynheilbrigði

missi trúna á tilveruna og glímur við sjálfsásökun og sektarkennd. Hugsanir hans snúast til dæmis um „ef ég hefði ekki...“ eða „ef ég hefði...“ eða „ég hefði ekki átt að treysta þessum manni“. Þetta geta allt verið vísbendingar um stíflur en til að greinast með áfallastreituröskun þarf ákveðinn fjöldi einkenna að vera til staðar og hafa truflað einstaklinginn í daglegu lífi í að minnsta kosti einn mánuð.“

Berglind segir áfallastreituröskun gjarnan leiða til geðlæðgar, minni matarlystar, kvíða og áfengis- og lyfjanotkunar svo fátt eitt sé nefnt. Vandamál í fjölskyldunni eða fyrri áföll séu líka áhættuþættir sem geta gert það að verkum að fólk finnur ekki bjargráð. Ef skortur er á félagslegum stuðningi eða lítillækkun á sér stað bæti það gráu ofan á svart. Allt geti þetta ógnað tilveru þess sem þjáist af áfallastreituröskun.

Sláandi fáfræði

Berglind upplýsir að áfallastreituröskun kom fyrst fram um 1980 í geðgreiningarkerfi hjá bandaríska geðlæknafélaginu.

„Upp úr 1970 sýndu rannsóknir á afleiðingum Víetnamstríðsins á hermenn og afleiðingum kynferðisofbeldis að einkennin eftir þessa atburði voru sláandi lík. Þá fóru í gang yfirgripsmiklar, faraldsfræðilegar rannsóknir á afleiðingum áfalla og til varð geðgreiningin Post-traumatic stress disorder, skammstafað PTSD. Íslenska þjóðinginn varð áfallastreituröskun. Auðvitað hafa áföll og afleiðingar þeirra verið til frá örófi alda undir öðrum heitum. Hins vegar voru greiningarviðmiðin öðruvísi í byrjun því áföll voru talin svo sjaldgæf. Því var til dæmis lengi haldið fram að kynferðisofbeldi væri ekki vandamál sem samfélagið þyrfti að takast á við og fyrir 1974 var nánast ekkert vitað um áhrif þess á þolendur. Í kennslubókum fyrir geðlækna á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var því enn haldið fram að aðeins eitt barn af milljón yrði fyrir kynferðismisnotkun og það hefði ekki alvarlegar afleiðingar. Nú vita menn betur. Árið 2002 lýsti Alþjóða heilbrigðismálastofnunin

því yfir að kynferðisofbeldi væri víðtækt alþjóðlegt vandamál enda er talið að ein af hverjum fimm konum og einn af hverjum 25 karlmönnum verði fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á lífsleiðinni.“

Góð von um bata

Spurð hvort hún telji tillit tekið til áfallastreituröskunar í réttarkerfinu þegar dómur eru felldir svarar Berglind: „Ég vil sem minnst segja um það. Það er vinsæl vörn að draga trúverðuleika áfallastreituröskunar í efa og segja þolandann ljúga. Þó sé ég jákvæðar breytingar á réttarkerfinu á seinni árum. Dómarar, verjendur og fólk almennt er upplýstara en áður.“

Ekki kveðst Berglind vita hversu margir greinast með áfallastreituröskun á Íslandi á ári að meðaltali. Engin úttekt hafi verið gerð á því. „Erlendar rannsóknir sýna að áfallastreituröskun er vangreind í heilbrigðiskerfinu og fullyrða má að hið sama gildi hér.“ En hverjir greina þessa hluti? „Geðheilbrigðisstarfsfólk, sálfræðingar, geðlækna, heilsugæslulækna, það ætti að vera hluti af grunnmenntun allra heilbrigðisstarfsmanna en þeir þurfa þjálfun.“

Berglind segir félagslegan stuðning mikilvægan þátt fyrir hvern einstakling. „Að hafa einhvern til að tala við getur verið mjög verndandi en enginn einn þáttur er nægilegur til hjálpar þegar um alvarlega áfallastreituröskun er að ræða nema hugræn atferlismeðferð,“ segir hún og heldur áfram. „Samkvæmt alþjóðlegum leiðbeiningum á fyrsta meðhöndlun við áfallastreituröskun að vera áfallamiðuð, hugræn atferlismeðferð. Hún felst í því að hjálpa einstaklingnum að takast á við þær minningar sem þyngja honum og vinna úr þeim tilfinningum og túlkunum sem hann á í erfiðleikum með. Meðferðin krefst sérþekkingar fagfólks og á undanförunum árum hafa orðið framfarir í menntun og reynslu á þessu sviði. Erlendar rannsóknir sýna að rúmlega 90% þeirra sem ljúka áfallamiðuðri, hugrænni atferlismeðferð við áfallastreituröskun ná bata.“

kronosspann



Vnr. 0113456
PLASTPARKET
1.390 kr./m²

kronosspann

Vnr. 0113450
SARAGOSSA
harðparket, rakahelt. **1.490** kr./m²

kronosspann

Vnr. 0113446
HARLECH harðparket,
8 mm, 192x1285 mm. **2.990** kr./m²

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA

BYKO

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.



STEIRER PARKETT

Vnr. 0113736
Hágæða viðarparket,
IMPERIAL eik, fullplank.

9.990 kr./m²



STEIRER PARKETT

Vnr. 0113712
Viðarparket, beyki,
14 mm, 182x2200 mm.

5.690 kr./m²



STEIRER PARKETT

Vnr. 0113722
Viðarparket, eik,
14 mm, 182x2200 mm.

4.990 kr./m²

NordicWood

Vnr. 0113719
Viðarparket, eik,
14 mm, 189x2200 mm.

4.390 kr./m²

[e]STONE

FROSTPOLNAR

Vnr. 17800083
Gegnheilar steinflisar
á gólf og vegg,
20x20 cm, beige.

1.990 kr./m²

[e]STONE

FROSTPOLNAR

Vnr. 17800080
Gólfplisar, brúnar,
30x60 cm, gegnheilar
steinflisar.

4.190 kr./m²

[e]STONE

FROSTPOLNAR

Vnr. 17800120
Gegnheilar steinflisar
á gólf og vegg,
30x60 cm, beige.

3.290 kr./m²

[e]STONE

FROSTPOLNAR

Vnr. 17800035
Gólfplisar, dökkgráar,
30x60 cm, gegnheilar
steinflisar.

5.190 kr./m²



Vnr. 13001753
GÓLFFLISAR, 30X30 CM.

2.390 kr./m²

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentbílur og eða myndabreytingu. Allar vörur lást! BYKO breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

→ Aðdragandi sprengingar í Miðkvísl

Laxárdeilan stóð í meginatriðum frá árunum 1968 og til 1974. Deilan snerist um áform Laxárvirkjunar um gríðarlega mikla vatnaflutninga frá Skjálfafljóti við Hrafnabjörg, í gegnum Suðurá og Svartá, um Kráká og farvegi að Mývatni og Laxá.

Gert var ráð fyrir virkjunum þessa vatns á þremur til fjórum stöðum, með miðlunarlönum og risastíflu í Laxárgljúfri við Brúar. Hugmyndir voru jafnvel uppi um vatnsfarveg gegnum Kráká, Mývatn og Sandvatn ytra og virkjun niður í Hólkotsgil.

Mikilvægur hluti deilunnar snerist um yfirgang framkvæmdaáðila sem virtu hvorki „heimamenn“ né landeigendur viðlits, hvorki til samráðs né samninga.

Andóf Þingeyinga fann sér farveg með stofnun Héraðsnefndar Þingeyinga, Samtaka um verndun Laxár og Mývatns og Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Hátindur andófsins var þegar stífla í Miðkvísl var rofin með sprengingu að kvöldi 25. ágúst 1970.



Baráttunni er alls ekki lokið

Arngrímur Geirsson í Álftagerði er einn eftirlifandi þeirra þriggja sem sáu um framkvæmd sprengingar í Miðkvísl í Mývatnssveit árið 1970. Hverjir það voru hefur aldrei verið gefið upp fyrr en nú í heimildarmyndinni Hvelli sem frumsýnd var á fimmtudag. Arngrímur lýsir kvöldinu við Miðkvísl og eftirmálunum af yfirvegum þess sem sannfærður er um eigin málstað.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Við Miðkvísl þetta kvöld voru um 120 manns, en töluvert af þeim var undir lögaldri. Sextíu og fimm voru ákærðir og listi með nöfnum þeirra birtur. Ýmsir sem höfðu verið viðstaddir og voru ekki á þessum lista voru óánægðir með það og kærðu sig inn á hann. Það þótti nánast heiður að vera á listanum, að minnsta kosti frá ákveðnu sjónarhorni. „Núorðið er mikið hamrað á því að samstaðan hafi verið ófóra, var það svo? „Í Mývatnssveit og Laxárdal voru menn til- tölulega einhuga gegn þessum áformum, en í Reykdælahreppi voru menn mjög klofnir og sömuleiðis í Aðaldal. Þar var mikill klofn- ingur og menn ekki á eitt sáttir. Bjartmar Guðmundsson á Sandi, sem var þingmaður á þessum tíma, studdi til dæmis áform Laxár- virkjunar á meðan Hermóður bróðir hans í Árnosi var formaður Landeigendafélagsins og einn aðalforingi andspyrnumanna.“

Einn fyrir alla ...


Upphaflega áætlunin um rof stíflunnar í Miðkvísl gerði ekki ráð fyrir neinni spreng- ingu, var það? „Það var enginn að fara að sprengja neitt þegar við fórum að heiman. Þegar við komum á staðinn með handverk- færi og dráttarvélar kom hins vegar í ljós að kjarninn í veggnum er steypur og þá var hafist handa um það útvega dínami.“
Er það satt að þið hafið stolið dínamiinu af Laxárvirkjun? „Satt og ekki satt. Já, það var notað dínami við að sprengja klaka- og krapastíflur hjá virkjuninni og menn vissu að eitthvað af því var geymt í hellum þarna skammt frá. Það voru þarna menn sem höfðu bæði menntun og leyfi til að meðhöndla sprengiefni, Guðmundur Jóns- son á Hofsstöðum og fleiri og þeir leituðu víðar fanga með sprengiefni, en að hluta til kom þetta úr fólum Laxárvirkjunar, það er rétt. Sumt af því var reyndar ónýtt og það sprungu ekki allar hleðslurnar.“
Það kemur fram í myndinni að þið hafið verið þrír sem sáuð um sprengingarnar, hvernig kom það til? „Menn vissu alveg að þeir voru að gera eitthvað sem hugsanlega teldist ólöglegt og vissu ekki hver viðbrögð- in yrðu. Það var til dæmis ákveðið fyrir fram að Hermóður í Árnosi yrði ekki þarna þetta kvöld þannig að ef kæmi til handtaka yrði hann frjáls ferða sinna. Þegar kom að því að sprengja gildi það sama, Guðmundur á Hofsstöðum var sá sem hafði stjórnina á

hendi en það var ákveðið að hann yrði ekki einn um það. Menn hugsuðu mikið um það að það yrði ekki hægt að tína neina út úr sem sekari en aðra. Það var algjörlega tilvilj- unarkennt hverjir það voru sem urðu eftir með Guðmundi til þess að taka á sig ábyrgð- ina á sjálfri sprengingunni því auðvitað var þetta sameiginlegur verknaður þessa hóps sem þarna var. Við Sigurgeir Pétursson á Gautlöndum vorum valdir af handahófi en það hefur aldrei komið fram opinberlega fyrr en nú hverjir við vorum. Samstaðan hélt alla leið enda stóð ákærvaldið frammi fyrir því eftir margra vikna yfirheyrslur að þeim hafði ekki tekist að tína neina út úr eða króa neinn af og það þyrfti annað hvort að fella málið niður eða ákæra allan hópinn.“
Og hópurinn allur, 65 manns, fékk dóm, eða hvað? „Já, þriggja mánaða fangelsisdóm, skilorðsbundinn, og sektir. En af einhverjum ástæðum voru sektirnar aldrei innheimtar. Þessi dómur var eiginlega á hangandi hári, Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni, tveir á móti fimm minnir mig, og það hefur aldrei verið gefin nein skýring á því hvers vegna ekki var innheimt. Fyrst og fremst held ég að þessi dómur hafi verið öðrum til viðvör- unar og ætlað að sýna fram á að það væri ótækt að menn færu fram með þessum hætti.“

Þú varst kennari á Laugum á þessum tíma, þótti engum þetta ódýrgt framferði af ung- lingakennara? „Sjálfsagt hefur fólk eitthvað borið sér það í munn að ég væri ekki góð fyrirmynd unglunga með þessu framferði, en ég varð ekkert var við það. Auðvitað voru ýmsir sem höfðu aðra skoðun og margir sem voru hlynntir okkar málstað voru ekki tilbúnir að samþykkja það að menn færu fram með eignaspjöllum. Það var stigsmunur á því hvaða skoðun menn höfðu á þessum verknaði.“
Hefurðu einhvern tíma séð eftir að hafa tekið þátt í þessu? „Nei. Það hef ég aldrei gert. Ég held að það hafi verið afskaplega þýðingarmikið að geta stöðvað þessa stór- kostlegu náttúruröskun.“

Ekki dramatíserað um of

Finnst þér sagan komast rétt til skila í myndinni? „Sko, myndin er kölluð heim- ildarmynd en hún er það auðvitað ekki að því leyti til að Laxárvirkjun fær enga máls- vörn, þetta er alveg einhliða. Hún kemur hugblænum vel til skila og hvað það var sem vakti fyrir mönnum. Þeim tekst nokk- uð vel að sigla fram hjá því að dramatísera þetta eitthvað óskaplega og einnig að fara að draga einhverjar stórkostlegar ályktanir. Þegar sleppir viðmælendum og leikendum þá er þetta frekar falleg mynd. Það bland- ast samt engum hugur um það sem horfir



ALDREI EFAST Arngrímur segist enn vera sannfærður um það að sprenging í Miðkvísl hafi verið rétt- lætanleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á hana að þarna er verið að undirstrika að þeir sem vildu koma í veg fyrir virkjunar- framkvæmdirnar hafi haft rétt fyrir sér. Svo getur vel verið að seinni tími komist að einhverri allt annarri niðurstöðu og þá verði gerð önnur og öðruvísi mynd, maður veit aldrei.“

Sagan hefur nú líka leitt það í ljós að þetta var réttmæt barátta, ekki satt? „Ég ætla ekki að leggja dóm á hvað þessi einstaki atburður átti stóran þátt í því en öll hugs- un manna um þessi mál hefur breyst mjög mikið. Þó ekki nógu mikið. Þeir menn sem stóðu í fylkingarbrjósti í þessari baráttu okkar höfðu gríðarlega samstætt og þétt bakland. Það er munurinn þegar kemur að Kárahnjúkavirkjun. Þeir af heimamönnum sem andæfðu þar höfðu alls ekki þetta bak- land og þar var umræðunni snúid á þann veg að þeir sem börðust á móti væru fyrst og fremst þéttbýlisbúar að mótmæla því að fólk á landsbyggðinni hefði til hnífs og skeiðar. Mjög fáránleg umræða að mínu mati en engu að síður náði hún yfirhöndinni og því fór sem fór.“

Hvað hefur verið þér efst í huga í þessari upprifjun á baráttunni? „Ekkert annað en

„Menn vissu alveg að þeir voru að gera eitthvað sem hugsan- lega teldist ólöglegt .“

það að hlutirnir hafa í grundvallaratriðum ekki breyst mjög mikið. Barátta af þessu tagi er ekki lokið og við eigum áfram eftir að lenda í vandamálum við að velja og hafna í sambandi við hverju skal halda og hverju skal fóna. Þetta er eilífðarverkefni sem hugsanlega sveiflast eitthvað frá kynslóð til kynslóðar eftir því hvert viðhorfið er hverju sinni.“

Ef sonur þinn ætlaði að grípa til ólöglegra aðgerða í nafni hugsjóna myndirðu hvetja hann til þess? „Það er erfitt að svara því afdráttarlaust, en ég held að ef að hann væri kominn upp að vegg á svipaðan hátt og við vorum, að öllum tilraunum til þess að leita sátta væri sópað út af borðinu og fram- kvæmdaraðilarnir væru bara að bíða eftir að þessi hríð gengi yfir svo þeir gætu hald- ið ótrauðir áfram þegar mótmælin könduðu niður, þá finnst mér enn að það sé réttlæt- anlegt að grípa til aðgerða sem eru á gráu svæði, svo ekki sé meira sagt.“

ALVÖÖRU ÚTSALA

Pottaplöntu- ÚTSALA



20-50%
afsláttur



Verkfæri

15-30%
afsláttur



Heimilistæki
20-40%
afsláttur



Búsáhöld
30-70%
afsláttur



Líkams-
ræktartæki
20%
afsláttur



Málning
20%
afsláttur



Parket og flísar
10-30%
afsláttur



Blöndunar- og
hreinlætistæki
20-25%
afsláttur



Fatnaður
30-70%
afsláttur



Handverkfæri
og verkfæratöskur
20-30%
afsláttur

RÝMINGARSALA Í SKÚTUVOGI

PARKET • FLÍSAM
INNIFURÐIR • BAÐKÖR
HANDKLÆÐAOFNAR
VEGGJA- OG LOFTAPILJUR
MIKIL VERÐLÆKKUN!

blómaval



HÚSAMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

PRADA



SAINT LAURENT



LOUIS VUITTON



PAUL SMITH



VALENTINO



→ Fylgihlutirnir



→ Leður

Leðurefnið verður á engu undanhaldi í herratísku haustsins, bæði í buxum, jökkum og frökkum. Leðurbuxurnar henta ekki hvaða herra sem er en þær voru sýndar bæði með þröngum og víðum skálum.

Herrarnir í haust

Herratískan fyrir haustið 2013 hefur verið í algleymingi síðustu vikunnar en herratískuvikur voru haldnar í Mílanó og París nú í janúar. Tískuhús á borð við Louis Vuitton, Burberry, Paul Smith, Lanvin og Saint Laurent sýndu hvað verður á boðstólum fyrir herrana næsta haust og vetur. Pykkar yfirhafnir í klassískum stíl, víðar leðurbuxur og teinótt jakkaföt eru meðal þess sem koma skal í herratískunni.

→ Munstur

Á tískupöllum var nokkuð um munstruð jakkaföt af öllum stærðum og gerðum. Hið klassíska teinótt munstur var áberandi og eflaust margir sem taka því fagnandi. Jakkafötin eiga gjarna að vera tvíhneppt og buxnaskálmarnar í styttri kantinum eða í ökklassídd.


PRADA



LOUIS VUITTON



SAINT LAURENT



BURBERRY PRORSUM

→ Duffelcoat

Hver man ekki eftir bangsanum Paddington og fállegu klassísku ullarkápunni hans? Nú hefur sú flík fengið uppreisn æru á tískupöllum en margir hönnuðir sýndu yfirhafnir með klassísku yfirbragði sem minnti á gömlu góðu „duffelcoat“-kápurnar.



ER HEILSA ÞÍN Í HÆTTU?



MYGLUSVEPPAPRÓF

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

AÐEINS
5 MIN.
MYGLU-
SVEPPA-
PRÓF



Pinninn tekinn í sundur.



Látid smella tvisvar í vökvafylltu kúlnni.



Hvíta lokið snúið af.



Setjið 5 dropa á hvort greiningarpróf.

IAQ Pro
Vnr. 41132003
Myglusveppapróf
3.900 kr.

Sjáðu myndband um myglusveppaprófið á www.iaqpronow.com

Einnig QR kóði í snjallsíma!



FÆST EINGÖNGU Í BREIDD

ÁREIÐANLEGT PRÓF!

Sveppafræðingurinn Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands fékk prófið til athugunar. Prófið nam t.d. svartmyglu, *Stachybotrys chartarum*, kúlustrýnebbu, *Chaetomium globosum* og *Aspergillus* tegund með græn gró. Prófið nemur þessar og um 30 aðrar varasamar tegundir sem vaxið geta innanhúss.



KYNNING Á MYGLUSVEPPAPRÓFI

Kynning verður á myglusveppaprófinu í BYKO Breidd laugardaginn 26. janúar frá 13-17.

Örn Haraldsson frá Fagsölusviði BYKO verður á staðnum og veitir ráðgjöf og upplýsingar.



VISTVÆNT ENSÍMEFNI
- Sterk blanda ensíma og örvera
- Brytur niður lífræn óhreinindi
- Fjarlægir blettir og eyðir lykt vegna lífrænna óhreininda á vistvænan hátt

22900102
Ensim Mikróhreinsir, 1 l.

1.890 kr.



MYGLUEYÐIR
- Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.

Vnr. 16001952
HG myglueyðir, 500 ml.

1.590 kr.



BAKTERÍUEYÐIR
- Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr iþróttafatnaði, sótt-hreinsun án klórs.

Vnr. 41111123
RODALON 1 l, 5% lausn.

1.790 kr.



51407417
Hita- og rakamælir.

1.990 kr.

Öll verð eru birt með hyfireara um prentvillur og eða myndabragi. Allar vörur lást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Gildir meðan birgðir endast.

EXPO - www.expo.is

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



SAFNAR SPILAKÖSSUM Pröstur Þór hefur sankað að sér biluðum spilakössum í nokkur ár og á nú orðið töluvert safn. Alla kassana hefur hann eignast bilaða en gert upp og reynir að koma þeim öllum í toppstand. Honum þykir þó ekkert endilega mjög gaman að spila kúluspil en hefur þeim mun meiri áhuga á gamaldags rafrásam sem leynast oftar en ekki undir spilaborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hefur reynt að kaupa alla spilakassa á Íslandi

Pröstur Þór á stærsta safn spilakassa á Íslandi og er með Addams family-kassa í stofunni heima.

Birgir Þór Harðarson

birgirh@frettabladid.is



Kúluspilakassar eru helsta áhugamál Prastar Þórs Höskuldssonar rafeindavirkja. Hann hefur safnað spilakössum á Íslandi í fjögur ár og á orðið eitt stærsta safn spilakassa á landinu. Spilakassana gerir hann upp og reynir að koma í toppstand. Í bílskúr á höfuðborgarsvæðinu er Pröstur með nokkra spilakassa sem hann kveikir á og sýnir blaðamanni og ljósmyndara þegar þá ber að garði. Pröstur hefur einbeitt sér sérstaklega að kúluspilakössum og hefur gert upp þó nokkuð marga slíka.

Í skúrnum er einnig að finna þrjá skjákassa sem allir eru í ólagi en úr því ætlar hann að bæta á næstunni. Einn þeirra er kunnuglegur Segu-fótboltaspilakassi og annar bílaleikskassi með stýri og tilheyrandi.

Meðal þeirra þema sem finna má á kúluspilum Prastar eru Star Wars, Indiana Jones, Chevrolet Corvette, Bride of Pin bot og Guns'n Roses. Sá síðastnefndi er hans uppáhalds en allir eru gríðarlega töff, eins konar listaverk eins og eigandinn bendir réttilega á.

Einstakt áhugamál

„Ég veit ekki um fleiri sem eru eins stórtækir í þessari söfnun og ég. Það eru einstaka spilakassakarlar sem eiga einn eða tvo kassa. Þeir vilja ekki láta þá,“ segir

Pröstur og þarf að hækka róminn til að yfirgnæfa einstaka lagstúf úr spilakössunum sem minna sífellt á sig og reyna að lokka mann í leik. „Ég er í raun búinn að reyna að kaupa alla spilakassana á Íslandi en sumir eigendur vilja skiljanlega halda í sína kassa, eins og ég. Ég á bara orðið allt of marga.“

Pröstur er með kúluspilakassa í stofunni heima hjá sér og segist stundum spila. Sá hefur Addams Family-þema. Hann á einnig nokkra kassa á víð og dreif í miðbænum sem hann hefur lánað út. Það fyrirkomulag segir hann ágætt því það sparar honum plássíð og ráðgerir hann einnig að fara að leigja spilakassana út til áhugasamra.

Í hverjum kassa eru hátt í tvö hundruð perur. Tækin segir hann ekki vera flókin og kallar spilakassana draumatæki rafeindavirkjans. „Þetta eru svona „old school“ rásir. Fyrir rafeindavirkja að komast í þessar rásir er draumur því teikningarnar og rásirnar eru svo skemmtilegar.“

Allir eldri en 20 ára

„Þetta eyðileggst ekkert,“ segir Pröstur og bendir á ótrúleg smáatriði í hönnun kassanna sem eiga að verja þá fyrir skemmdum. Bilaðir kassar þurfa hins vegar ekki að vera ónýtir þó þeir fari ekki í gang.

„Það eru svona tvö hundruð hlutir sem geta bilað í þessu og þeir bila ef fólk hefur ekki þekkingu á að viðhalda kössunum, hætta einfaldlega að virka. Ég

hef verið að kaupa kassa sem hafa ekki verið notaðir í sjö eða átta ár og það reynist aðeins ein bilun valda því að þeir fóru ekki í gang,“ segir Pröstur. Allir kassarnir hans eru meira en tuttugu ára gamlir, sumir smíðaðir fyrir hátt í þrjátíu árum, og allir voru bilaðir þegar Pröstur sótti þá.

Spurður hvort kassarnir hafi allir verið í notkun einhvers staðar segir hann suma þeirra hafi verið í spilasalnum Fredda í Hafnarstræti í Reykjavík, sem leið undir lok í kringum aldamótin, og á öðrum slíkum stöðum.

Hann segist þó vita af heilu gámunum sem hafa verið fluttir fullir af spilakössum til útlanda. Sérstaklega til Ástralíu og Bandaríkjanna þar sem þessi tæki eru sérlega vinsæl.

Meira gaman að gera við

Pröstur hefur jafnframt trú á því að spilakassarnir lifi framtíðina af. Auðvelt sé að verða sér úti um varahluti og tækin séu sívinsæl. „Þetta getur verið hálfónýtt en það má koma hvaða kassa sem er í 95 prósent ástand með smá vinnu,“ segir Pröstur sem sjálfur hefur eytt hátt í þremur mánuðum í hvern kassa.

„Það er enn verið að framleiða svona spilakassa. Flestir af þessum gömlu eru komnir í einkaeigu. Það eru svona furðufuglar eins og ég sem safna þessu en það sem heillar mig við þetta eru gömlu rásirnar. Mér finnst eiginlega skemmtilegra að gera við kassana en að spila og þegar ég er að spila þá er ég alltaf að leita að bilunum.“

„Það eru svona furðufuglar eins og ég sem safna þessu en það sem heillar mig við þetta eru gömlu rásirnar.“



FLOTTUR Kassinn með Indiana Jones-þemanu er flottur. Í borðinu ber að líta allt það helsta úr kvikmyndunum.

→ Uppáhaldsspilakassinn er Guns'n'Roses

Uppáhaldsspilakassi Prastar er þessi með Guns'n'Roses-þemanu. Ótrúleg smáatriði í teikningum og hönnun kassans heilla jafnvel óþjálfað auga.

Í spilaborði kassans eru myndir af hljómsveitar meðlimum, föngulegum konum og auðvitað byssum og rósum. Kassinn getur svo gleypst kúluna á ótrúlegustu stöðum og spýtir henni út um göng annars staðar í kassanum. Þegar kassinn er í gangi hljóma að sjálfsögðu hressir tónar Guns'n'Roses.

Pröstur hefur eytt mörgum stundum í að gera þennan kassa upp enda eru hundruð ljósapera undir spilaborðinu sem þurfa að vera í lagi. „Ég er búinn að taka allt í sundur og laga lóðningar og fleira.“



ÍÐAN Á AKUREYRI 28. JAN. - 2. FEB.

FRÆÐSLUVIKA Í IÐNAÐI




NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS

Símenntun í iðnaði á Akureyri

Yfir 20 námskeið í boði í matvælagreinum, bílgreinum, hársnyrtiiðn, bygginga- og mannvirkjagreinum og margmiðlun.

Kynntu þér framboðið á www.idan.is/akureyri



ÍÐAN
fræðslusetur

idan@idan.is - www.idan.is



VINSÆLL VÍNÝLL Vínýlplötur eru loksins komnar aftur í tísku eftir að hafa verið litnar hornauga árum saman.

NORDIPHOTOS/GETTY

Vínýllinn aftur kominn undir nálina

Eftir tuttugu ára eyðimerkugöngu eru vínýlplötur aftur komnar í tísku og sala á þeim hefur aukist mjög á undanförunum árum. Fréttablaðið kannaði hinn mikla uppgang vínýlmenningarinnar á Íslandi.

Freyr Bjarnason
frey@frettabladid.is



Sala á vínýlplötum hefur aukist mikið bæði hérlandis og úti í heimi á undanförunum árum eftir um tuttugu ára lægð. Því hafði verið spáð að vínýlplatan myndi deyja þegar geisladiskurinn steig fram í dagsljósið en annað hefur komið á daginn. Þótt vínýlsalan jafnist ekkert á við sölu á geisladiskum er núna farið að borga sig að framleiða plötur í nokkuð stóru upplagi. Því má segja að vínýlsala einkorðist ekki lengur við „sérvitringa“ sem selja notaðan vínýl í safnarabúðum eða í Kolaportinu því núna er þetta eiginlega tónlistarform komið aftur í tísku og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Tvö þúsund eintök seldust

Haraldur Leví Gunnarsson starfrækir Record Records, sem er afkastamesti vínýlframleiðandi landsins. Sextán vínýtítlar voru í dreifingu, þar af þrjár eldri útgáfur, hjá honum á síðasta ári og seldust þeir í um tvö þúsund eintökum.

Hvernig lítur árið 2013 út í vínýlsölu? „Það er augljóslega áhugi fyrir þessu og maður sér það skýrt þegar sumir titlar selja hlutfallslega meira af vínýl en í stafrænni sölu,“ segir hann. „Við munum halda áfram að gefa út þá titla sem eiga heima á vínýl. Hingað til höfum við haft upplögin um 300 eintök en það er orðið nokkuð ljóst að það þarf að auka við það og byrja á 500 eintökum. Sem dæmi framleiddum við 300 eintök af Ojba Rasta, Tilbury og Annarri Mósebók [með Moses Hightower] síðasta sumar. Tilbury og Moses seldust upp fyrir jóla og er Ojba Rasta að klárast. Auka upplag af Annarri Mósebók er þó komið í búðir.“

Söluhæsta platan var My Head Is An Animal með Of Monsters And Men sem seldist í um 400 ein-

tökum. Geisladiskurinn seldist á hinn bóginn í um tíu þúsund eintökum í fyrra og var vínýlsalan því 4% af heildarsölu árið.

→ Meiri sala í Bandaríkjunum og Bretlandi

Vínýlplötur seldust í 4,6 milljónum eintaka í Bandaríkjunum í fyrra. Það er 19% aukning frá árinu á undan. Salan er samt mjög lítil ef hún er borin saman við geisladiskasölu. Til að mynda seldist söluhæsta vínýlplatan, Blunderbuss með Jack White, í um 34 þúsund eintökum, samkvæmt tölum frá fyrirtækinu Nielsen Soundscan og Billboard. Hlutfall vínýlsölu í Bandaríkjunum var 1,4% af allri plötusölu í fyrra og 2,3% þegar stafræn sala er ekki tekin með í reikninginn. 67% allra vínýlplata voru keypt í sjálfstæðum tónlistarverslunum.

Í Bretlandi jókst vínýlsala fimmta árið í röð. 389 þúsund vínýlplötur seldust, sem var 15,3% aukning frá árinu á undan.



Stafrænt niðurhal fylgir með

Hvað er svona heillandi við vínýllinn? „Sumum finnst hljómgæðin töluvert betri en öðrum finnst skemmtilegra að eiga vínýl frekar en disk því hann er stærri og flottari og eigulegri. Svo eru enn aðrir sem finnst margt heillandi við hann en finnst erfitt að vera fastir við plötuspilarann að hlusta á músík því staðreyndin er sú að það er árið 2013 og menn vilja geta hlustað á músíkina sína hvar sem er. Þess vegna látum við alltaf stafrænt niðurhal af plötunni fylgja með öllum vínýlútgáfum svo sá sem kaupir plötuna geti einnig haft hana í bílnum eða á iPodinum sínum. Það gera það ekki allir útgefendur og því skora ég hér með á hina útgefendurna sem gera það ekki að byrja á því. Ég persónulega verð alltaf full þegar ég kaupir vínýl og fæ ekki niðurhalið með.“

Tónlistarmenn vilja vínýl

Baldvin Esra Einarsson hjá Kimi Records hefur gefið út tónlist á vínýl undanförunum fimm ár og salan hefur verið að aukast jafnt og þétt. „Núna finnst tónlistarmönnum þeir ekki hafa gefið neitt út fyrr en platan er komin út á vínýl. Fyrir tveimur árum var nóg að hún kæmi út á geisladiski,“ segir Baldvin Esra, sem hefur einnig staðið fyrir tveimur vínýlmörkuðum á Kexi Hosteli. Þar hefur mætingin verið góð og á fjórða hundruð vínýlplata selst. „Þetta er rosabylgja núna. Þetta eru ekki bara einhverjir gamlir karlar sem eru að rífa upp gömlu plötuspilarana sína heldur ungt fólk sem er komið með nýja plötuspilara. Þetta eru ungir tónlistarneytendur sem eru að öllu jöfnu vanari því að nálgast plötur á stafrænu formi. Þeir muna ekki eftir því að einu sinni var bara vínýll.“

Nemendum finnst þetta töff

Tónlistarspekúlantinn Jónatan Gardarsson segist eiga ágætis safn af vínýlplötum

og hlustar reglulega á það. Hann er með tvo virka plötuspilara á heimili sínu en eitt sinn voru þeir fimm. „Ég er að kenna rokksgögu í FÍH og nota vínýllinn mjög mikið. Ég er ekki með iPoda eða tölvur. Það er gaman að geta sýnt plöturnar og ég finn að nemendum finnst það áhugavert. Þeim fannst það skrítið fyrir nokkrum árum en núna finnst þeim það töff.“

Vínýlplöturnar vandaðri en áður

Í Hljómsýn í Ármúlanum hefur verið nóg að gera í plötuspilara- og vínýlplötusölu en verslunin flytur sjálf inn vínýlplötur. Að sögn eigandans Þorsteins Danielsenar hafa selst hátt í tvö hundruð nýir plötuspilarar í versluninni á hverju ári undanförunum ár. „Salan í fyrra var met-sala,“ segir hann og bætir við að fólk á öllum aldri hafi komið að versla.

Það sama á við um vínýlplöturnar. Þær seljast í um fjögur til fimm þúsund eintökum á ári hverju í versluninni. Á sama tíma hefur sala á erlendum geisladiskum hrapað hér á landi, að mestu vegna aukningar ólöglegs niðurhals.

Þorsteinn segir að vínýlplöturnar í dag séu mun vandaðri en þær sem komu út á árum áður. „Þetta er hágæða vínýll, „180 gramma audio file vínýl pressing“, sem þýðir að þetta eru allt önnur gæði en fólk átti að venjast áður fyrr. Margt af þessu er endurhljóðblandað og hljómar rosalega vel. Svo hafa plötuspilararnir aldrei verið betri. Þegar fólk fer að spila þetta heyrir það hversu gæðin eru mörgum klössum fyrir ofan venjulegar steriógræjur með venjulegum geislaspilunum. Þú líkir þessu ekki saman.“

Hann segist vita til þess að margir hafi hent vínýlsafninu sínu því þeir töldu að plöturnar heyrðu sögunni til en séd síðan eftir því. „Sennilega er Ísland eina landið þar sem menn hentu þessu. Þetta var allt í einu búið en þetta var ekkert búið.“

→ Söluhæstu íslensku vínýlplöturnar 2012

1. Of Monsters and Men - My Head Is an Animal (400 eintök)
- 2-4. Moses Hightower - Önnur Mósebók (300 eintök)
- 2-4. Retro Stefson - Retro Stefson (300 eintök)
- 2-4. Ásgeir Trausti - Dýrð í dauðapögn (300 eintök)
5. Retro Stefson - Queen 7" (250 eintök)



JÓNATAN GARDARSSON

BALDVIN ESRA EINARSSON

HARALDUR LEVÍ GUNNARSSON

FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. JANÚAR 2013

Kynningarblað

Sólarströnd
Siglingar
Kórferðalag
Vinsælir áfangastaðir
Flug
Skemmtun



Sumarsalan að hefjast hjá Úrval Útsýn

Úrval Útsýn er stærsta ferðaskrifstofa landsins. Ef hugurinn leitar út er ferðina þar að finna. Sumarsalan er að hefjast og verður boðið upp á úrvals sumaráfangastaði sem hafa reynst Íslendingum vel í bland við nýjungar. Þeir sem hyggja á ferð í sólina í sumar ættu að kanna hvað verður á boðstólum á sólarhringstilboðssölu Úrvals Útsýnar sem hefst á hádegi á mánudag.

Við verðum á kunnuglegum nótum í ár. Fólk fer í færri ferðir nú en fyrir hrun og við síður taka áhættu. Markaðurinn kallar eftir þekktum stærðum og áfangastöðum sem hafa reynst vel. Við erum þó alltaf að leita að nýjum gistinguöguleikum og erum að sjálfsögðu með eitthvað af nýjungum líka," segir framkvæmdastjórinn Þorsteinn Guðjónsson.

Boðið verður upp á spennandi og skemmtilega valkosti sem hafa gengið vel undanfarin ár. „Fyrst ber að nefna Tenerife sem fellur vel að íslenskum markaði. Þar eru góðir gistinguöguleikar og fínt framboð af afþreyingu. Eyjan er snýrtileg og Íslendingar koma glaðir þaðan. Veðurfarið hentar sömuleiðis vel enda viljum við

ekki allt of mikinn hita. Við viljum að hann sé sem næst 30 gráðum en ekki mikið hærri og því er Tenerife kjörinn staður," segir Þorsteinn.

Af öðrum áfangastöðum nefnir hann Almería sem hefur farið vaxandi og komið vel út. „Þetta eru að mörgu leyti ólíkir kostir en til Almería fara Spánverjarnir í frí, sem hefur tvo kosti: Þar hækkar verðlagið ekki jafn mikið og á mörgum ferðamannastöðum, enda eru Spánverjarnir mun meðvitaðri um hvað hlutirnir eiga að kosta. Þá fær fólk frekar nasasjón af hinu sanna mannlífi á Spáni enda viðhelst spænska menningin betur en á hreinræktuðum ferðamannastöðum. Maturinn ber þess sömuleiðis merki og blandast túrisminn betur saman við hið hefð-

bundna mannlíf," útskýrir Þorsteinn.

Þá nefnir hann Costa Brava sem er nýjung í ár. „Costa Brava er í Katalóníuhéraðinu og er flogið til Barcelona. Við stefnum á að vera með tvær brottfarir í viku svo fólk hefur meiri möguleika varðandi lengd ferðarinnar. Þarna eru litlir bæir og skemmtilegar strendur. Svæðið er þekkt fyrir úrvals matargerð og skartar mörgum Michelin-stöðum. Þá finnst mörgum nálægðin við Barcelona eftirsóknarverð og er vel hægt að taka einn dag þar eða enda ferðina á dvöl í Barcelona.“

Úrval Útsýn býður auk þess upp á ferðir til Alicante allt sumarið. „Við erum að bjóða gistingu inni í Alicante-borg, sem er nýjung,

og svo á Albír sem margir þekkja. Þá eru fjölmargar borgarferðir í boði árið um kring auk þess sem skemmtiferðasiglingarnar hafa gengið afar vel að undanfögnu. Þá verðum við með aukið úrval af sérferðunum og ætti fólk að vera vakandi fyrir sérferðabæklingi sem kemur út í febrúar en meðal sérferða má nefna Ný og betri, sem eru heilsutengdar ferðir, golfferðir og mjög spennandi ferð til Kína um mánaðamótin maí-júní.“

Úrval Útsýn er stærsta ferðaskrifstofa landsins og segir Þorsteinn hana þjóna öllum; jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum. „Ef hugurinn leitar út erum við með ferðirnar.“ Hægt er að lesa meira um ferðirnar og sólarhringstilboðið á www.urvalutsyn.is.



Þorsteinn segir sumaráfangastaðina spennandi og skemmtilega og hafa Íslendingar af þeim góða reynslu.

MYND/ANTON

ÓTRÚLEGT VERÐ
Í SÓLINA!

SUMARIÐ Í 24 TÍMA!

SÓLARHRINGSTILBOÐ Á VALDAR BROTTFARIR Í SUMAR

HEFST KL. 12:00 Á MÁNUDAG

Tenerife - Costa Brava - Albír
Almería - Alicante borg

Sumarsól
2013

1, 2, 3...
og svo allir
af stað!



NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

LÁGMÚLA 4 108 RVK | S. 585-4000 | INFO@UU.IS

ÚRVAL-ÚTSÝN



Norræna siglir milli Íslands, Færeyja og Danmerkur.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Siglt um heimshöfin í ævintýraferðum

Norræna ferðaskrifstofan hefur lengi boðið Íslendingum upp á hentugar ferðir með Norrænu. Nú hafa bæst í hópinn ævintýralegar skemmtisiglingar á sólríkum slóðum.

Norræna ferðaskrifstofan er gamlgróið ferðaþjónustufyrirtæki sem verður 25 ára í ár. Fyrirtækið er aðalumboðsaðili Smyril Line í Færeyjum sem á og rekur farþega- og bílaferjuna Norrænu sem siglir milli Íslands, Færeyja og Danmerkur. Auk þess er skipulag skemmtisiglinga fyrir hópa og einstaklinga stór hluti starfsemi fyrirtækisins en Norræna ferðaskrifstofan hóf að bjóða upp á skemmtisiglingar árið 2010 í samstarfi við Norwegian Cruise Line.

Að sögn Skúla Unnar Sveinssonar, ferðaráðgjafa hjá Norrænu ferðaskrifstofunni, njóta ferðir með Norrænu vinsælda hjá Íslendingum sem flestir taka bifreið eða mótorhjól með um borð. Að sama skapi hafa skemmtisiglingarnar slegið í gegn og margir viðskiptavinir koma aftur ár eftir ár. Yfir hásumarið tekur siglingin frá Íslandi til Danmerkur um tvo sólarhringa. Siglt er úr höfn frá Seyðisfirði á hádegi á fimmtudegi og lagt að í Danmörku á hádegi á laugardegi. „Þetta eru því tvær gistinætur um borð yfir sumarið. Á vorin og haustin bætist við aukanoft og skipið stoppar lengur í Færeyjum.“

Góður aðbúnaður um borð

Aðstæður um borð í Norrænu eru mjög góðar að sögn Skúla. Boðið er upp á nokkrar tegundir gistingar, allt frá svefnpokaplássu upp í svítu. Boðið er upp á gistiklefa, með eða án glugga, en allir klfar hafa badherbergi með sturtu og handlaug. Auk þess hafa flestir klfarnir lítinn kæliskáp sem er sérstaklega hentugt þegar ferðast er með börn. „Norræna býður upp á þrjá veitingastaði í ólíkum verð- og gæðaflokkum. Auk þess er lítil sundlaug um borð og heitir pottar, bíosalur og gott leiksvæði fyrir börnin. Farþegar þurfa ekki að láta sér leiðast yfir sumartímamann.“

Nú býður Norræna upp á sérlega góð tilbod til Íslendinga sem ferðast fram og til baka frá Íslandi. „Ef hjón fara til dæmis utan háannatímans með fólksbíl og gista í klfra



Skemmtiferðaskipið Epic er annað stærsta sinnar tegundar í heiminum. Norræna ferðaskrifstofan býður upp á siglingar með skipinu.

án glugga kostar ferðin 109.000 kr. fram og til baka með bílinn. Þá er miðað við að brottför sé annaðhvort fyrir 20. júní eða eftir 14. ágúst. Þetta er tvímælalaust möguleiki sem fólk ætti að skoða í sumar.“

Spennandi skemmtisiglingar

Norræna ferðaskrifstofan selur úrval skemmtisiglinga í Miðjarðarhafinu og Karíbahafinu með Norwegian Cruise Line. Fyrirtækið er rómað fyrir góða þjónustu og gæði enda valið besta fyrirtækið sinnar tegundar í Evrópu fimm ár í röð. Þetta er fjórða árið í röð sem boðið er upp á skemmtisiglingar og hafa vinsældir þeirra vaxið milli ára. „Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með ferðirnar. Í ár bjóðum við upp á fimm hópferðir um Miðjarðarhafið og Karíbahafið í ólíkum verðflokkum.“

Siglingarnar um Miðjarðarhafið hefj-



„Farþegar þurfa ekki að láta sér leiðast yfir sumartímamann“, segir Skúli Unnar Sveinsson, ferðaráðgjafi hjá Norrænu ferðaskrifstofunni.

MYND/GVA

ast í Barcelona eða Feneyjum og taka 7-12 daga. Að sögn Skúla er allt innifalið í þessum ferðum, matur, gisting og öll skemmtidagskrá um borð. Þó þarf að greiða fyrir drykki um borð og þjóf. „Það er allt til alls um borð í þessum skipum. Þau eru í raun

eins og fimm stjörnu hótél. Skipin eru með 13-15 veitingastaði, bari, sundlaugar, nudd, keilu, leikhús og bíó. Þessar ferðir eru í boði á vorin og haustin þegar hitastigið er þægilegt fyrir okkur Íslendinga.“

Fyrir alla aldurshópa

Ferðir um Karíbahafið hefjast í Tampa í Flórída. Siglt er suður í Karíbahafið, til Beliz og Hondúras. Boðið er upp á mislangar ferðir en Norræna ferðaskrifstofan býður upp á sjö daga siglingar á þessu svæði. „Auðvitað eru miklu fleiri ferðir í boði en við bjóðum upp á. Við tökum bara nokkrar ferðir út úr hópferðir okkar og bjóðum upp á íslenska fararstjórn. Þessar siglingar eru bara í boði í haust. Í ár bjóðum við upp á nýja hálfsmánaðar ferð sem hefst í Los Angeles. Þaðan er siglt niður með vesturströnd Mexíkó, gegnum Panamaskurðinn og endað í Miami.“

Ferðirnar eru á góðu verði að sögn Skúla. Þannig kostar Miðjarðarhafssigling í september með Epic aðeins frá 295.000 kr. á mann. Þá er siglt frá Barcelona, upp með vesturströnd Ítalíu, til Frakklands og Mallorca. „Skemmtisiglingar eru fyrir fólk á öllum aldri og alls ekki bara fyrir eldri borgara. Það er mikið líf og fjör um borð þar sem allir aldurshópar finna eitthvað við sitt hæfi. Það er siglt um nætur og fólk vaknar alltaf í nýrri höfn. Boðið er upp á daglegar skoðunarferðir, frábæran mat og skemmtilega kvölddagskrá.“

Norræna ferðaskrifstofan býður auk þess upp á skíðaferð til Týról í Austurríki í apríl og gönguferð til sama staðar í júlí undir öruggri leiðsögn fólks sem býr á svæðinu og gjörþekkir það. Nánari upplýsingar má finna á norræna.is og smyril-line.is.



Spánn með VITA í allt sumar

Upplifðu

- ✓ Fjölskylduvæna áfangastaði
- ✓ Fjölbreytt úrval gististaða
- ✓ Mikla afþreyingu á svæðinu
- ✓ Fallegar strendur
- ✓ Terra Mitica skemmtigarðinn
- ✓ Aqualandia vatnsrennibrautagarðinn
- ✓ Mundomar vatnaveröld
- ✓ Terra Natura náttúrulífsgarðinn
- ✓ Eitthvað fyrir alla



CALPE

Fjölskylduvænn
áfangastaður

Larimar íbúðir

Verð frá **85.400 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m/ 1 svefnh. 95.300 kr.

17. apríl - 24. apríl



BENIDORM

Líf og fjör í sólinni

Melia Benidorm

Verð frá **123.400 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 134.300 kr.

11. - 18. júní



ALBIR

Rólegheit og afslöppun

Kaktus Albir

Verð frá **103.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli með hálfu fæði 112.600 kr.

24. - 30. apríl



CALPE

Fjölskylduvænn
áfangastaður

Sol Y Mar íbúðir

Verð frá **103.000 kr.**

á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð m/3 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m/ 1 svefnh. 123.400 kr.

11. - 18. júní

Tíu eftirsóknarverðustu staðirnir

Lonely Planet birti lista í haust yfir þá tíu staði sem mest er um vert að heimsækja í heiminum en Ísland er meðal þeirra.

Ísland er númer sjö á listanum og er umsögnin um landið afar góð, fallett landslag, góður matur og gestrisni Íslendinga. Þá er getið um að íslenska krónan hafi fallið um 75% í efnahagsbruninu sem gerir ferðalagið hagkvæmt fyrir budduna þótt verðlag fari hækkandi í landinu.

Í fyrsta sæti listans er Srí Lanka. Eftir erfið ár hefur hagur landsins vænkast og ferðamannastraumur aukist. Verðlag er hagstætt og nú er Srí Lanka í rauninni það land þar sem mest er hægt að fá fyrir peninginn, sérstaklega ef hægt er að fá ódýrt flug frá Bangkok.

Númer tvö á lista Lonely Planet er Svartfjallaland. Fagurt landslag og villt náttúra auk frábærra stranda. Fjöll og höf, segja þeir hjá Lonely Planet og minna fólk á að taka gönguskó og sundföt með sér. Margvísleg útivist í boði, fjallgöngur, göngu- eða hjólaferðir og margir skemmtilegir bæir að sækja heim.

Númer þrjú er S-Kórea en þar er margt spennandi að sjá. Á undanförunum árum hefur efnahagsvöxturinn verið mikill í landinu og hefur það breyst úr einu fátækasta landi í Asíu í eitt það ríkasta.

Númer fjögur er Ekvador. Þetta suðurameríska land hefur margt



Ísland er meðal þeirra tíu landa sem áhugaverðast er að heimsækja á þessu ári að mati Lonely Planet.



Númer tvö á lista Lonely Planet er Svartfjallaland. MYND/GETTY



Srí Lanka er í efsta sæti listans en þangað er gott að koma sem ferðamaður.

að bjóða en það liggur á milli Kólumbíu til norðurs og Perú í suðaustri með Kyrrahafið í vestur. Bent er á að nýlega hafi járnbrautarkefnið verið endurnýjað. Hægt er að ferðast frá höfuðborginni Quito til hafnarbæjarinnar Guayaquil, sem er stærsta borg landsins, og er vonast til að það auki ferðamannastraum til landsins.

Númer fimm er Slóvakía. Þar

fer efnahag batnandi eftir innngöngu í Evrópubandalagið. Ástæðuna fyrir heimsókn til landsins má finna í fagurri náttúru, mikilli sögu og góðum möguleikum á afslöppun. Landið er lítið en hefur upp á margt að bjóða. Skíða- og helgarferðir eru vinsælar til Slóvakíu, sérstaklega þar sem verðlag er hagstætt í landinu.

Salómonseyjar í S-Kyrrahafi eru númer sex á listanum. Þar er hægt að komast í allra skemmtilegustu köfun sem völ er á. Nokkuð frumstætt land sem hefur átt erfitt vegna malaríu sem hefur fælt ferðamenn frá eygni. Sagt er að það sé auðveldara að ferðast um nú en fyrir nokkrum árum þar sem samgöngur hafi batnað. Eyja sem hentar þeim

sem vilja öðruvísi ferðalag, þar sem hvorki finnast lúxushótel né stórir verslunarmarkaðir. Gisti staðir eru einfaldir, jafnvel bara heimagisting.

Ísland er í sjöunda sæti en í því áttunda er Tyrkland. Land sem hefur mikla sögu og merkilega forna staði. Bent er á austurhluta Tyrklands í þessu tilliti, gamlar borgir eins og Maridin og Midyat, frábæran mat í Gaziantep og nýlega fundnar rústir í Göbekli Tepe nálægt Sanliurfa. Þá er spennandi að ganga Abrahamsleiðina en gist er á kúrdískum heimilum í göngunni, enda langt frá ferðamannastöðum við ströndina eða gamla bænum í Istanbul.

Í níunda sæti er Dóminíska lýðveldið. Þar hefur ferðamannastraumur aukist um 8,4% undanfarið, enda eru nú fleiri flugfélög sem bjóða ferðir þangað auk skemmtiferðaskipa. Landið er kjörið fyrir þá sem vilja fara á sjöbretti eða njóta lífsins á góðu hóteli við fallega strönd. Góður matur, ýmis afþreying og karabísk stemning.

Í tíunda sæti er Madagaskar sem er fjórða stærsta eyja í heimi á eftir Grænlandi, Nýju-Gíneu og Borneó. Vegna einangrunar sinnar hefur eyjan framúrskarandi plöntu- og dýralíf. Eyjan er í Inlandshafi.

8. maí í 20 nætur

Benidorm

Frá kr. 189.900 með hálfu fæði

Frábær vorferð fyrir eldri borgara

Fararstjóri: Birgitte Bengtson

Heimsferðir gerir eldri borgurum frábært tilboð í ferð til Benidorm í vor. Einstakt sértilboð með gistingu á Hotel Melia. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Benidorm á ótrúlegum kjörum. Fjöllbreytt dagskrá í boði í fylgd fararstjóra Heimsferða.

Frábært verð
189.900 á mann í tvíbýli
 með hálfu fæði 8. maí í 20 nætur.
 Verð fyrir einbýli aukalega kr. 80.500.
 Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 35.000.

Tilboðið gildir til 15. febrúar!
 Eftir það hækkar verðið um 10.000 kr.





Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



Kyrjurnar við söng undir berum himni í fjallasal.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Sungu í Ölpunum

„Við höfum ferðast saman til Slóveníu og Ítalíu og núna síðast til Týról í Austurríki. Þangað fórum við í tilefni af fimmtán ára starfs-afmæli kórsins. Vorum í viku og héldum tónleika, meðal annars við kaþólska messu,“ segir Ásta Guðmundsdóttir, ein söngkvennanna í kvennakórnum Kyrjurnar.

Þetta var þó ekki bara vinnuferð heldur líka skemmtiferð og fór hópurinn í dagsferðir, meðal annars til Brixen í Ítalíu og til Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi.

„Á hæsta fjalli Þýskalands, Zugspitze, sungum við meðal annars Sunnan yfir sæinn breiða. Sigurbjörg Hv. Magnúsdóttir, kórstjórinn okkar, var ekki með í ferðinni á toppinn og því stjórnaði Halldóra Aradóttir, undirleikarinn okkar, þar undir berum himni en hún útsetur mörg lög fyrir okkur. Við sungum svo bara eftir því hvernig lá á okkur í ferðinni. Þetta var afar þægileg og skemmtileg ferð sem heppnaðist frábærlega,“ segir Ásta og bætir við að slíkar ferðir geri hópum gott.

„Þetta hristi hópinn mjög vel saman. Makarnir kynntust og við þeim. Svo er það líka svo sálarbætandi að syngja. Lagavalið er skemmtilegt og yfirleitt í léttari kantínunum hjá okkur. Við höldum tvenna tónleika á ári og tökum þátt í kórámótum hér innanlands og förum í æfingabúðir svo starfið er mjög skemmtilegt. Nú erum við að byrja aftur eftir áramótin og auðvitað væri gaman að fá fleiri félaga í kórinn,“ segir Ásta, sem sjálf hefur verið þrjú ár í kórnum. „Þetta hafði alltaf blundað í mér og þegar stelpurnar mínar voru allar orðnar stórar ákvað ég að skella mér og sé ekki eftir því.“

Nánar má forvitnast um Kyrjurnar á kyrjurnar.123.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



EYJAPERLUR Í HÖRPU

Vestmannaeyjagossins verður minnst á tónleikum í Hörpu kl. 19.30 í kvöld með þeim Stefáni Hilmarssyni, Magna, Eyþóri Inga, Þór Breiðfjörð, Siggú Beinteins, Margréti Eir og Gretu Salóme. Þau flytja þekktar Eyjaperlur ásamt sextán manna popp- og kammersveit og fjörutíu manna kór.

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja grunninn. Öll skólastig.

Nemendapjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

VÉLSTJÓRN



Hefur þú starfað við vélstjórn í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærni-mat verið fyrir þig!

Raunfærni-mat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærni-mati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærni-mat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS



Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆÐSLUMIDSTOÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN & VINNUMARKAÐI



IDAN
fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is



Í SUMAR OG SÓL ÁRIÐ UM KRING

BJARGVÆTTIR Trausti Hafsteinsson og kona hans, Rún Kormáksdóttir, starfa sem fararstjórar á Tenerife og hafa dvalið þar í fjögur ár ásamt tveimur dætrum. Þau finna vel fyrir kreppunni á Spáni, enda atvinnuleysi mikið þar.

Trausti hefur starfað í fararstjórn í fjórtán ár með hléum þegar hann starfaði sem blaðamaður á Bláðinu og síðan á DV. Hann segir að þessi tvö störf fari ágætlega saman þar sem álagið getur verið mikið á báðum þessum vettvöngum.

Það var hjart og 24°C hiti á Tenerife þegar við slógum á þráðinn til Trausta. Hann og kona hans sinna stórum hópi frá Íslandi og þurfa að vera til taks allan sólarhringinn. Trausti og Rún starfa fyrir Heimsferðir og taka vel á móti Íslendingum allan ársins hring.

„Starf fararstjóra er virkilega skemmtilegt og það er gaman að vinna við aðaláhugamál sitt, ferðalög. Starfið

er líka mjög krefjandi og ýmislegt getur komið upp á. Flestir sem hingað koma eru hér til að slappa af og skemmta sér og það er mjög gaman að kynnast mörgu skemmtilegu fólki. Íslendingar kunna að njóta lífsins. Reglulega koma þó upp erfið tilfelli, alvarleg veikindi, jafnvel dauðsföll en einnig ólæti sem geta orðið að lögreglumáli. Við þurfum þess vegna að sinna öllum skalanum, ef svo má að orði komast,“ útskýrir Trausti og segir að einstaka Íslendingur taki áhyggjurnar með sér í friði. Það sé þó sem betur fer sjaldgæft. Hann segir flesta ferðamenn á Tenerife vera á aldrinum 45-60 ára á þessum tíma árs, en fjölskyldufólk er meira áberandi á sumrin.

Í BRASÍLÍU

Trausti fór ásamt fjölskyldu sinni í ferðalag um Suður-Ameríku síðasta sumar en ferðinni er heitið til Kenía næsta sumar.

MYNDIR ÚR EINKASAFNI

NÝTT NÝTT

Nýjar vörur farnar að berast



Toppur á 10.900 kr.

Enn er hægt að gera góð kaup á útsölnni.

30%-50% afsláttur

Verðdæmi:

Verð áður: Verð nú:

Kápa ~~12.900 kr.~~ 7.900 kr.

Kjóll ~~7.500 kr.~~ 3.750 kr.

Buxur ~~6.900 kr.~~ 3.990 kr.

black pepper
FASHION

f Kíkið á facebook síðuna okkar.

Opíð virka daga kl. 11 - 18
Opíð laugardaga kl. 11-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
BÖRN EIGA
RÉTT Á
GEGN VERND
OFBÆLDI?

LAUGARDAGSKAFFIÐ
MEÐ AÍLA FANNARI OG HÁUK MORDINGJA
SVART OG SYKURLAUST KL. 15 - 17

Nýtt frá
Z.Biz
Vor 2013



Rita

Við erum á Facebook   Bæjarlind 6 • S. 554 7030
Opíð 10-16 í dag
www.rita.is



Í VINNUNNI Þarna leiddi Trausti gönguhóp upp á topp Teide, hæsta fjalls Spánar (3.718 m), í september síðastliðnum.

BÍLGREINAR



*Raunfærni-
mat*

Hefur þú starfað við bifvélavirkjun, bifreiðasmíði eða bílamálun í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu? Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.

**NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS**



Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆDSLUMIDSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MÉNNTUN & VINNUMARKAÐI



IDAN
fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

► **BARNVÆNIR SKÓLAR**

„Fyrst eftir hrunið fækkaði íslenskum ferðamönnum hér en undanfarna mánuði höfum við fundið fyrir talsverðri fjölgun,“ segir Trausti sem sjálfur býr með fjölskyldu sinni í gamla bænum, Los Cristianos, sem liggur nálægt Amerísku ströndinni. Nágrannar eru heimamenn. Dætur hans, Tanja Líf, 14 ára, og Matthildur, 8 ára, ganga í spænska skóla sem Trausti segir að séu opinberir skólar og mjög barnvænir. „Þær stunda tónlistarnám, leiklist, söng og íþróttir utan skóla sem er talsvert ódýrara en heima á Íslandi,“ greinir Trausti frá. „Hið opinbera kerfi er til fyrirmyndar hér hvað varðar tómstundir fyrir börn og einnig fyrir fullorðna.“

Þrátt fyrir mikla kreppu og atvinnuleysi á Spáni, segir Trausti að heimamenn séu glaðværir. „Ætli það sé ekki góða veðrið? Maður heyrir það þó á fólkinu að það glímur við skuldir og atvinnuleysi. Þessa þungu og reiðu undiröldu sem hefur verið áberandi heima eftir hrun er þó ekki að finna hér.“

▲ **Á FERÐ UM HEIMINN**

Trausti segir yndislegt að búa á Tenerife. „Þetta er lítil en einkar falleg eyja, hér er bjart allt árið um kring og veðrið alltaf gott sem er notalegt. Hér er líka skemmtileg menning og fjölskrúðugt mannlíf. Heimamenn leggja mikla áherslu á samveru fjölskyldunnar og margt er gert fyrir börn og unglinga. Dætur okkar hafa átt auðvelt með að aðlaga sig aðstæðum hér og eru ánægðar með lífið. Skólarnir eru góðir og dæturnar eru orðnar betri í spænsku en foreldrarnir,“ segir Trausti enn fremur og bætir við að eldri dóttirin sé þó farin að skoða framhaldsskóla heima á Íslandi. „Hugsanlega þurfum við að breyta lífi okkar þegar að því kemur,“ bætir hann við en dæturnar eru ekki óvanar því að ferðast um heiminn. Þær hafa dvalið um lengri eða skemmri tíma í hinum ýmsu löndum með foreldrunum. „Áður en við fluttum hingað hafði ég starfað á Ítalíu og Grikklandi. Einnig hef ég meðal annars starfað í Austurríki, Marokkó, Gambíu, Tyrklandi og á meginlandi Spánar og svo töluvert á Kanaríeyjum og í Tékklandi. Þess utan höfum við fjölskyldan auðvitað ferðast víða sjálf. Þessi ferðalög víkka sjóndeildarhringinn hjá dætrunum og gera þær vísýnni. Börn hafa þó ekki alveg sama frjálrsræðið hér og heima.“

▲ **KARNIVAL Á ÞORRA**

Þegar Trausti er spurður hvort þorrinn verði blótaður á Tenerife, svarar hann



því til að mikil karnivalhátíð hefjist í byrjun febrúar. „Það eru mögnuð hátíðahöld sem tengjast þeirri gömlu hefð að kveðja kjötið fyrir páskaföstuna og leggja eyjaskeggjar mikið upp úr hátíðahöldum. Hér á Tenerife er önnur fjölmennasta karnivalhátíðin á eftir Ríó í Brasilíu.“

▲ **Í HÖRÐU FRÉTTUNUM**

Trausti segist stundum sakna blaðamennskunnar. „Mér fannst mjög skemmtilegt að vinna við fjölmiðla. Ég byrjaði á Bláinu en færði mig síðan yfir á DV. Það var á þeim tíma sem átti að rífa blaðið upp eftir mikla lægð. Við vorum hörkuduglegur hópur sem höfðum metnað til að gera vel. Þetta var eftir að DV birti fréttina um kynferðisbrotamann á Ísafirði og við þurftum að leggja hart að okkur til að fá fólk til að tala við blaðið,“ segir hann. Þrátt fyrir fremur stuttan feril í blaðamennsku vann Trausti fjölmiðlasamegningu á vegum Evrópusambandsins árið 2010 og var einnig tilnefndur til íslensku blaðamannaverðlaunanna.

▲ **Í SUÐUR-AMÉRIKU**

Síðasta sumar fór fjölskyldan í gott frí til Suður-Ameríku. „Við fórum til Brasilíu, þar sem mágur minn býr, síðan til Argentínu og Paragvæ en þetta var algjörlega ógleymanleg ferð, sérstaklega Amazon-skógarnir. Sú ferð hafði verið lengi á dagskrá. Í sumar er ferðinni heitið í safariferð til Kenía og vonandi getum við tekið smá frí á Íslandi líka. Síðasta vor komum við heim til að ferma dóttur okkar en sú vika fór einkum í undirbúning veislunnar og að halda upp á stórafmæli Rúnar,“ segir Trausti sem segist ekki fá heimþrá, enda varið góðum hluta ævinnar í útlöndum, þar á meðal nokkrum árum í Frakklandi á unglingsaldri. „Maður saknar þó alltaf fjölskyldu og vina.“

▲ **GLEÐI**

Þar sem sólin skín alla daga þar er gleði. Trausti ásamt eiginkonu sinni, Rún, og dætrunum Tönju sem er 14 ára og Matthildi sem er 8 ára.

▲ **TÖFF TÍMI**

„Þetta var eftir að DV birti fréttina um kynferðisbrotamann á Ísafirði og við þurftum að leggja hart að okkur til að fá fólk til að tala við blaðið.“



SAGA LJÓSMYNDNA

LEIÐSÖGN Ljósmyndasýningin Þættir úr sögu ljósmyndunar á Íslandi 1970-1990 stendur nú yfir á Þjóðminjasafninu. Á morgun verður ókeypis leiðsögn.

Um síðastliðna helgi var opnuð ljósmyndasýning á Þjóðminjasafninu, byggð á nýútkominni skýrslu safnsins, Þættir úr sögu ljósmyndunar á Íslandi 1970-1990, eftir Steinar Örn Atlason.

Á morgun leiðir Ívar Brynjólfsson ljósmyndari gesti safnsins um sýninguna.

„Við erum að rannsaka íslenska ljósmyndasögu bæði samtímasögu og fortíðina. Árið 1995 var gerð rannsókn á tímabilinu 1950 til 1970 þar sem tekin voru almenn viðtöl við ljósmyndara um áhuga þeirra á ljósmyndun, hvar þeir lærðu, hvernig námið fór fram og svo framvegis. Einar Örn Atlason tók saman skýrslu og skrifaði lýsingu á tímabilinu sem kom út á bók. Svo var ákveðið að halda áfram og taka næstu tuttugu ár fyrir,“ útskýrir Ívar.

Tekin voru viðtöl við fimmtán ljósmyndara einnig fólk sem var í forvígí fyrir söfnun gamalla ljósmynda og áhuga ljósmyndara. Þá er einnig að finna sýn-

ingatal og lista yfir þær bækur sem gefnar voru út á þessum tíma, um ljósmyndun.

„Við reyndum að taka fyrir allar stéttir. Þetta er yfirgripsmikið efni en nær sjálf-sagt ekki yfir alla. En ég tek fram að það var enginn undanskilinn að yfirlögðu ráði,“ útskýrir Ívar. Hann segir að með rannsókninni hafi fengist ákveðin yfirsýn yfir stöðu ljósmyndunar á Íslandi á þessu tímabili.

„Á þessum tíma verða ljósmyndasöfnin til að mynda sterkari, áhugaljósmyndarar verða einnig áberandi á þessu tímabili og ljósmyndarar fara utan til að mennta sig.“

Á sýningunni er að finna myndir úr safneign Þjóðminjasafnsins, Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur og úr einkaeigu ljósmyndaranna sjálfra.

Leiðsögnin hefst klukkan 14 á morgun. Þess má geta að á morgun er einnig loka-dagur sýningarinnar Einvígi aldarinnar. Fischer og Spassky – 40 ár, í Þjóðminjasafninu. heida@365.is

YFIRGRIPSMIKIL SÝNING

Ívar Brynjólfsson ljósmyndari verður með ókeypis leiðsögn um sýninguna Þættir úr sögu ljósmyndunar á Íslandi 1970-1990 á morgun í Þjóðminjasafninu.

MYND/GVA

BYGGINGAGREINAR



Hefur þú starfað við pípulagnir eða húsasmíði í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is



ÍSLENSKT PARTÍ

Áhugaverð kvikmynd

Íslenska kvikmyndin XL í leikstjórn Marteins Þórs-sonar hefur nú verið sýnd í Sambíóunum í viku og hlotið afar góðar viðtökur. Kvikmyndin hefur að auki fengið góða gagnrýni, sérstaklega leikarinn Ólafur Darri, sem sagður er bera hitann og þungann af myndinni. Á Facebook-síðunni XL-movie er hægt að fylgjast með umræðum um myndina og sjá skemmtilegar um-sagnir. Myndin segir frá þingmanninum Leifi sem neyddur er í áfengis meðferð en ákveður að halda eitt heljarinnar parti áður en sú meðferð hefst. Íslenskar myndir eru ekki fyrir-ferðarmiklar í bíóhúsum svo það er um að gera að skella sér á XL og upplifa veisluna með þessum frábæru leikurum.



Suzuki gítarnám

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík býður nú upp á gítarnám í fyrsta sinn fyrir nemendur á aldrinum 3ja til 7 ára.

Einnig er kennt á fiðlu, víólu, píanó og selló.

Skrifstofa skólans er opin milli kl. 9:00-13:00 mánudaga-föstudaga.

Upplýsingar í síma 551-5777 eða á postur@suzukitonlist.is





UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðsla, skipulagsmál og fræðsla á sviði umhverfismála.

Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 40 og skiptist starfsemi þess í fjórar skrifstofur: skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á heimasíðu þess www.umhverfisraduneyti.is

Sérfræðingur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing á skrifstofu fjármála og rekstrar

Helstu verkefni

- Rekstar- og fjárhagsáætlanir
- Fjárlagagerð, kostnaðareftirlit
- Hagkvæmnisútreikningar vegna rekstrar og endurskipulagningar
- Eftirlit með fjármálastjórnun stofnana ráðuneytisins
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur verkefni á skrifstofu fjármála og rekstrar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2013 og skal umsókn með upplýsingum um starfsferil og menntun skilað til Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga Austurvegi 56, 800 Selfossi, eða að senda þær á netfangið thorvardur@sudurland.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS í síma 480-8200. Bæði konur og karlar eru hvött til þess að sækja um störf.

Nánari upplýsingar um starfsemi SASS er að finna á www.sudurland.is og www.sudur.is.

SAMTÖK SUNNLEUSKRA SVEITARFÉLAGA

Staða íslensks dómara við Mannréttindadómstól Evrópu

Kjörtímabil íslensks dómara við Mannréttindadómstól Evrópu rennur út þann 31. október 2013. Evrópuráðið hefur því farið þess á leit að tilnefnd verði af Íslands hálfu þrjú dómaraefni en samkvæmt 22. gr. mannréttindasáttmálans sbr. lög nr. 62/1994 eru dómaraefni við Mannréttindadómstólinn kjörnir af þingi Evrópuráðsins af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir. Miðað er við að kosið verði á milli þeirra á þingi Evrópuráðsins í júní 2013, að undangengnum viðtölum í undirnefnd þingsins sem fjallar um val dómara.

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg fjallar um mál sem til hans er vísað af einstaklingum og samningsaðilum vegna meintra brota á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu eða samningsviðaukum við hann. Dómstóllinn er skipaður einum dómara frá hverju samningsríkja.

Um hæfisskilyrði dómara við mannréttindadómstólinn er fjallað í 21. gr. mannréttindasáttmálans og kemur þar fram að dómaraefni skuli vera menn grandvarir og verði þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómaraættum eða vera lögvisir svo orð fari af. Þeir skuli skipa sæti sitt sem einstaklingar og meðan kjörtímabil þeirra varir skuli þeir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem sé ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómara starfs. Samkvæmt 23. gr. eru dómaraefni kosnir til níu ára og þá má ekki endurkjósa. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

Þann 28. mars 2012 samþykkti ráðherraefnd Evrópuráðsins leiðbeinandi reglur, nr. 40 (2012), um val á dómaraefnum sem koma til greina í embætti dómara við Mannréttindadómstól Evrópu. Í þeim reglum má m.a. finna leiðbeiningar við mat á þeim skilyrðum sem ráðherraefndin telur dómaraefni við dómstólinn þurfa að uppfylla. Sjá tengla á vef Evrópuráðsins á heimasíðu innanríkisráðuneytisins, www.irr.is undir floknum auglýsingar. Þar er einnig að finna upplýsingar varðandi starfskjör og stöðu dómaraefni við mannréttindadómstólinn, auk annarra viðeigandi gagna og upplýsinga varðandi val á dómaraefnum.

Sérstök athygli er vakin á því að dómstóllinn gerir þá kröfu að dómari hafi gott vald bæði skriflega og munnlega á öðru tveggja opinberra tungumála

réttarins, þ.e. ensku eða frönsku, og nokkurn skilning á hinu. Dómstóllinn leggur áherslu á að á listanum séu dómaraefni af báðum kynjum.

Hér með gefst þeim sem áhuga hafa á að vera tilnefndir af Íslands hálfu sem dómaraefni við mannréttindadómstólinn kostur á að senda innanríkisráðuneytinu umsókn sína eigi síðar en 11. febrúar 2013. Umsóknir og fylgigögn óskast send til innanríkisráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is.

Er þess óskað að umsóknir berist á íslensku, ensku og jafnframt frönsku ef unnt er á sérstökum umsóknareyðublöðum Evrópuráðsins. Tengil er að finna á heimasíðu innanríkisráðuneytisins, www.irr.is, undir floknum auglýsingar.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um tilnefningu liggur fyrir.


Innanríkisráðherra mun skipa fimm manna dómnefnd til að meta umsóknir þeirra sem áhuga hafa á að vera tilnefnd sem dómaraefni. Óskað verður eftir tilnefningum Hæstaréttar Íslands, dómstólaráðs, Lögmannafélags Íslands og utanríkisráðuneytisins. Innanríkisráðherra mun skipa formann nefndarinnar án tilnefningar. Mun dómnefndin skila umsögn um umsækjendur og gera rökstudda tillögu um hver þeirra teljist hæfust til að vera tilnefnd. Tilnefningar stjórnvalda verða byggðar á þessari tillögu.

Frekari upplýsingar veitir Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri, í síma 545 9000, netfang: bryndis.helgadottir@irr.is.

Innanríkisráðuneytinu,
24. janúar, 2013.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Sérfræðilæknir á líknardeild

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis á líknardeild. Einkum er leitað eftir sérfræðilækni með reynslu af lyflækningum eða skyldri sérgrein og áhuga á líknarmedferð. Um er að ræða 100% starf en hlutastarf kemur einnig til greina. Starfið veitist frá 1. apríl 2013 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu
- » Vinna í Heimahlýningu LSH
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir LSH
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum eða skyldum greinum
- » Áhugi og þekking á líknarlækningum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 15.02.2013

Upplýsingar veitir Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir, valgersi@landspitali.is, sími: 543-1000

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.


Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni líknardeildar, Landspítala í Kópavogi.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Ef samið verður um fullt starf (100%) þá er það bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Sérfræðilæknir í endurhæfingarlækningum

Starf sérfræðilæknis í endurhæfingarlækningum við endurhæfingardeild á Grensá er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. apríl 2013 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Starf á sólarhringsdeild, dagdeild og göngudeild ásamt bakvaktþjónustu. Um er að ræða fjölbreytt verkefni m.a. á sviði heilablóðfalls, heilaskaða, mænskakaða, útlímamissis og fjóláverka.
- » Samráðskvaðningar á deildum Landspítala.
- » Þátttaka í kennslu og vísindastörfum eftir samkomulagi.

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í endurhæfingarlækningum.
- » Reynsla af sjúkrahústengdri endurhæfingu.
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg.
- » Góð samskiptahæfni og hæfileiki til að starfa í þverfaglegu teymi.

Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 09.02.2013

Upplýsingar veitir Stefán Yngvason yfirlæknir, stefanyn@landspitali.is, sími: 543 1000

Umsókninni skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til Stefáns Yngvasonar, yfirlæknis, Landspítala Grensá, 108 Reykjavík. Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Hafnsögumaður

Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa hafnsögumann frá og með 15. maí 2013. Starfið felst aðallega í leiðsögu skipa á svæði Faxaflóahafna sf., skipstjórn dráttarbáta, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Hafi skipstjórnarréttindi – CB (2. stigs skipstjórnarnám)
- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómannanna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum. Unnið er á 12 klst vöktum allt árið.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt HAFNSÖGUMAÐUR fyrir 19. febrúar n.k. Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsókn fylgi sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525 8900.



Héraðsdýralæknir

Matvælastofnun auglýsir laust til umsóknar starf héraðsdýralæknis í Suðvesturumdæmi frá og með 1. apríl 2013. Um er að ræða fullt starf og er umdæmisskrifstofan staðsett í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Skipulag eftirlits með heilbrigði og velferð dýra
- Skipulag eftirlits með framleiðslu matvæla
- Framkvæmd opinbers eftirlits
- Sóttvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum dýra
- Gerð eftirlitsáætlaða og skýrslugerðir
- Skipulag vaktþjónustu í umdæminu
- Umsjón með rekstri umdæmisskrifstofu
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í dýralækningum
- Reynsla af eftirliti og opinberri stjórnarsýslu
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Gíslason (jon.gislason@mast.is) og Stefán Guðmundsson (stefan.gudmundsson@mast.is) í síma 530-4800. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Gögnum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Héraðsdýralæknir" eða með tölvupósti á starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2013 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

...frá heilbrigði til hollustu



Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar

Ákveðið er að opna nýja bráðalyflækingadeild á A-2 í Fossvogi þann 2. apríl n.k. Leitað er að áhugasömum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til að taka þátt í að byggja upp og starfa á nýrri deild.

Hugmyndafræði deildarinnar er að erlendra fyrirmynd þar sem áhersla er lögð á skilvirkt verklag við innlögn. Á deildinni verður þverfagleg teymisvinna og unnið verður að eftirliti og meðferð bráðveikra sjúklinga í samræmi við klínískar leiðbeiningar, með öryggi þeirra að leiðarljósi.

Deildin verður 15 rúma sólarhringsdeild ætluð sjúklingum með bráð lyflæknisvandamál. Þar verða lagðir inn sjúklingar samkvæmt ákveðnum skilmerkjum sem geta útskrifast innan 72 klst.

Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Einnig óskum við eftir hjúkrunarfræðingum á fastar næturvaktir.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Að vera virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu á nýrri deild
- » Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunar meðferð
- » Skrá hjúkrun í samræmi við reglur LSH
- » Fylgjast með nýjungum í hjúkrun
- » Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunar- eða sjúkraliðaleyfi
- » Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- » Faglegur metnaður

Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 16.02.2013.

Upplýsingar veita María Vígðis Sværissdóttir deildarstjóri, netfang maria.v@landspitali.is, sími: 824 5991 og Þórgunnur Hjaltadóttir mannauðsráðgjafi, netfang torgunnur@landspitali.is, sími: 825 5136

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir laus til umsóknar störf sérfræðings í viðskiptagreind (BI) og forritara. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfstöð í Reykjavík.

Störfín eru í upplýsingatækniþjónustu sem er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs bankans. Upplýsingatækniþjónusta annast þróun, rekstur og viðhald á tölvukerfi og hugbúnaði bankans.

Sérfræðingur í viðskiptagreind (BI)

Helstu verkefni:

- Uppbygging á viðskiptagreindarumhverfi bankans.
- Framsetning upplýsinga með þar til gerðum BI tólum.
- Þarfagreining, skjölun og gerð leiðbeininga fyrir notendur umhverfisins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á viðskiptagreind og uppbyggingu vöruhúsa.
- Þekking á upplýsingasöfnun, gagnaskilum og gæðum gagna.
- Þekking á SQL Server og tengdum tólum.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum.

Forritari

Starfssvið forritara:

- Þarfagreining, forritun og viðhald kerfa.
- Samskipti við ytri þjónustuaðila.
- Skjölun og gerð leiðbeininga fyrir notendur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á forritun í Microsoft umhverfi (Visual Studio 2010/2012).
- Þekking á forritun sem tengist SQL Server.
- Þekking á XML, vefþjónustum og þjónustumiðaðri högun (SOA).
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Færni í mannlegum samskiptum.

Seðlabankinn leitar eftir starfskrafti með þjónustulund, metnað, frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum og áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Bankinn býður upp á gott starfsumhverfi og góða möguleika á endurmenntun/símenntun.

Nánari upplýsingar um störfín veitir Arnar Freyr Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu, í síma 569-9600.

Sótt skal um störfín á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is, í síðasta lagi sunnudaginn 10. febrúar. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.





Hópkaup
auglýsir eftir fólki til að prófa tilboð vefsíðunnar. Tekin verða upp kynningar-myndbönd sem birt verða með tilboðunum.

BESTA VINNA Á ÍSLANDI?
Viltu fá borgað fyrir að gista á flottum hótélum? Borða góðan mat á veitingastöðum? Fara í nudd, snyrtingu eða prófa aðrar spennandi vörur og þjónustu?

**ÁHEYRNARPRUFUR
31. JANÚAR
KL. 17 Í BÍÓ PARADÍS**

Hæfniskröfur / Umsækjendur þurfa að:
Vera 20 ára eða eldri.
Koma vel fyrir.
Tala rétt íslenskt mál.
Vera vel skipulagðir.
Hafa brennandi áhuga á markaðsmálum.
Reynsla af myndbandagerð er kostur en ekki skilyrði.

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

Suðurlandsbraut 22 – 108 Reykjavík – hopkaup.is – Sími 520 1030

HÓTEL
Ísafjörður

Matreiðslumaður óskast
Veitingastaðurinn Við Pollinn á Hótel Ísafirði óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa. Fjölbreytt heilsársstarf.

Einnig vantar okkur matreiðslumann/menn til sumar-afleysinga á tímabilinu maí til september, allt sumarið eða að hluta eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Áslaug í síma 456-4111/898-3915 eða aslaug@hotelisafjordur.is



**ÖRYGGISVÖRÐUR
SECURITY GUARD**

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2013.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this position is **February 8, 2013**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

Deildarstjóri bakreikningsdeildar fiskveiðistjórnunarsviðs

Fiskistofa leitar að viðskiptafræðingi til að leiða bakreikningsdeild Fiskistofu. Bakreikningsdeild er hluti af stærsta sviði stofnunarinnar, fiskveiðistjórnunarsviði. Deildin hefur viðamiklu hlutverki að gegna við rannsóknir og eftirlit, en bakreikningar fela í sér rannsókn á því hvort innvígtaður afli í fiskvinnslum sé í samræmi við framleiddar afurðir í viðkomandi fyrirtæki.

Um framtíðarstarf er að ræða og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu í Vestmannaeyjum. Næsti yfirmaður er forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á verkum bakreikningsdeildar
- Endurskoðun á niðurstöðum bakreikningsrannsókna
- Bakreikningsrannsóknir
- Skýrslugerð
- Þátttaka í almennri stefnmótun deildarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, framhaldsmenntun í endurskoðun kostur
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af bókhaldi
- Glöggskyggni á tölur og mikil hæfni til greiningar og úrvinnslu gagna
- Framúrskarandi hæfni til skýrslugerðar
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Áhugi og hæfni til rannsóknarvinnu

Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði ásamt góðri samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða kunnáttu og hæfni til að sækja og vinna upplýsingar úr gagnagrunnum. Reynsla af vinnu með SQL fyrirspurnarmál eða Oracle Discoverer er kostur. Þekking á sjávarútvegi er mikill kostur.

Fiskveiðistjórnunarsvið sinnir m.a. eftirliti með vigtun og skráningu sjávaraflla og eru bakreikningar liður í því eftirliti. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrefna Gísladóttir sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs og Sigurjón Ingvason sviðsstjóri lögfræðisviðs í síma 569-7900.

Umsóknum sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1B, 220 Hafnarfirði merktar „Deildarstjóri bakreikningsdeildar“.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2013. Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sölumaður óskast

Innflutningsfyrirtæki með snyrtivörur o.fl. óskar eftir jákvæðum og metnaðarfullum sölumanni til framtíðarstarfa.

Starfið felst í:

- Kynningu og sölu á vörum okkar.
- Eflingu núverandi viðskiptasambanda og öflun nýrra.
- Framsetningu vara í verslunum.

Hæfniskröfur:

- Búa yfir góðri þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaðarfullur, hafa góða skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Almenn tölvukunnátta og bílpróf nauðsyn.
- Reynsla af sölustörfum er kostur.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist fyrir 3.02.2013 á box@frett.is

FORSTÖÐUMAÐUR HJÚKRUNARHEIMILIS Í GARÐABÆ

Á vegum Garðabæjar er nú í byggingu nýtt hjúkrunarheimili á Strikinu 1-7 á Sjólandi sem taka mun til starfa á fyrri hluta þessa árs.

Húsnæðið er um 6000 m² að stærð og skiptist þannig:

- Hjúkrunarheimili með 60 rýmum sem staðsett verður á 2., 3. og 4. hæð hússins samtals 4500 m².
 - Þjónustumiðstöð á 1. hæð hússins þar sem veitt verður fjölbreytileg þjónusta sem nýst getur bæði heimilisfólki og öðrum bæjarbúum samtals 1500 m².
- Heimilið er rekstrareining sem heyrir undir fjölskyldusvið Garðabæjar.

Garðabær óskar eftir að ráða til starfa forstöðumann hjúkrunarheimilisins í 100% starf. Forstöðumaður ber stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni sem er sviðstjóri fjölskyldusviðs.

Helstu verkefni:

- Forstöðumaður veitir hjúkrunarheimilinu forstöðu.
- Forstöðumaður undirbýr flutning og rekstur nýs hjúkrunarheimilis og þjónustumiðstöðvar.
- Forstöðumaður hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hjúkrunarheimilisins á Sjólandi ásamt dagdvöl og iðjuþjálfun í þjónustumiðstöð.
- Forstöðumaður undirbýr og stýrir fyrirhugaðri yfirfærslu málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélagsins í samráði við sína yfirmenn.

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa lokið námi á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu af stjórnun og rekstri. Þekking og reynsla af stjórnun á sviði öldrunarþjónustu er æskileg.
- Viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður.

Laun eru skv. hlutaðeigandi kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast sækjið um á vef Garðabæjar Minn Garðabær. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2013

Frekari upplýsingar veitir Bergljót Sigurbjörnsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs Garðabæjar, í síma 5258500. Netfang: bergljot@gardabaer.is



Flugmálastjórn Íslands leitar að góðu fólki í eftirfarandi störf

Fulltrúi í þjálfunar- og skirteinadeild

Starfssvið: Starfið felst einkum í útgáfu heimilda til einstaklinga í flugtengdum störfum. Meðal verkefna eru:

- Yfirfara og staðfesta gögn um menntun, þjálfun og heilbrigði sem þarf til útgáfu skirteina
- Veita upplýsingar og leiðbeina umsækjendum
- Eiga samskipti við flugrekendur, flugskóla og flugliða
- Sinna skjalavörslu og almennum skrifstofustörfum

Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Hæfileiki til að tileinka sér efni reglugerða á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvuþekking
- Mjög góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Helgason sérfræðingur í þjálfunar- og skirteinadeild (sími 569 4352 / guðmundur@caa.is) og Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs (sími 569 4187 / hallas@caa.is)

Eftirlitsmaður í flugrekstrardeild

Starfssvið: Starfið felst einkum í eftirliti með starfsemi flugrekenda og starfrækslu loftfara. Meðal verkefna eru:

- Yfirferð og mat á heimildum til starfrækslu loftfara með hliðsjón af gildandi kröfum
- Eftirlit með flugrekstri, m.a. úttektir og skoðanir á flugstarfsemi sem felst í eftirliti á handhöfum flugrekstrarleyfa og starfrækslu loftfara
- Veita upplýsingar og leiðbeiningar til flugrekenda og annast samskipti eins og við á

Um er að ræða 50% starfshlutfall. Nauðsynlegt er að eftirlitsmaður í flugrekstrardeild hafi reglubundna viðveru.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Nýleg reynsla sem atvinnuflugmaður og reynsla úr fjölstjórnarumhverfi loftfara
- Mikla skipulags- og greiningarhæfni og getu til að tileikna sér nýja þekkingu
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram reglugerðarkröfur
- Þekking á kröfum varðandi gæða- og öryggisstjórnunarkerfi (SMS) er kostur
- Kostur er að umsækjendur hafi lokið viðurkenndu úttektarnámskeiði
- Góð almenn tölvuþekking
- Mjög góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veita Páll S. Pálsson deildarstjóri í flugrekstrardeild (sími 569 4322 / palls@caa.is) og Einar Örn Héðinsson framkvæmdastjóri flugöryggisviðs (sími 569 4187 / einarh@caa.is)

Við leitum að starfsmönnum með góða samstarfshæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Starfsmenn þurfa að sýna frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum og vera faglegir í starfi. Starfsmenn Flugmálastjórnar þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir álagi, vera skipulagðir og agaðir í verkum sínum í hvívetna.

Í boði eru áhugaverð störf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum.

Umsóknir skulu berast til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík eða á netfangið fms@caa.is fyrir 11. febrúar 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með u.þ.b. 45 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.

Flugumferðarstjóri sem eftirlitsmaður í flugleiðsögu- og flugvalladeild

Starfssvið: Starfið felst einkum í úttektum og eftirliti með starfsleyfishöfum flugleiðsöguþjónustu og þjálfun flugumferðarstjóra. Jafnframt þátttöku í gerð reglugerða og alþjóðlegu samstarfi á sviði flugleiðsöguþjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- A.m.k. fimm ára reynsla af störfum sem flugumferðarstjóri
- Viðbótarmenntun á háskólastigi er kostur
- Þekking á reglugerðarumhverfi flugleiðsöguþjónustu er kostur
- Þekking á öryggisstjórnunarkerfum (SMS) og úttektum er æskileg
- Mjög góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvuþekking
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veita Reynir Sigurðsson framkvæmdastjóri flugleiðsögu- og flugvallasviðs (sími 569 4345 / reynir@caa.is) og Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs (sími 569 4305 / hallas@caa.is)

Eftirlitsmaður í flugleiðsögu- og flugvalladeild

Starfssvið: Starfið felst einkum í úttektum og eftirliti með flugvöllum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Menntun tengd flugi eða minnst fimm ára reynsla af störfum á flugvelli eða í flugtengdri starfsemi
- Þekking á gæðakerfum eða reynsla á því sviði nauðsynleg.
- Þekking á öryggisstjórnunarkerfum (SMS) og úttektum er æskileg
- Mjög góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvuþekking
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veita Reynir Sigurðsson framkvæmdastjóri flugleiðsögu- og flugvallasviðs (sími 569 4345 / reynir@caa.is) og Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs (sími 569 4305 / hallas@caa.is)



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Starf ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar hjá styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna innan BSRB

Styrktar- og sjúkrasjóðir stéttarfélaganna innan BSRB leita að tveimur ráðgjöfum til að starfa á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða samvinnuverkefni styrktar- og sjúkrasjóða stéttarfélaganna innan BSRB og VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs. Ráðgjafarnir munu halda utan um starfsendurhæfingarmál einstaklinga sem eru með skerta vinnugetu vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi starf í umhverfi sem er enn í mótun og uppbyggingu.

Helstu verkefni ráðgjafans verða:

- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning fyrir einstaklinga.
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum.
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingar-áætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila.
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnisins.

Helstu hæfnikröfur vegna starfsins eru eftirfarandi:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi, t.d. á sviði félagsráðgjafa, hjúkrunar, iðjubjálfunar, sálfræði, eða sjúkrabjálfunar.
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar.
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.
- Áhugi á að vinna með einstaklingum og geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga.
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð.
- Geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.

Upplýsingar um starf ráðgjafa og starfsemi VIRK er að finna á vefsíðu BSRB www.bsrb.is og vefsíðu VIRK www.virk.is. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til BSRB Grettisgötu 89, 105 Reykjavík eða á tölvupóstfangi bsrb@bsrb.is fyrir 8. febrúar 2013.



STYRKARSJÓÐUR BSRB



STÉTTARFÉLAG
LAUGARVANGSUNNVAÐA



Viltu anda að þér sveitalofti?

Knattspyrnufélag Rangæinga (KFR) auglýsir eftir áhugasömum þjálfara eða þjálfurum, fyrir 3. og 5. flokk karla og 5. flokk kvenna.

KFR mun aðstoða við leit að húsnæði og hálfu starfi meðfram þjálfuninni ef viðkomandi vill flytja á svæðið. Hvort sem þú er karl eða kona þá biðum við eftir þér. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Auður Erla formaður KFR, á audurerla@hotmail.com eða í síma 861-6116



SÉD OG HEYRT

AUGLÝSIR EFTIR BLAÐAMANNI Í FULLT STARF!

Réttri manneskju er lofað lifandi og skemmtilegu starfi sem gerir lífið skemmtilegra!

Hæfniskröfur

- Háskólapróf eða stúdentspróf ásamt reynslu sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Færni til að vinna hratt og undir álagi
- Hugmyndaauðgi
- Sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir sendið inn umsóknir ásamt ferilskrám á veffangið sedogheyrt@birtingur.is

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar næstkomandi

SEÐ OG HEYRT VIKAN NÝTT LÍF HÚS Gestgjafinn JÚLÍU SAGANÓL MANNLÍF

BIRTINGUR ÚTGÁFUFLAG | LYNGÁSI 17 | 210 GARDABÆ | BIRTINGUR ÚTGÁFUFLAG
S: 515-5500 | WWW.BIRTINGUR.IS

VILTU VINNA?

STARFSFÓLK VANTAR Í VERSLANIR OKKAR REYKJAVÍK OG AKUREYRI



VERSLUN

Sölumaður óskast í fullt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina auk tilfallandi starfa í verslun. Viðtæk og góð þekking á tölvubúnaði skilyrði

VERKSTÆÐI

Tæknimaður með góða reynslu í fartölvu viðgerðum og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna. Nýleg og góð þekking á helstu tölvuútlutum og tölvubúnaði skilyrði.

Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Staða framkvæmdastjóra

Klúbburinn Geysir óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf. Klúbburinn Geysir er fyrir fólk sem á eða hefur átt við geðræn veikindi að stríða. Klúbburinn starfar eftir alþjóðlegri hugmyndafræði Fountain House, sem byggir á markvissri uppbyggingu á hæfileikum og getu einstaklingsins.

Starfið byggir m.a. á frumkvæði, samvinnu við klúbbfélaga, starfsfólk og stjórn, stefnumótun og samstarfi við klúbba erlendis.

Starfssvið í samvinnu við starfsfólk og félagastofn m.a. í:

- yfirumsjón með daglegum rekstri klúbbsins og að hann sé innan rekstraráætlunar
- umsjón með fjármálum klúbbsins
- starfsmannamálum
- stefnumótun
- umsjón með kynningarmálum.
- reka Klúbbinn Geysi samkvæmt hugmyndafræði Fountain House

Menntunar og hæfniskröfur:

- krafist er háskólamenntunar sem nýtist í starfi og viðtækrar reynslu af stjórnunarstörfum
- reynsla og þekking á málefnum geðsjúkra æskileg
- jákvæðni, viðsýni og skipulögð vinnubrögð
- kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli nauðsynleg
- færni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi einstaklingur sá sem ráðinn verður geti hafið störf eigi síðar en um miðjan apríl.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar næstkomandi og skal umsóknum skilað rafrænt á kgeysir@kgeysir.is merktum „Umsókn“.

Upplýsingar um Klúbbinn Geysi og Fountain House má finna á www.kgeysir.is og www.iccd.org



ÞÚ GETUR LÁTIÐ LJÓS ÞITT SKÍNA Í LUMEX

Sölumaður í verslun: Leitum af kraftmiklum einstaklingi með brennandi áhuga á hönnun og reynslu af sölustörfum

Lagermaður: Vantar traustan starfsmann til að bera ábyrgð á lagerhaldi og sjá um útkeyrslu. Tölvukunnátta og reynsla af lagerhaldi æskileg.

Umsóknir sendist á ingi@lumex.is.

Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is



Starf í viðskiptaþjónustu TM

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í viðskiptaþjónustu félagsins.

Starfssvið:

- // Listavinna vegna endurnýjana
- // Yfirferð tilboða og samskipti við söluaðila
- // Samskipti við bílaumboð og fjármögnunarfélög
- // Önnur tilfallandi verkefni innan deildar

Hæfniskröfur:

- // Góð almenn menntun sem nýtist í starfi
- // Góð tölvufærni
- // Framúrskarandi samskiptahæfni
- // Geta til að starfa sjálfstætt og sem hluti af hópi
- // Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss vinnubrögð

Viðkomandi þarf að vera röskur og eiga gott með að tileinka sér nýja þekkingu. Reynsla af samþæringum störfum (bakvinnslustörfum) er kostur.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **3. febrúar** 2013. Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir auðkenndar með yfirskriftinni "Viðskiptaþjónusta" á tölvupóstfangið starf@tm.is Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Unnur Lea Pálsdóttir, deildarstjóri viðskiptaþjónustu (unnur@tm.is) veitir frekari upplýsingar um starfið.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavina vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í tæp 60 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

TM // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is



www.hafnarfjordur.is



ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Verkefnisstjóri (PMT/SMT)

Staða verkefnisstjóra (PMT/SMT) við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar.

PMT-0 stendur fyrir Parent Management Training og er foreldrafærniþjálfun sem hefur verið þróuð í Oregon USA og innleidd í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar í formi SMT (School Management Training). Helstu verkefni eru umsjón og skipulag á þjónustu PMT/SMT við leik- og grunnskóla bæjarins. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meðferðarmenntun PMT – FORELDRAFÆRNI og meðferðarreynsla skilyrði ásamt reynslu í SMT vinnu við skóla.
- Háskólamenntun s.s löggiltur sálfræðingur eða löggiltur félagsráðgjafi skilyrði
- Frumkvæði og samstarfshæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi við aðra sérfræðinga

Allar upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur grunnskóla, sími 585 5800 eða 590 2800 netfang eirikurth@hafnarfjordur.is.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til sviðsstjóra fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður. Netfang: magnusb@hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til 4. febrúar 2013.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar / fræðslustjóri



Sérfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn

**Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf sérfræðings
með aðsetur á Höfn laust til umsóknar.**

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og nær landsvæði hans alls yfir u.þ.b. 14.000 km².

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Starf sérfræðings tilheyrir suðursvæði, sem nær frá Lómagnúp í vestri að Lónsöræfum í austri.

Um er að ræða fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf í einstöku umhverfi.

Starfið felur m.a. í sér:

- Umsjón með rekstri upplýsingamiðstöðvar á Höfn.
- Fræðslu og upplýsingagjöf.
- Starfsmannahald.
- Þátttöku í uppbyggingu og viðhaldi sýningar í Gömlubúð.
- Umsjón með landvörslu.
- Samstarf við ferðaþjónustu, atvinnulíf eða aðra hagsmunaaðila.
- Faglega umsjón útivistar.
- Skýrslugerð.

Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Háskólamenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla á náttúruvernd og umhverfismálum svo og landvörslu og/eða leiðsögn.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta er kostur.

Eftirfarandi kröfur um hæfni eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til ákvarðanatöku og framkvæmd ákvarðana.
- Jákvæðni og áhugi á að takast á við nýtt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Þekking og reynsla af rekstri og bókhaldi.
- Þekking á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er mjög æskileg, sem og staðgóð almenn landfræðileg þekking á Íslandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði, Skaftafelli, 785 Öræfum eigi síðar en **20. febrúar n.k.**

Upplýsingar um starfið veitir Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Skaftafelli sími 842 4370 eða regina@vjp.is.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Dómari við Mannréttindadómstól	Innanríkisráðuneyti	Reykjavík	201301/093
Starfsmaður í ræstingu	Alþingi	Reykjavík	201301/092
Ritari þingmanna	Alþingi	Reykjavík	201301/091
Fulltrúi í þjálfunar- og skírteinadeild	Flugmálastjórn Íslands	Reykjavík	201301/090
Eftirlitsm. í flugl.s.- og flugvalladeild	Flugmálastjórn Íslands	Reykjavík	201301/089
Flugumferðastj. sem eftirlitsmaður	Flugmálastjórn Íslands	Reykjavík	201301/088
Eftirlitsmaður í flugrekstrardeild	Flugmálastjórn Íslands	Reykjavík	201301/087
Fjármálastjóri	Menntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201301/086
Lektor í sagnfræði	HÍ, sagnfræði- og heimspekideild	Reykjavík	201301/085
Yfirlæknir barna- og ungl.geðlækn.	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201301/084
Verslunarstjóri	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Kirkjubæjarkl.	201301/083
Sérfræðingur	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Reykjavík	201301/082
Sérfræðingur í fjárhagsstöðu	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201301/081
Sérfræðingur í launa- og tekjutölfr.	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201301/080
Fulltrúi á innheimtusviði	Tollstjóri	Reykjavík	201301/079
Forritari	Námsmatsstofnun	Reykjavík	201301/078
Deildarstjóri bakreikningsdeildar	Fiskistofa	Vestmannaey.	201301/077
Fjármálastjóri	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201301/076
Fjárstýringar	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201301/075
Forritari	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201301/074
Sérfræðingur í viðskiptagreind (BI)	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201301/073
Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar	LSH, lyf- og húðlækningadeild	Reykjavík	201301/072
Sérfræðilæknir	LSH, líknardeild	Reykjavík	201301/071
Deildarlæknir	LSH, endurhæfingarlækningar	Reykjavík	201301/070
Sjúkraliði	LSH, dag- og göngudeild augnlækn	Reykjavík	201301/069
Lífeindafræðingur	LSH, hjartarannsóknarstofa	Reykjavík	201301/068
Sérfræðingur	Rannsóknamiðstöð ferðamála	Akureyri	201301/067
Sjúkraflutningamenn	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201301/066
Mælingaraðili	Veðurstofa Íslands, Háskóli Íslands	Reykjavík	201301/065

Spennandi Framtíðarstarf! Bakari / Aðstoðarbakari hjá Valgeirsbakarí ehf.

Starfsvið:

Framleiðsla á brauði, sætabrauði, kökum ofl.

Hæfniskröfur:

Reynsla af matvælavinnslu æskileg.
þarf að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni.
þarf að geta unnið sjálfstætt.

Góð laun og afkastahvetjandi launakerfi,
Upplýsingar veitir: Ásmundur í síma 659-3001



Námskeið um notkun sprengiefna

Dagana 25. febrúar – 1. mars 2013 verður haldið námskeið í Reykjavík um meðferð sprengiefna ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið sem er fræðilegt er ætlað þeim sem öðlast vilja réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni. Til að fá leyfi lögreglustjóra til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu þarf viðkomandi einnig að standast verklegt próf í meðferð sprengiefna.

Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðsgjald sem er kr. 91.100,- í síðasta lagi miðvikudaginn 20. febrúar 2013.

Námskeiðið verður haldið í húsnæði Rafiðnaðarskólans, Stórhöfða 27, Reykjavík og hefst kl. 09:00 mánudaginn 25. febrúar 2013.

Athugið að fjöldi þátttakanda er takmarkaður.

Skráning á slóðinni <http://skraning.ver.is>.

Nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins
Bíldshöfða 16, Reykjavík, s. 550 4600.

ÚTBOÐ

15378 – HÖNNUNARSAMKEPPNI FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS - STÆKKUN VERKNÁMSAÐSTÖÐU

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. mennta- og menningar-
málaráðuneytis og fjögurra sveitarfélaga á Suðurlandi,
Sveitarfélagsins Árborgar, Héraðsnefndar Árnesinga,
Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-
Skaftfellinga, býður til opinna hönnunarsamkeppni
(framkvæmdasamkeppni) um stækkun verknámsaðstöðu
Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi.

Við skólann skal reisa myndarlega viðbyggingu til að bæta
verknámsaðstöðu skólans. FSu er þróttmikill framhaldsskóli
sem markað hefur sér skýra framtíðarsýn um fjölbreytt og
metnaðarfullt skólastarf. Með samkeppni þeirri sem nú
er efnt til um stækkun verknámsaðstöðu við FSu er leitað
hugmynda að bættri umgjörð um það starf. Gert er ráð fyrir
að stækkunin fari ekki yfir 1.653 m² brúttó.

Tvö fyrirsprungartímabil eru í samkeppninni og lýkur því fyrra
28. febrúar 2013 en því síðara 4. apríl 2013. Skilafrestur
tillagna er 24. apríl, fyrir kl. 16:00 hjá Ríkiskaupum.

Veitt verða þrenn verðlaun að heildarfrárhæð 6 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að hönnun verði lokið og útboðsgögn tilbúin
í lok árs 2013 og að framkvæmdir hefjist snemma árs 2014
og þeim verði lokið um áramót 2014/2015.

Samkeppnin fer fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands
og er auglýst á EES-svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna í samkeppnislýsingu sem
er aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is útboðs-
númer 15378. Til að nálgast itargögn verður að skrá sig
til þátttöku á vefnum en gögn verða einnig fáanleg, gegn
framvísun staðfestingar á þátttöku og 3.500,- kr. greiðslu,
hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík.

Skrifstofa Ríkiskaupa er opin virka daga frá kl. 9:00 – 15:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Leiktæki á leikskóla- og skólalóðir,
útboð nr. 12961.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod




Reykjavíkurborg

Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is



Ræktun sumarblóma og matjurta 2013-2015

Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær og Garðabær óska eftir
tilboðum í ræktun sumarblóma og matjurta fyrir árin
2013-2015.

Útboðsgögn eru til afgreiðslu í húsi Umhverfis og fram-
kvæmda að Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði. Nánari upp-
lýsingar veitir Björn Bögeskov Hilmarsson, garðyrkjustjóri
Hafnarfjarðarbæjar í netfanginu boddi@hafnarfjordur.is

Tilboðin verða opnuð mánudaginn 18. febrúar n.k.
kl. 10:00 á sama stað. Verð útboðsgagna er kr. 4.000.

Garðyrkjustjórinn í Hafnarfirði
Garðyrkjustjórinn í Kópavogi
Garðyrkjustjórinn í Garðabæ

ÚTBOÐ

HÚS ÍSLENSKRA FRÆÐA ARNGRÍMSGÖTU 5 REYKJAVÍK JARÐVINNA - GRÖFTUR FYRIR HÚSI ÚTBOÐ NR. 15380

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd mennta- og
menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands óskar eftir
tilboðum í verkið Hús íslenskra fræða, Arngrímsgötu 5,
Reykjavík - Jarðvinna - gröftur fyrir húsi.

Verkið felst í að grafa fyrir 6.500 m² nýju húsi ásamt
aðstöðusköpun, byggingagirðingu umhverfis fyrirhugað
vinnusvæði og lagningu frárennislagnar jarðvatns frá
svæðinu.

Helstu magntölur eru:

Gröftur fyrir húsi	18.000 m ³
Gröftur í föst jarðefni (grafa > 20 m ³ /klst.)	900 m ³
Fleigun í grunnni (grafa < 20 m ³ /klst.)	7.000 m ³
Fyllingar v/ aðstöðusköpunar og í grunnni	2.000 m ³
Frárennislögn (jarðborun)	300 m
Byggingagirðing	475 m

Verkinu skal vera að fullu lokið í maí 2013.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá
Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með
þriðjudeginum 29. janúar 2013. Tilboðin verða opnuð hjá
Ríkiskaupum, 20. febrúar 2013 kl 11:00 að viðstöddum
þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Hesthamrar 8 - 112 Reykjavík



ÓPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL. 12:00 TIL 12:30
212,6 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Hesthamra 8 í Reykjavík. Gott skipulag. 3-4 svefnherbergi. Sólskáli með arinstæði. Gróinn garður með timburverndum. Stórt hellulagt bílapan. Eignin er laus til afhendingar strax. Húsið þarfnast lagfæringar að innan. **V. 44,9 m.**

Hvammgerði 1 - 108 Reykjavík



ÓPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL. 13:00 TIL 13:30
Mjög fallegt 160,4 m² einbýlishús á 2 hæðum með aukaíbúð í kjallara ásamt 36,8 m² bílskúr við Hvammgerði 1 í Reykjavík. Fallegar innréttingar og gólfefni. Góðar timburverandir eru við húsið. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 44,9 m.**

Örvasalir 3 - 201 Kópavogur



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 586-8080
Sérlega glæsilegt og vel skipulagt 290,6 m² einbýlishús á 2 hæðum á flottum stað við Örvasali 3 í Kópavogi. Eignin er í byggingu og selst í því ástandi sem hún er í í dag. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 48,9 m.**

Suðurhólar 35A, íbúð 201- 111 Reykjavík



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 586-8080
ÞORSKALÝSI

598 KR. 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.



498 KR.
ÞORSKALÝSI 500ml



695
KR. 4 x 2 ltr



ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS

1579 KR. 900gr

KJÚKLINGABRINGUR
EUROSHOPPER
FROSNAR 900 GR



KYCKLINGFILÉ
STOKFRYSTA, KÖTTHALT 87%
100 g e



259
KR. 600g

fróosh
fruit: bottled



298
KR. 250 ML

Ósvikinn ávaxta-smoothie 250 ml



BÓNUS
KAFFI

398 KR.
BÓNUS KAFFI 500gr



FROSN JARÐARBER 1.2 KG

459 KR. PK


FROSNIR MANGÓBITAR 1.0 KG

598 KR. PK

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



LAUGARDAGUR OPNUM KL.10:00



198
KR. 125gr

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



Ali

659 KR. KG



198
KR. 165gr

LAUGARDAGUR
OPIÐ
10:00-18:00

SUNNUDAGUR
OPIÐ
12:00-18:00

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA
SJÁLFR



1195
KR. KG

FROSIO
LAMBA
KJÖT

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA **FROSIO LAMBALÆRI**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA
SJÁLFR



UPPSKRIFTIN
LAMBABÓGUR Í OFNI MEÐ
HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN.
KENNSLUMYND BAND!
WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR

898
KR. KG

FROSIO
LAMBA
KJÖT

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBABÓGUR**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI



HAUST
SLÁTRUN
2011

FROSIO
LAMBA
KJÖT

229
KR. KG

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA **FROSIN LAMBASVIÐ**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI



FROSIO
LAMBA
KJÖT

698
KR. KG

KAUPFÉL. SKAGF. **FROSINAR SVIÐALAPPIR**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI



100%
KJÖT

1479
KR. KG

ÍSLANDSNAUT **FERSKT UNGNAUTAHAKK**



2998
KR. KG

ÍSLANDSNAUT **FERSKT UNGNAUTAFILLET**



ALLTAF NÝBAKAD
BÓNUS
BAGUETTE

129
KR. STK



BÓNUS SÚKKULAÐITERTA

798
KR. 700gr

GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA



259
KR. 400 G

298
KR. 400 G

VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GROMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG



198
KR. 430ML

BÓNUS 430 ml
PIZZASÓSA



198
KR. 200 G

BÓNUS PIZZU
SKINKU-STRIMLAR



359
KR. 153 G

BÓNUS 153gr
PEPPERONI



198
KR. 200 G

BÓNUS RIFIN
PIZZABLANDA

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



Í HÖRPUNNI Einbeitingin skín úr andlitum hljóðfæraleikaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Sameina kraftana

Nútíu ungir, íslenskir hljóðfæraleikarar spila í Eldborgarsal Hörpu á morgun klukkan 16.

Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna heldur tónleika klukkan 16 á morgun í Hörpu. Nútíu nemendur úr fimm tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu skipa sveitina. Einleikarar á þverflautu eru Sólveig Magnúsdóttir og Kristín Hulda Kristófersdóttir sem báðar eru nemendur í Tónlistarskóla Kópavogs. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Þetta er í níunda sinn sem slíkir tónleikar eru haldnir í lok janúar. Árni Harðarson, skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs, tekur fram að öllum tónlistarskólum á landinu sé boðin þátttaka, en vegna fjarlægðar eigi fáir þess kost að vera með. „Þetta er gott tækifæri fyrir unga fólk því ekki er á færi einstakra skóla að starfrækja stóra sinfóníuhljómsveit.“ - gun



FAGNANDI INN Í FIMMTUGSALDURINN Sólveig segir enga ástæðu til þess að óttast þótt fimmtugsaldurinn taki við. Málið sé að vera tilbúinn að halda áfram að þroska sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sætari og skemmtilegri með hverju árinu

Sólveig Arnarsdóttir leikkona fagnar fertugsafmæli sínu í dag. Hún segist ekki hafa nokkrar áhyggjur af aldrinum enda með fjölmörg járn í eldinum.

„Ég ætla nú bara að halda smá boð í eftirmiðdaginn,“ segir Sólveig Arnarsdóttir leikkona spurð hvernig hún hyggist halda upp á fertugsafmælið. „Ég er grasekkja eins og er, maðurinn minn er í útlöndum, svo aðalhöfuðverkurinn er að koma örverpinu í næturpössun svo ég geti slett ærlega úr klaufunum, farið fagnandi inn í fimmtugsaldurinn og sofið út í fyrramálið.“

Hvað er örverpið gamalt? „Hann er að verða tveggja. Til þess að gera glænýr allavega miðað við hina sem eru tólf og fimmtán ára. Og þetta er allt með sama manninum sem er enn þá ótrúlega,“ segir Sólveig og skellir upp úr.

Þið eruð aflutt heim, er það ekki? „Jú, jú, við höfum verið hér í nærri tíu

ár, en erum bæði að vinna mikið úti í Þýskalandi. Sennilega þess vegna sem hjónabandið gengur svona ljómandi vel, við hittumst eiginlega aldrei. Ég get mælt með þeirri aðferð til að viðhalda hjónaböndum. Það er alveg sérdeilis gaman þá sjaldan við komum saman.“

Hvað ertu svo að fást við þessa dagana? „Ég er í Orð skulu standa í Þjóðleikhúskjallaranum, hef verið að kenna talsvert bæði í Listaháskólanum og Kvikmyndaskólanum, er að skrifa sjónvarpshandrit með Margréti Örnólfsdóttur, fer fljótlega að æfa í Englum alheimsins niðri í Þjóðleikhúsi og svo er ýmislegt í bígerð úti í Þýskalandi svo það er nóg að gera. Mér finnst svo skemmtilegt að hafa svona mörg járn

í eldinum, skellti mér meira að segja í háskólanám í fyrsta skipti og er í mastersnámi við Háskóla Íslands í alls konar fögum sem mér finnst skemmtileg. Kynjafræði, þróunarfræði, sagnfræði og heimspeki.“

Sagan segir að konur óttist mjög að verða fertugar, finnurðu fyrir því? „Engan veginn. Mér finnst ég verða skemmtilegri og sætari með hverju árinu, ég veit ekki hvernig þetta endar eiginlega! Þó maður sé orðinn fertugur þarf maður ekkert að vera búinn að koma sér í einhverja höfn og sitja þar fastur. Maður verður að vera tilbúinn til þess að skipta um stefnu og reyna eitthvað nýtt, þroska sig og reyna á sig. Ég vona að ég verði tilbúin til þess út allt lífið.“

fridrikab@frettabladid.is

†
Innilegar þakkar til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
KRISTJÁNS GUÐMUNDSSONAR
Skúlagötu 20, Reykjavík.
Ragnheiður Hjálmtýsdóttir
Hjálmar Þór Kristjánsson Lydia Rafnsdóttir
Guðmundur Kristjánsson
Sigurrós Kristjánsdóttir Ingvar J. Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
HALLGERÐUR JÓNSDÓTTIR
Merkurgötu 9a, Hafnarfirði,
lést mánudaginn 21. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.
Anna Vala Arnarsdóttir Sigurjón Friðjónsson
Jón Arnarson Bualai Chomdee
ömmu- og langömmubörn.

†
Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra
PÁLMA SÆMUNDSSONAR
Laugarholti,
sem andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi þann 20. desember.
Ásdís Guðmundsdóttir Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir
Ragnar Pálmason Jenný Árnadóttir
Guðmundur Pálmason Rut Jónsdóttir
Jóhann Sæmundur Pálmason og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla
Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

†
Elskuleg dóttir mín,
ELISABET JÓHANNSDÓTTIR HANSEN
varð bráðkvödd á heimili sínu í Gråsten 8. janúar sl. Útför hennar fór fram 15. janúar frá Gråstens-kapellu í Danmörku.
f.h. aðstandenda,
Soffía V. Björnsdóttir

†
Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
ALFRED KARLSSON
Álfkonuhvarfi 59, Kópavogi,
lést fimmtudaginn 10. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð.
Liss M. Karlsson María Alfreðsdóttir
Ludwig Sveinn Alfreðsson Helga Sóley Alfreðsdóttir
Alfreð Karl Alfreðsson barnabörn og barnabarnabörn.
Guðmundur Bjarnason Hrefna Guðmundsdóttir
Elvar Ólafsson Hilma Baldursdóttir

†
Innilegar þakkar fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra
HILMARS ÆVARS JÓHANNESSONAR
Málfríður Agnes Kristjánsdóttir Berglind Freyja Hilmarsdóttir
Myrkví Páll Blöndal Hilmarsson Agnes Freyja Hilmarsdóttir
Jóhannes Hilmarsson Berglind Jóhannsdóttir
Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir

†
Okkar ástkæri
GUÐJÓN GUÐJÓNSSON
flugstjóri,
Lækjarhvammi 9, Hafnarfirði,
lést miðvikudaginn 16. janúar sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 29. janúar, kl. 15.00.
Ulla Magnússon Erla Ósk Guðjónsdóttir
Linda María Guðjónsdóttir
Rósa Björk Guðjónsdóttir
Guðjón Ágúst Guðjónsson
Lilja Barbara Guðjónsdóttir og barnabörn.
Sigurður Kristinsson
Trent Antony Adams
Alda Steinþórsdóttir

ÚTSALA

ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

JABRA HANDFRJÁLS BÚNAÐUR MEÐ 30-40% AFSLÆTTI

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

TOSHIBA 46WL863W 46" LED	FINLUX 47FLSY985LHC 47" LED	FINLUX 47FLSY910LHC 47" LCD
TOSHIBA	FINLUX	FINLUX
FULLT VERÐ 229.990	FULLT VERÐ 249.990	FULLT VERÐ 159.990
TILBOÐ 169.990	TILBOÐ 199.990	TILBOÐ 129.990
AFSL. 60.000	AFSL. 50.000	AFSL. 30.000

THOMSON 32FU5253W 32" LED	PANASONIC TXP50X50 50" Plasma	FINLUX 42FLSY930LHC 42" LED
THOMSON	PANASONIC	FINLUX
FULLT VERÐ 99.990	FULLT VERÐ 179.990	FULLT VERÐ 149.990
TILBOÐ 79.990	TILBOÐ 139.990	TILBOÐ 129.990
AFSL. 20.000	AFSL. 40.000	AFSL. 20.000

JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti

Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti

Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. samsull, 6. þys, 8. gilding, 9. atvikast, 11. fíngerð líkamshár, 12. sjúga, 14. steintegund, 16. karlkyn, 17. blaður, 18. drulla, 20. samtök, 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT
1. unaður, 3. umhverfis, 4. köldusótt, 5. hlóðir, 7. flík, 10. skammstöfun, 13. ósigur, 15. an, 16. kóf, 19. holskrúfa.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gums, 6. ys, 8. mat, 9. ske, 11. í, 12. tötta, 14. kvær, 16. kk, 17. pp, 18. aur, 20. aa, 21. frða.
LÓÐRÉTT: 1. lýst, 3. um, 4. malarfa, 5. st, 7. skokkur, 10. etv, 13. tap, 15. span, 16. kaf, 19. ró.



HEFST Á SUNNUDAGSKVÖLD
21:40
THE FOLLOWING

Magnaður spennubáttur með Kevin Bacon í hlutverki fyrrum alríkislögreglumanns sem er kallaður aftur til starfa þegar hættulegur raðmorðingi flýr úr fangelsi.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



Rimman við óða óðalsbóndann

BAKPANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Mér er hugleikin þessa dagana sú alversta móttaka sem ég hef á ævinni fengið. Ég var að fréttasnapast fyrir Fréttablaðið á Vestfjörðum, mínum bernskuslóðum, sumarið 2006 þegar ég varð vitni að þeim mesta ofsa sem ég held að fyrirfinnist hjá tvífættri tegund. Ég ætlaði að banka upp á á afskekktum stórbæ þegar húsbóndinn gengur á móti mér á útitróppunum. Þegar ég geri grein fyrir mér og segist vera blaðamaður skelfur hann af illsku og segir mér að drulla mér af lóðinni. Þetta var ekki ósvipað því sem gerist þegar maður kemur á sveitabæ og hundurinn á bænum tekur á móti manni með galti og glefsi en ég hafði ekki van-ist því að húsbóndinn tæki það hlutverk að sér. Skal það tekið fram að ekkert óyndiserindi rak mig á fund þessa manns.



PESSI uppákoma rifjaðist upp fyrir mér þegar Kastljósið talaði við þolendur Gísla heitins Hjartarsonar um daginn. Ástæðan fyrir þessari tengingu er sú að skapvondi húsbóndinn æpti á mig eitthvað á þá leið að Vestfirðingar væru mjög svo á móti blaðasnapum að sunnan. Við hefðum með skrifum okkar drepð Gísla.

Ekki nóg með það heldur hafi Gísli gefið út ógrynni bóka sem Vestfirðingar læsu mun frekar en allan þann sora sem við værum að skrifa.

PARNA þótti mér ýmsu snúði á haus hjá þessum aðflutta manni sem var farinn að mæla fyrir munn Vestfirðinga við blaðasnapinn sem kominn var á heimslóðir. Ég stóðst ekki mátið að segjast vera úr firðinum sjálfur og að ég vonaðist til að aðrir aðkomumenn reyndust aðeins kumpánlegri.

ÞAD er ágætt að rifja upp svona gömul leiðindi og sjá hvort eitthvað sé hægt að læra af allri vitleysunni. Maður getur oft orðið fyrir því að lenda í einhverjum forboðnum fjandaflokki fyrir það eitt að segja frá starfi sínu. Þá fara fordómarnir í gang og þrengja að heilanum og kæla viðmótið. Eins geta áttagarnir virkað með sama hætti og gerðum við okkur báðir seka um þá fávísku, eða telja það okkur til tekna að vera Vestfirðinga. En Vestfirðingarnir í Kastljósumfjölluninni undirstrikuðu einmitt að manndómurinn hefur ekkert með það að gera hvaðan þú ert eða hvað þú starfar heldur hvernig þú tekst á við áföllin og mótlætið. Eftir allt saman held ég að meira að segja við skapheiti húsbóndinn getum verið sammála um það. Maður ætti kannski að banka upp á í sumar og tékka á því.

MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Ný
verknáms-
aðstaða

Flugvirkjanám

samkvæmt EASA Part 66, B 1-1


Glæsileg aðstaða fyrir verklegt nám í flugvirkjun var opnuð af mennta- og menningarmálaráðherra í Tækniskólanum síðastliðið haust. Verknámsaðstöðunni var komið upp með miklum stuðningi Icelandair sem m.a. lagði til öll verkfæri. Námið er samstarf Tækniskólans – Flugskóla Íslands og Lufthansa Resource Technical Training sem er viðurkenndur Part 147 þjálfunaraðili í Bretlandi.

Náminu er skipt í þrjá fasa:

- Fasi 1 – Bóklegt nám
- Fasi 2 – Verklegt nám á skólaverkstæði
- Fasi 3 – Verkstæðisnám á viðurkenndu verkstæði

Aðeins eru teknir inn 24 nemendur í hvern hóp.
Námið er alls 2.400 klst. á 5 önum og er öll kennsla á ensku.

Innritun fyrir þriðja hóp sem hefur nám í september er hafin og stendur til 1. mars.
Innritun og nánari upplýsingar eru á flugskoli.is.



Kynningarfundur verður í hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg (Sjómannaskólahúsinu) kl. 17.30 miðvikudaginn 13. febrúar.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Rafbókamarkaður í spennitreyju

Sala á rafbókum hófst fyrir alvöru hér á landi á árinu sem leið og á eftir að aukast samhliða auknu úrvali af titlum og útbreiðslu spjald- og lestölva. Rafbækur eru þó ekki enn nema brot af markaðnum og verða það líklega áfram þar til komist verður fyrir tæknilega annmarka, sem koma í veg fyrir að rafbókin nái að dafna. Ekki eru þó allir innan útgáfubransans sammála um leiðir að settu marki.

Bergsteinn Sigurðsson
bergsteinn@frettabladid.is



Rafbækur verða sífellt vinsælli á Íslandi. Útgefendur og fulltrúar rafbókavæslana sem Fréttablaðið ræddi við eru á einu máli um að rafbókasala hafi fyrst hafist fyrir alvöru á árinu sem leið. Aukin rafbókasala helst í hendur við útbreiðslu spjaldtölva og lesbretta og fjölgun titla. Í Fréttablaðinu á laugardag var greint frá því að samkvæmt skoðanakönnun blaðsins og Stöðvar 2 væri til spjaldtölva eða lestölva á um 46 prósent heimila landsins. Þá hefur rafbókatitlum fjölgað úr nokkrum tugum upp í hátt á þriðja hundrad.

Mesta sóknin í enskumælandi löndum

Rafbókamarkaðurinn hefur einkum verið í sókn í enskumælandi löndum; í Bandaríkjunum er rafbókasala orðin um fjórðungur af heildarsölu bóka og í Bretlandi er hún tæp 13 prósent.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda, bendir á að þar vegi skáldskapur þyngst á metunum; rit þar sem meira er lagt upp úr bókahönnun eiga erfiðara uppdráttar þar sem tæknin að baki rafbókaútgáfu sé enn tiltölulega frumstæð, til dæmis sé ekki hægt að velja úr nema takmörkuðu magni leturgerða.

Utan enskumælandi landa hefur þróunin verið hægari. Í Danmörku er sala á rafbókum um það bil tvö prósent af heildarsölu.

Rafbækur í sókn en lítil markaðshlutdeild

Engar haldbærar tölur um heildarsölu á rafbókum liggja á lausu en hjá rafbókavæsluninni Skinnu fengust þær upplýsingar að fyrirtækið hefði afgreitt um ellefu þúsund rafbækur frá því í apríl í fyrra. Óskar Þór Þráinsson, framkvæmdastjóri rafbókavæslunarinnar Emma.is, segir að ákveðnum áfanga hafi verið náð á milli jóla og nýárs en þá hafði rafútgáfa bókarinnar Klækir eftir Sigurjón Pálsson verið sótt í þúsund eintökum á vef verslunarinnar. Eftir því sem næst verður komist er hún fyrsta rafbókin sem nær því marki. Bókina er að vísu hægt að nálgast endurgjaldslaust á rafbókarformi og setur verð ekki strik í reikninginn eins og alla jafna. Þá hafa níu rafbækur Þorgríms Þráinssonar verið sóttar í samanlagt 5.700 eintökum á Emmu.is á nokkrum mánuðum.

Þótt sala á rafbókum hér á landi sé í sókn er hún enn ekki nema brot af heildarsölu, á bilinu tæpt eitt til tvö prósent að mati sérfróðra.

Epub gegn mobi

En hvað stendur vexti rafbókamarkaðarins á Íslandi helst fyrir þrifum?

Fyrst má nefna að þrátt fyrir talsverða aukningu árið 2012 er úrval innlendra titla á rafbókaformi enn takmarkað. Forlagið, stærsta útgáfufyrirtæki landsins, gaf út um 70 rafbækur á síðasta ári, allt endurútgáfur. Að sögn Egils Arnar Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Forlagsins, er stefnt að aukinni útgáfu á þessu ári, bæði eldri bóka og nýrri.

Helsta hindrunin er þó líklega tæknilegs eðlis, sem kemur í veg fyrir að stórtækustu notendurnir geta sótt íslenskar rafbækur. Þótt spjaldtölvur séu útbreiddari en lesbretta séu duglegri við að sækja sér lesefni – kannski eðli málsins samkvæmt, þar sem virkni þeirra er afmarkaðri. Þar fer Kindle, lesbrettið frá netversluninni Amazon, fremst í flokki.

Flest forlög hér á landi gefa út rafbækur á skráarsniði af gerðinni epub. Kindle-brettið les hins vegar skráarsniði af gerðinni mobi og því er íslensk útgáfa Kindle-notendum að mestu leyti lokað bók, ef svo má á orði komast. Þarna stendur hnífurinn í kúnni. Amazon hefur enn sem komið er hvorki viljað taka inn rafbækur af litlum málsvæðum á borð

við Ísland á netverslun sína né opna lesbretti- in fyrir öðrum skráarsniðum.

Kindle-notendur í klemmu

Þetta setur strik í reikninginn. Minni forlög á borð við Rúnatý (sem sérhæfir sig í vísindaskáldsögum, hrollvekjum og fantasíum) hafa brugðist við þessu með því að gefa út bækur á bæði epub- og mobi-skráarsniði en iPad og Kindle eru ráðandi lestæki hér á landi, þó fleiri séu að bætast við.

Þorsteinn Mar hjá Rúnatý telur að um 60 prósent af seldum bókum útgáfunnar séu fyrir Kindle. Af þeim tæplega 1100 sem sótt hafa bókina Klækir á vef Emmu hefur um helmingur sótt hana til lestrar á Kindle.

Stærri forlög hér á landi hafa ekki farið að fordæmi þeirra minni og gefið rafbækur út á mobi-formi. Þar ræður líklega mestu að afritunarvarnir sem útgefendur nota eru ekki fánlegar fyrir stýrikerfi Kindle-lesbrettisins. Fyrir þetta hafa þau sætt gagnrýni frá bæði minni forlögum og rafbókavæslunum, sem telja að með þessu sé verið að hindra vöxt rafbókamarkaðarins, og neytendum.

Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri Datamarket og tæknibloggari, telur til dæmis að rangar ákvarðanir bókaútgefenda við val á tæknilausnum valdi bæði þeim og íslenskum neytendum skaða. Á enskumælandi svæðum hafi sýnt sig að hver bóka- kaupandi kaupi umtalsvert fleiri rafbækur en hann keypti pappírskækur áður en hann eignaðist spjaldtölvu eða lesbretti. Enn fremur óttast hann að í stað þess að þróunin verði á milli pappírskækna og rafbóka verði hún í raun milli íslenskra bóka (sem séu fyrst og fremst fánlegar í pappírformi) og erlendra.

Gengur ekki til langframa

Egill Örn hjá Forlaginu tekur undir að staðan sé bagaleg en sökin sé ekki hjá íslenskum útgefendum heldur Amazon, sem væri í lófa lagið að opna Kindle-brettið fyrir öðrum skráarsniðum en mobi en vilji það ekki að því er virðist til að koma í veg fyrir að aðrir geti selt bækur inn á tækin. Honum kemur einnig gagnrýni Kindle-eigenda á afritunarvarnir íslenskra útgefenda spáskt fyrir sjónir í ljósi þess að Amazon selur sínar rafbækur með afritunarvörn.

Forlagið hefur hins vegar unnið að annarri lausn til að opna rafbækur sínar fyrir Kindle; í stað þess að hlæða rafbókinni niður, geta notendur streymt gögnum í vélina og vistað rafbókina á vefsvæði hjá Forlaginu. Vonir stóðu til að þessi aðferð yrði komin í gagnid fyrir jól en af því varð ekki. Egill segir prófanir á kerfinu standa nú yfir. Þær lofi góðu og vonandi verði kerfið tekið í gagnid á næstunni.

Ljóst er að neytendur verða þó ekki sáttir fyrir en svo verður búið um hnútana að þeir geta sótt rafbækur þar sem þeim hentar óháð því af hvaða gerð tæki þeirra er. Þótt sala á íslenskum rafbókum eigi sjálfsagt enn eftir að aukast verða rafbækur líklega ekki raunhæfur valkostur við pappírskækna fyrir en á þessu hefur verið ráðin bót.

Egill Örn segist hafa takmarkaða trú á því að ástandið eins og það er núna verði óbreytt til langframa. Óánægja neytenda geti varla leitt til annars en að með tímanum verði fullt samræmi milli lestölva óháð skráarsniðum og vonar að þess sé ekki langt að biða. Sú lausn er þó enn sem komið er ekki í sjónmáli.



Í HIRÐ HANS HÁTIGNAR ÓPERUARÍUR EFTIR MOZART, VERDI OG WAGNER

GUNNAR GUÐBJÖRNSSON, TENÓR

Á HÁDEGISTÓNLEIKUM ÍSLENSKU ÓPERUNNAR Í NORÐURLJÓSASAL HÖRPU ÞRIÐJUDAGINN 29. JANÚAR KL.12:15

ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ



EIRÍKUR ÖRN
Hlaut mikið lof fyrir fjórðu skáldsögu sína sem hefur nú verið seld til Þýskalands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Illska til Þýskalands

Þýskir útgefendur bitust um skáldsögu Eiríks Arnar.

Þýska forlagið Klett-Cotta hefur tryggt sér útgáfuréttinn á skáldsögunni Illsku eftir Eirík Örn Norðdahl. Illska kom út fyrir jól og hlaut einróma lof gagnrýnenda hér á landi, meðal annars fimm stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins, auk þess sem hún er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Sif Jóhannsdóttir hjá Forlaginu segir að nokkrir þýskir forleggjarar hafi lýst áhuga á að gefa verkið út en að lokum varð það Klett-Cotta sem tryggði sér réttinn.

Illska er fjórða skáldsaga Eiríks. Áður hafði hann gefið út Hugsjónadrusluna, Eitur fyrir byrjendur og Gæsku.

ALLIR VELKOMNIR
ÓKEYPIS AÐGANGUR!



ÍSLENSKA ÓPERAN

ÚTSALA

20 vinsælustu útsölutitlarnir



kr. 3.199
kr. 6.299

1. Sjóræninginn



kr. 3.299
kr. 6.499

2. Ósjálfrátt



kr. 2.999
kr. 6.299

3. Undantekningin



kr. 2.999
kr. 5.999

4. Hvítfeld



kr. 3.299
kr. 6.499

5. Reykjavíkurnætur



kr. 3.299
kr. 6.499

6. Húsið



kr. 2.999
kr. 4.999

7. Gísli á Uppsölum



kr. 2.999
kr. 6.299

8. Ljós móðirin



kr. 2.999
kr. 6.499

9. Kuldi



kr. 3.199
kr. 6.299

10. Skáld



kr. 1.999
kr. 3.999

11. Krakinn sem hvarf



kr. 1.999
kr. 3.999

12. Prettán ástæður



kr. 3.299
kr. 6.499

13. Vígroði



kr. 2.499
kr. 3.899

14. Grimmsævintýri



kr. 3.599
kr. 4.699

15. Dagbók Kidda klaufa 4



kr. 1.999
kr. 2.999

16. Ótrúleg saga um risast...



kr. 1.999
kr. 3.999

17. Aukaspýrna á Akureyri



kr. 2.799
kr. 4.999

18. Parísarkonan



kr. 1.899
kr. 3.699

19. Kafteinn Ofurbrók og ...



kr. 2.999
kr. 3.499

20. Krúnuleikar

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

Eymundsson
Bóksali frá 1872

140
ára



Hef auðveldari aðgang að netbankanum

Sé stöðu lána hjá lífeyrissjóðnum

Get skoðað yfirlit frá Lánasjóðnum

Rafræn skilríki spara mér minútur
sem safnast í ótal verðmætar stundir

Kýs rafrænt við ýmis tækifæri í framtíðinni

Fæ aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá



Líkt og Hrefna getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Prófaðu rafræn skilríki og upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð.

Talaðu við bankann þinn og virkjaðu rafrænu skilríkin á debetkortinu þínu.



→ Sykurmagni stjórnar hver og einn—allt eftir því hve sæt kakan á að vera. Athugið að hér er ekki gefið upp ákveðið magn af sykri og kryddum á ávextina, því magn þarf að fara eftir magni af ávöxtum.

HOLLAR OG SÆTAR KÖKUR

Vel er mögulegt að hafa heilsusjónarmið að leiðarljósi við val á hráefni í kökugerð, án þess að það komi niður á gæðum.

Halla Bára Gestsdóttir
Gunnar Sverrisson
homeanddelicious.com

1. Sítrónubaka

Bökubotnar hafa hingað til ekki talist til heilsufæðis en hér er uppskrift sem fer aðrar leiðir. Botninn má nota með ýmsum fyllingum en hér er hann með ljúffengri sítrónufyllingu með perum og hindberjum.

Bökubotn

200 g möndlur og kasjúhnetur
10 döðlur
100 g kalt smjör
55 g heilhveiti eða spelt
2 ts. kanill

Perur

2 perur, afhýddar og skornar sneiðar
5 dl vatn
5 msk. hrásykur
vanillustöng

Fylling

75 g smjör
2½ dl nýmjólk
1 vanillustöng

2 sítrónur, safi og fínt rifinn börkur
6 msk. agave-síróp
2 eggjarauður
1 egg
4 msk. kartöflumjöl

Botn

Maukið möndlur, hnetur og döðlur í matvinnsluvél þar til úr verður mjöl. Hellið í skál ásamt öðru hráefni og myljið smjórið saman við með höndunum. Takið bökuform, smyrjið það með smjöri og þrýstið deiginu jafnt í botn formsins og upp hliðarnar með höndunum. Pikkið deigið með gaffli og kælið í 20 mínútur í ísskáp.

Perur

Sjóðið perurnar í vatni með hrásykri og vanillustöng í um 10 mínútur. Takið upp úr vökvanum og þerrið.

Fylling

Hitið nú ofn í 180 gráður fyrir bökuna: Hitið smjör, mjólk og vanillustöng saman í potti á meðalhita. Bætið sítrónusafa, berki og sírópi saman við. Látið suðuna koma upp, lækkið hitann og hrærið í blöndunni

á vægri suðu í 5 mínútur. Fjarlægið vanillustöngina. Hrærið saman eggjarauður, egg og kartöflumjöl með handþeytara eða í hrærivél þar til létt og ljóst. Hellið sítrónublöndunni úr pottinum saman við og hrærið varlega þar til allt hefur náð að blandast vel saman. Raðið berjum og perum í bökuskelina. Hellið fyllingunni yfir og bakið í um 20 mínútur. Fylgist vel með bökunni í ofninum því hún getur auðveldlega brunnið að ofan. Kælið áður en þið berið bökuna fram svo hún taki sig. Gott með rjóma, sýrðum rjóma eða grískri jógúrt.

2. Súkkulaði-, döðlu- og hnetukaka

Hér er ekkert hveiti og ekkert smjör og sætan kemur úr döðlunum.

500 g döðlur
250 g möndlur eða heslihnetur
100 g dökkt súkkulaði, 70%, saxað
6 egg
1 sítróna, safi og rifinn börkur
1 ts. vanilludropar
3 msk. kakó
4 msk. kókosólía, brædd

Hitið ofn í 160 gráður. Maukið döðlur, hnetur eða möndlur í blandara eða matvinnsluvél. Hrærið saman egg, sítrónusafa og börk, vanilludropa, kakó og kókosólía í hrærivél eða með þeytara þar til allt hefur blandast vel saman. Setjið döðlublönduna saman við ásamt súkkulaðinu og hrærið vel svo úr verði mjúkt deig. Klæðið bökunarform að innan með bökunarpappír. Hellið deiginu í. Bakið í 40–50 mínútur. Berið fram með ferskum berjum og ávöxtum, þeyttum rjóma, sýrðum rjóma eða grískri jógúrt.

3. Eplakaka með hollum toppi

Ávextir að eigin vali eru bakaðir í ofni, hér notuð epli. Ofan á fer þurr og mulið deig með hnetum og fræjum. Sykurmagni stjórnar hver og einn—allt eftir því hve sæt kakan á að vera. Athugið að hér er ekki gefið upp ákveðið magn af sykri og kryddum á ávextina, því magn þarf að fara eftir magni af ávöxtum.

Ávextir

epli, perur, ber

hrásykur

þurrkað engifer, kanill

Deig

2 dl spelt
1½ dl möndlur eða hnetur að eigin vali, maukað gróft í matvinnsluvél
1 dl haframjöl
1½ dl kókosmjöl eða -flögur, sólblóma-, sesam-, hör- eða birkifræ
½ ts. sjávarsalt
75 g smjör eða mjúk kókosólía

Hitið ofn í 200 gráður. Skerið epli eða perur í báta. Stráið sykri yfir eftir smekk, sömuleiðis engifer og kanil ef þið viljið. Stingið í ofn í 20 mínútur og mýkið.

Hrærið allt hráefnið í deigið saman í skál svo úr verði mylsna, notið hendurnar til að kreista smjórið eða olúna saman við. Kælið aðeins í ísskáp svo deigið verði harðara og haldi sér betur. Dreifið því þá yfir ávextina í forminu. Bakið við 200 gráður í 15–20 mínútur. Berið fram heitt, en ekki slæmt þegar kólnar. Gott með rjóma, sýrðum rjóma og grískri jógúrt.



Eftirlitsmyndavélar

Öryggismiðstöðin býður mikið úrval eftirlitsmyndavéla sem henta jafnt einstaklingum sem smáum og stórum fyrirtækjum. Við bjóðum m.a. upp á eftirlitsbúnað frá danska fyrirtækinu Milestone sem er leiðandi á heimsvísu í stafrænni upptökutækni.



Hafðu samband og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

**SLEPPTU
DÝRINU
Í ÞÉR
LAUSU**

7D BIÓ

**NÝ MYND
7D BIÓ
PIRATES**

SLEGGJA



**PEPSI BÝÐUR
FRÍTT
Í KEILU ALLA HELGINA**

**bú BORGAR kr.
6000
OG FÆRÐ kr.
12.000
SKEMMTIKORT**

**SKEMMTIKORT
50%
AFSLÁTTUR**

ÚTSÖLUBRJÁLAFERÐ

**SÍÐUSTU
DAGAR**

BÓKAÐU AFMÆLIÐ
Nýjir afmælisþakkar,
verð frá 1390 kr.
S.534 1900

BARNALAND
Allir kátir krakkar fá
fría andlitsmálun

**KLESSUBÍLAR
kr. 550
FORELDRAR FÁ
FRÍTT MEÐ**

**PÖSSUN
kr. 950
Í ALLT AÐ
2 TÍMA**

**KOSINN BESTI INNAHÚSS
SKEMMTIGARÐUR Í HEIMI
ÁRIÐ 2012**

Skemmtigarðurinn
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna
www.skemmtigardur.is

Við pössum börnin meðan þú verslar.
Kr. 950 pr. barn í allt að 2 tíma.
Aldur: 3 ára til 10 ára

BETRI STOFAN

Með föðurímynd til að leysa deilumálin

Veðurguðirnir snúa nú aftur eftir góða pásu og lofa fullt af nýjum lögum.

„Við vorum alveg hættir að gefa út lög og hættir að leggja okkur fram en nú erum við komnir aftur af fullum krafti og stefnum á að gera þetta af alvöru,“ segir veðurguðinn Ingólfur Þórarinsson.

Hljómsveitin Veðurguðirnir hefur farið hljótt síðustu ár og til að mynda ekki gefið út nýtt efni frá því árið 2009. „Ég tók smá egótripp og ákvað að gefa út sólóplötu árið 2011. Ég hafði hugsað með mér að þar sem ég samdi öll lög Veðurguðanna þá gæti ég alveg eins gert þetta allt sjálfur. Platan seldist nú ekki mikið og ég áttaði mig á að það er miklu betra og skemmtilegra að gera þetta með hópnum. Þar hef ég betra aðhald og er umkringdur klárum strákum sem allir hafa sína skoðun á hlutunum og mynda betri heildarmynd,“ segir Ingó. Frá því að Veðurguðirnir gáfu út plötuna Góðar stundir árið 2009 hafa orðið tvær breytingar á hópnum.

Árið 2010 tók Óskar Þormarsson við trommukjuddunum af Valgeiri Þorsteinssyni og nú nýlega bættist hljómborðsleikarinn Einar Örn Jónsson í sveitina, en hann var lengi vel hluti af hljómsveitinni Í svörtum fötum. „Einar er hálfgerður faðir hópsins því hann er langelstur af okkur. Við berum föðurlega virðingu fyrir honum svo hann lendir stundum í því að þurfa að taka ákvarðanir,



SÖMU ÁHERSLUR Þrátt fyrir breytingar og þróun í hljómsveitinni einbeita Veðurguðirnir sér áfram að því að gera léttu popptónlist með textum sem segja sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

leysa deilumál og svoleiðis. Þetta er eins og í bandarískri fönk-hljómsveit þar sem er alltaf einn gamall karl á píanóinu,“ segir Ingó spökur.

Ingólfur segir Veðurguðina að sjálfsgöðu hafa þróast með árunum en þeirra svið sé þó enn popptónlist í léttari kantínunum. „Það kom okkur á óvart hvað síðasta plata var vinsæl hjá krökkum. Við vonum að sú næsta verði blandaðri og höfði þá til eldri hópsins líka. Við höldum áfram að leggja áherslu á textana sem

við viljum að segi sögu í bland við smá grín. Svo komum við með alvarlegri lög inn á milli,“ segir hann. Ingó mun ekki sitja einn að lagasmíðinni héðan af því Einar Örn er einnig lunkinn á því sviði. „Það er fínt að fá hann á móti mér. Þá myndast líka smá samkeppni okkar á milli, sem er auðvitað bara jákvætt,“ segir hann. „Við stefnum á að gefa út fullt af lögum á næstunni og gera skemmtilega hluti sem fólk hefur gaman af,“ bætir Ingólfur við að lokum.

tinnaros@frettabladid.is

Syngur um framhjáaldara

Unnur Eggertsdóttir gefur út nýtt lag og tekur þátt í Söngvakeppninni.

„Textinn er ekki byggður á persónulegri reynslu þó margir haldi það kannski. Það eru jafnvel einn eða tveir strákar sem halda að þetta sé um þá en það er nú alls ekki tilfellið,“ segir söngkonan Unnur Eggertsdóttir sem gaf á dögunum út sitt fyrsta lag, Stólin augnablik.

Lagið fjallar um stúlku og ómerkilegan kærasta sem heldur fram hjá henni. Unnur samdi og vann lagið í samstarfi við strákana í StopWaitGo og fékk framleiðslufyrirtækið Novus til að hjálpa sér með myndbandið, en bæði teymin samanstanda af vinum hennar úr Verzlunarskóla Íslands.

Þrátt fyrir að hafa aldrei gefið út lag á eigin vegum áður hefur Unnur þó oft sungið fyrir áhorfendur, helst þá í gervi Sollu stírðu sem hún hefur leikið undanfar-

in þrjú ár. Í hlutverkinu hefur hún fengið tækifæri til að ferðast mikið og hafa áhrif á börn um allan heim.

„Það koma til dæmis oft börn og segja Sollu að þau séu nú rosa dugleg að borða gulrætur, því ég hafi sagt þeim að gera það. Þannig hef ég tækifæri til að breyta heiminum, eitt barn í einu,“ segir hún og hlær.

Það er nóg í gangi hjá Unni þessa dagana því hún tekur einnig þátt í Söngvakeppninni í fyrsta sinn á laugardaginn. Þar syngur hún lag Elízu Newman, Ég syng. „Það er algjör draumur að fá að standa á Eurovision-sviðinu. Ég hef fylgst með keppninni frá því ég var pínulítill og á meðan aðrar stelpur horfðu á Disney-teiknimyndir horfði ég á upptökur af keppninni,“ segir hún spennt. - trs



DISNEY-MYNDIRNAR VIKU Á meðan aðrar ungar stúlkur sátu og horfðu á Disney-teiknimyndir horfði Unnur á upptökur af Eurovision. Hún hefur alltaf verið mikill aðdáandi keppinnar og dreymt um að fá að taka þátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GESTIR Björk Vilhelmsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson og Sigurður Gísli Pálmason.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVELLUR FRUMSYNDUR

Heimildarmyndin Hvellur eftir Grím Hákonarson, sem fjallar um deilur um virkjun Laxár í Mývatnssveit árið 1970, var frumsýnd í Bíoí Paradís á miðvikudag.



TVEIR Í STUÐI Ómar Ragnarsson og Pálmi Jónasson.



SVALAR

Elsa Kristín Sigurðardóttir, Tinna Magnúsdóttir og Brynja Dögg Friðriksdóttir.

Fjölbreytt úrval vandaðra verðmætaskápa



Verðmætahólf fyrir heimili



Eldtraustir skjala- og verðmætaskápar



Seðlahólf fyrir verslanir

Sími 570 2400 · oryggis.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

Skoðaðu úrvalið í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

Lesum
saman

Arion banki



LESTRARVIKA ARION BANKA

Krakkar á öllum aldri eru hvattir til að vera með og lesa skemmtilegar bækur og skólaefni.

100 vinningshafar verða dregnir út að Lestrarviku lokinni og hljóta veglega vinninga. Auk þess munum við daglega draga út nöfn heppinna þátttakenda og senda þeim skemmtilega bókavinninga.

Lestrarhestur Arion banka verður svo valinn í lok vikunnar og hlýtur hann iPad spjaldtölvu í verðlaun.

Nánari upplýsingar og skráning á www.arionbanki.is/lestrarvika

Góða skemmtun!

22. - 29.
janúar

Disney KLÚBBURINN



Arion banki

Ein sú eftirsóttasta í Hollywood

Jessica Chastain leikur í tveimur vinsælustu kvikmyndunum vestanhafs.

Bandaríska leikkonan Jessica Chastain leikur aðalhlutverkið í tveimur vinsælustu kvikmyndunum vestanhafs, samkvæmt tekjulistu sem var birtur eftir síðustu helgi.

Afar fátítt er að sama manneskjan leiki í tveimur efstu myndunum og jafnvel enn fátíðara að um leikkonu sé að ræða.

Þessar tvær toppmyndir eru hryllingsmyndin Mama og Zero Dark Thirty. Fyrir hlutverk sitt í síðarnefndu myndinni, sem fjallar um leitina að Osama bin Laden, var Chastain tilnefnd til Óskarsverðlaunanna. Mama fjallar um parið Lucas og Annebel sem ákveður að ala upp tvær litlar frænkur Lucas sem voru skildar eftir aleinar í skógi fimm árum áður.

Chastain hefur risið hratt upp á stjórnheiminn að undanförunni og er hún orðin ein eftirsóttasta leikkonan í Hollywood. Skemmst er að minnst þess er hún hlaut Golden Globe-verðlaunin sem besta aðalleikkonan fyrir hlutverkið í Zero Dark Thirty. Þessi 35 ára Kaliforníumær gekk í Juilliard-leiklistarskólann eftir að hafa fengið styrk frá Robin Williams. Þorvaldur Davíð Kristjánsson varð einmitt fyrsti Íslendingurinn til að komast inn í leiklistardeild Juilliard og hann hlaut einnig Robin Williams-styrk eftir að hann var kominn í skólann.

Chastain hóf feril sinn í sjónvarpsþáttum á borð við ER, Veronica Mars, Law & Order og bresku þáttunum Agatha Christie's Poirot. Árið 2011 var hennar ár því þá komu út sjö kvikmyndir með henni, þar á meðal The Tree of Life í leikstjórn Terrence Malick, Texas Killing Fields og The Help. Hún hlaut tilnefningu til Óskarsins fyrir þá síðastnefndu. Auk Mama og Zero Dark Thirty eru

frá Robin Williams. Þorvaldur Davíð Kristjánsson varð einmitt fyrsti Íslendingurinn til að komast inn í leiklistardeild Juilliard og hann hlaut einnig Robin Williams-styrk eftir að hann var kominn í skólann.

Tíu myndir með Jessicu Chastain

- Mama
- Zero Dark Thirty
- Lawless
- Madagascar 3
- Texas Killing Fields
- Wilde Salome
- The Help
- The Tree of Life
- Coriolanus
- Take Shelter



Á GOLDEN GLOBE-HÁTÍÐINI Jessica Chastain á Golden Globe-hátíðinni þar sem hún var verðlaunuð fyrir leik sinn í Zero Dark Thirty.

tvær nýjar myndir væntanlegar frá Chastain, eða tvíburamyndirnar The Disappearance of Eleanor Rigby: His og The Disappearance of Eleanor Rigby: Hers þar sem hún leikur á móti James McAvoy.



JACK REACHER „Myndin reynir aldrei að vera annað en hún er.“

Framhaldsmynd, takk

BÍÓ ★★★★★

Jack Reacher

Leikstjórn: Christopher McQuarrie
Leikarar: Tom Cruise, Rosamund Pike, Richard Jenkins, Werner Herzog, David Oyelowo, Robert Duvall, Jai Courtney, Alexia Fast.

Það hefur verið bæði skrýtið og skemmtilegt að fylgjast með fyrrum sykursnúðnum Tom Cruise umbreytast í hasarhetju, en undanfarin ár hefur hann leikið í nokkrum vel heppnuðum harðhausamyndum. Líkamlegt atgervi hans á að vísu lítið í kjötflykki á borð við þá Schwarzenegger og Stallone en það sem Cruise skortir í kjöti bætir hann upp með sjarmanum.

Jack Reacher var hugsuð sem fyrsta myndin í langlífri seríu um þessa vinsælu skáldsagnapersónu. Reacher er hugarfóstur breska spennusagnahöfundarins Lee Child og eru bækurnar um þennan dularfulla fyrrum hermanna hátt á annar tug talsins. Framtíð seríunnar er þó í óvissu vegna ófull-

nægjandi aðsóknar í Bandaríkjunum en það breytir því ekki að þessi fyrsta mynd er þrælógóð.

Myndin reynir aldrei að vera annað en hún er; í meðallagi gáfulegur reyfari með bílaeltingaleikjum og handalögmálum á víxl. Ærslasurnar eru hráar og æsispennandi og eitthvað virðist Cruise kunna fyrir sér í áflogum. Rosamund Pike stendur sig með þróði í hlutverki fyrstu „Reacher-stúlkunnar“ og hinn sérkennilegi þýski leikstjóri, Werner Herzog, er glæsilegt illmenni.

Það er í raun stórmerkilegt að jafn vinsælli og rótgróinni kvikmyndastjórnunni eins og Tom Cruise takist að sannfæra áhorfandann um að hann sé Jack Reacher. Hann lítur vissulega eins út og klikk-aði Íslandsvínurinn sem hoppaði í sófanum hjá Oprah Winfrey en í rúmar tvær klukkustundir trúði ég því að hann væri bráðsnjall og stórhættulegur maður sem svífst einskis.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Fantagóður formáli þess sem gæti orðið góð sería.

VILTU VINNA Á EINUM FJÖRUGASTA FJÖLMÍÐLI LANDSINS?

SkjárEinn leitar að **VIÐSKIPTASTJÓRA** í kraftmikið teymi sem finnst mikilvægt að það sé gaman í vinnunni, þannig náum við árangri saman.

Ef þú hefur mikinn metnað og fjörið flæðir fram í fingurgómana langar okkur að heyra frá þér.

Við leitum að stuðbolta sem:

- er mikill aðdáandi sjónvarps (mikilvægt)
- er kona eða karl (skiptir ekki máli)
- hefur reynslu af sölu- og markaðsmálum (æskilegt)
- býr yfir jákvæðni og almennum skemmtilegheitum (mikilvægt)

Sendið ferilskrá ásamt mynd á vidskiptastjori@skjarinn.is fyrir 5. febrúar.


VERTU MEÐ Í FJÖRINU!

www.skjarinn.is – 595 6000

Skjárinn á og rekur SkjáEinn, SkjáBíó, SkjáHeim, SkjáGolf og K 100.5



SKJÁREINN



HAMINGJUSÖM Katy Perry og John Mayer er nú búin að vera saman í hálf tveimur árum.

Trúlofun í upp-siglingu?

Stjörnuárið John Mayer og Katy Perry hefur verið að hittast opinberlega síðan í júlí í fyrra og nú eru slúðurmiðlar vestanhafs farnir að spá þarinn trúlofun. Mayer eyddi jólinum með fjölskyldu Perry og samkvæmt heimildum slúðurblaðsins Star á söngvarinn að hafa dregið föður hennar til hliðar og beðið um hönd Perry. Blaðið segir að Mayer sé að leita að hinum fullkomna trúlofunarhring þessa dagana.

Bæði hafa Perry og Mayer gengið í gegnum ýmislegt í ástarlífinu. Hann hefur meðal annars verið í sambandi við Jennifer Aniston og hún skildi við sprelligossann Russell Brand í fyrra.



ÓSKAR LOGI ÁGÚSTSSON Söngvari og gítarleikari The Vintage Caravan er ánægður með Led Zeppelin IV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heillaðist af Led Zeppelin IV átta ára

Platan sem breytti lífi Óskars Loga Ágústssonar úr The Vintage Caravan er Led Zeppelin IV.

Platan sem breytti lífi Óskars Loga Ágústssonar, söngvara og gítarleikara The Vintage Caravan, er Led Zeppelin IV með Led Zeppelin frá árinu 1971. „Ég hlustaði á hana þegar ég var átta ára. Ég held að bróðir minn hafi skellt henni á fóninn. Þarna er hvert meistarastykkið á fætur öðru,“ segir Óskar Logi. „Þetta var akkúrat það sem ég vildi hlusta á og þurfti. Ég fann mína leið í rauninni.“ Með plötunni komst hann á bragðið varðandi rokktonlist árinu 1970 og hefur hlustað mikið á hana allar götur síðan. The Vintage Caravan, sem gaf út sína aðra plötu í fyrra, er einmitt undir

miklum áhrifum frá slíkri tónlist. Spurður hvað sé svona gott við IV tínir Óskar Logi ýmislegt til. „Það er ógeðslega gott sánd á henni, þetta er vel saminn músík og hún er snilldarlega tekin upp af Jimmy Page. Þetta er algjört meistarastykki,“ fullyrðir hann. „Ein skýrasta minningin sem ég á sem krakki er þegar ég hlustaði fyrst á fyrsta lagið á plötunni, Black Dog. Að heyrja gítarriffið í byrjun var algjörlega málið.“ Á meðal fleiri laga á IV eru Stairway To Heaven og Rock and Roll. Platan hefur selst í yfir þrjátíu milljónum eintaka og er af mörgum talin ein besta rokkplata allra tíma. - fb

ÚTSÖLULOK
VERIÐ VELKOMIN Í HOLTAGARÐA OG GERIÐ GÓÐ KAUP UM HELGINA

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT ÚRVAL! FRÁBÆR VERÐ!

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opíð 11-18 virka daga/12-18 um helgar Næg bílastæði á efra plani

APP VIKUNNAR



LAST.FM SCROBBLER

Njóttu tónlistarinnar þinnar betur en nokkru sinni með Scrobbler frá Last.fm. Forritið greinir tónlistina þína samkvæmt skilgreiningum notenda Last.fm og býr til lagalista sem henta hverju tækifæri. Sértu að fara út að hlaupa eða vilt slaka á þá gerir appið rétta blöndu úr þinni eigin tónlist. Ekki nóg með að forritið sé finn spilarinn heldur skráir Last.fm-vefurinn alla hlustun þína. Þannig getur þú séð nákvæmlega hvað þú hlustar mest á, fengið staðfestingu á hver þín uppáhaldslög eru og fundið aðra notendur vefsins með sama tónlistarsmekk.

Skýringar:

- App fyrir Apple-tæki
- App fyrir Android-tæki
- App fyrir Windows

FRAMKOMU- OG FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

ÁTTA VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 29. OG 31. JANÚAR

SJÁLFSSTYRKING - FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR - **INNÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF** - FÖRÐUN - **UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS** - MYNDATAKA - **TÍSKYÝNINGARGANGA** - FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN - **FÍKNEFNAFRÆÐSLA** - LEIKRÆN TJÁNING Í UMSJÓN LEYNILEIKHÚSSINS - **NÆRINGAFRÆÐI**

Umsjónarkennari námskeiðsins er **Unnur Birna Vilhjálmstöttir** lögmaður og fyrrverandi ungfrú heimur, auk fjölmargra gestakennara.

KENNT VERÐUR EINU SINNI Í VIKU, EINN OG HÁLFAN TÍMA Í SENN.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu með mascara og eyeliner frá **Maybelline**, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórrí tiskusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tiskusýningu.

Verð kr. 20.000

SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 533-4646 EÐA Á ESKIMO@ESKIMO.IS www.eskimo.is fb: Eskimo Models, Eskimo Casting

eskimo MAYBELLINE



Flakkaði á milli heimsálfa í leit að rétta dansherranum

Dansarinn Telma Rut Sigurðardóttir hafði flakkað milli heimsálfa í leit að dansherra síðan hún var 16 ára. Hún fann loks sinn fullkomna dansherra á Spáni.

„Ég held að ég hafi aldrei passað svona vel saman við neinn dansherra áður,“ segir dansarinn Telma Rut Sigurðardóttir sem ætlar að freista gæfunnar á alþjóðlegu dansíþróttamóti í Laugardalshöll um helgina ásamt dansherra sínum, Javier Fernandez.

Það verður líf og fjör í Laugardalshöll um helgina þar sem bæði Íslandsmeistaramót í dansi og alþjóðlega keppnin WDSF RIG 2013 fara fram. 530 keppendur eða 265 pör eru skráð til leiks og því mikið um dýrðir.

Fjórar íslenskar stúlkur dansa við erlenda dansherra í fullorðinsflokki í ár en greinileg vöntun er á íslenskum strákum í þessum flokki. Telma Rut þekkir það af eigin raun þar sem hún þurfti 16 ára gömul að leita út fyrir landsteinana að dansherra. Hún prufaði sænskan, nýsjálenskan og franskans dansherra áður en hún loks kynntist hinum spænska Javier.

„Margir íslenskir strákar hætta að dansa þegar þeir eru á milli 16 og 17 ára gamlir. Ég held að það þyki einfaldlega ekki nógu svalt að vera strákur í dansi á þeim aldri og að það sé aðalástæðan fyrir að fáir íslenskir strákar skila sér upp í atvinnudansaraflokkinn, því miður,“ segir Telma Rut sem bætir við að það sé ákveðið hark og álag að vera dansari og það krefjist bæði mikils áhuga og aga.

Telma Rut og Javier hafa nú dansað saman síðan í ágúst í fyrra. Þau tóku þátt í sjónvarpsþættinum Dans dans dans og smell-



SMELLPASSA SAMAN Telma Rut Sigurðardóttir og Javier Fernandez ætla að spæna upp dansgólfið í Laugardalshöll um helgina en þau hafa dansað saman síðan í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

passa saman að sögn Telmu. Oft halda margir að danspör séu í ástarsambandi en svo er ekki raunin með Telmu og Javier. „Við erum eins og systkini en mér finnst að maður ætti að halda þessu tvennu aðskildu. Hann elskar Ísland og

vinnur við að kenna í Dansskóla Reykjavíkur. Svo býr hann heima hjá mér og er orðinn partur af fjölskyldunni,“ segir Telma Rut og fullyrðir að parið sé spennt að láta ljós sitt skína um helgina.

alfrun@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ 12

